

FRJÁLS VERSLUN

GÓÐRA MANNA RÁÐ

Pekkt athafnafólk segir frá BESTU RÁÐUNUM sem það hefur fengið í viðskiptum.



„Þökkum fyrir okkur“

Samræmt hlarku árangursgræni eru viðskiptavinir Ols árangursu viðskiptasáttmál í fólki samfélagsvænna. Þetta er okkur mál í hvatning og maunum við haldum áttam að bjóða góða þjónustu og samráðsáttmál væri.


ÍSLENSKA
ARVÖGULYFOGNA



ÞÓ FRAMMÍ

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn




Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn




Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn




Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinir!

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn




Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn




Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn



Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Áæðgðustu viðskiptavinurinn

Sjötta árið í röð viljum við þakka viðskiptavinum okkar trausti! Samkvæmt mælingum á áæðgju viðskiptavina eru viðskiptavinir Sparisjóðsins þeir áæðgðustu í öllu bankakerfinu*. Persónuleg þjónusta er okkar aðalmerki og stuðlar að áæðgjulegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini.



SPARISJÓÐURINN
- fyrir þig og þína

Grand
öryggi

Grand
gæði

Grand
styrkleiki

Grand Vitara Limited er glöðlegur lífi
Hættu þessu. Til viðbætur við ríða-
legu stöðuváka Grand Vitara, er
Limited útgáfan með gæmni og
sérstökum í sér, "Lýðni"
áhrifa, vindaflú og innvið, þessu
er í samræmi og tryggir þessu
þessu og þessu.



Grand Vitara Limited

Verð:
Bílskiptur kr
2.640.000
27.549
6 mánaði*

Skilríki kr
2.790.000
28.208
6 mánaði*



Komdu í reynsluakstur, þú verður ekki fyrir
vonbrigðum og verðið það hefur aldrei verið
hagstæðara.

 **SUZUKI**

SUZUKI ÍSLAND HF
Ólafurhlí 17, Sími 895 81 00
www.suzuki.is

*Íslendingar geta tekið þessu til gættu og skráð þessu í 6 mánaði
með skilríki kr. / 2000 á mánaði.



46 - Nærmynd:

Alfreð Þorsteinsson



38 - Forstjóri Icepharma:

Guðný Ýr Gunnarsdóttir

56 - Gosdrykkjamaðurinn:

**Nýir forstjórar
erkifjendanna**



14 - Forsíðugrein:

BESTA RÁÐIÐ



- 1 Forsíða:** Magnús Valur Pálsson hannaði forsíðuna. Myndirnar tók Geir Ólafsson.
- 6 Leiðari:** Sala Símans.
- 8 Fréttir**
- 14 Forsíðugrein:** Besta ráðið sem þú hefur fengið í viðskiptum.
- 28 Dagbókin:** Fréttir liðinna vikna.
- 38 Guðný Ýr Gunnarsdóttir:** Framkvæmdastjóri Icepharma.
- 42 Eggert B. Guðmundsson:** Nýr forstjóri HB-Granda.

FRJÁLS VERSLUN

Stofnuð 1939

Sérít um viðskipta-, efnahags- og atvinnumál – 67. ár

ÚTGEFANDI:

Heimur hf.

RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG AFGREIÐSLA:

Borgartúni 23, 105 Reykjavík, sími: 512 7575, fax: 561 8646,

netfang: fv@heimur.is

ÁSKRIFTARVERÐ:

kr 8.370 á ári, 10% afsláttur ef greitt er með kreditkorti.

LAUSASÖLUVERÐ:

899 kr.

DREIFING:

Heimur hf., sími 512 7575

PRENTVINNSLA:

Gutenberg hf.

LJÓSMYNDIR:

© Heimur hf. – Öll réttindi áskilin varðandi efni og myndir

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR: Jón G. Hauksson



AUGLÝSINGASTJÓRI:

Sjöfn Sigurgeirsdóttir



LJÓSMYNDARI:

Geir Ólafsson



ÚTLITSHÖNNUN:

Magnús Valur Pálsson

ISSN 1017-3544



48 - Yfirvinna vegna Netsins:

Ertu í vinnunni heima á kvöldin?



38 - Stjórnunarnámskeið:

Gerðu árangurinn sýnilegan



69 - Sérblað:

FARSÍMAR

46 **Nærmynd:**

Alfred Þorsteinsson í Nærmynd.

48 **Alltaf í vinnunni:**

Kvaðimar sem fylgja því að hafa heimanettengingu frá vinnunni.

54 **Gerðu árangurinn sýnilegan:**

Hildur Elín Vignir hjá IMG skrifar um stjórnunarnámskeið.

56 **Erkifjendur skipta um forstjóra:**

Nýir forstjórar Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar og Vífilfells.

60 **Auðjöfrar Bretlands:**

Sigrún Davíðsdóttir skoðar auðkýfingalista Sunday Times.

66 **Á góðu flugi:**

Rætt við Árna Gunnarsson, framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands.

69 **Farsímar:**

Sérblað Frjálsrar verslunar um nýjungar á farsímasviðinu.

82 **Kvikmyndir:**

Hilmar Karlsson skrifar um nýjar kvikmyndir.

84 **Úr einu í annað:**

Svava Jónsdóttir skrifar.

88 **Fólk:**

Halldór Harðarson, markaðs-
stjóri Icelandair á Norðurlöndum.

89 **Fólk:**

Sigurður Ómar Sigurðsson,
hótelstjóri á Hótel Centrum
Reykjavík.

90 **Fólk:**

Halla Guðrún Mixa,
hjá Mixa hönnun og auglýsingum.



RITSTJÓRNARGREIN

LAMBASEL OG LANDSSÍMINN

Er „almenningur“ 30 manns?

TÍSKUORÐ OG TUGGUR skjóta alltaf upp kollinum. Nýjasta tískuorðið er „almenningur“. En hvað er almenningur? Er hann 30 manns sem sækja um lóðir í Lambaseli eða 8 þúsund sparifjár-eigendur sem vilja fá að kaupa bréf í Símanum? Eða er hann 290 þúsund Íslendingar?

EN NÚNA ER kominn upp alvarlegur taugatitringur hjá „þjóðarsálinni“. Hann snýst um að „almenningur“ fái ekki að vera með í gróðanum og spillingunni í viðskiptalífínu – heldur bara einhverjir déskotans kaupahéðnar sem eru vinir „þjóðarræningjanna“, þeirra Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra – svo vísað sé í margfræga skoðun fréttastjóra viðskiptafrétta Morgunblaðsins – en þeir ku færa kaupahéðnunum þýfi á gljáfægðu silfurfati úr hverju „þjóðarráninu“ af öðru. Það sem meira er, „almenningur“ hefur ekki bara kokgleypt við þessari skoðun heldur endurómar hún viðhorf „þjóðarinnar“ að mati sérfræðinga í þjóðarsálinni. Ergó: „Þjóðin“ vill fá að vera með í að stela þjóðareignum.

SÁ SEM KAUPIR þýfi heitir víst á lagamáli þjófsnautur (skv. orðabók; sá sem hagnýtir þýfi annarra, hylmari). Þá vitum við hvað við eigum að kalla kaupahéðnana héðan í frá. Þýfi er ekki bara selt í smáauglýsingum eða skuggahverfum. Það er til nefnd á vegum ríkisins, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, sem auglýsir þýfi reglulega til sölu en afhendir það víst „réttu mönnum“ á gjafverði fyrir framan nefið á „þjóðinni“ – sem þar með hylmir yfir glæpnum og er orðin að þjófsnauti.

NÝLEGA LEYFÐI REYKJAVÍKURBORG „almenningi“ að fá að græða líka. Hún auglýsti 30 lóðir í Lambaseli til sölu. Borgin vildi hins vegar ekki hafa þetta einfaldan uppboðsmarkað, þ.e. að leyfa öllum að bjóða og selja hæstbjóðanda. Nei, nú skyldi „almenningur“ fá að kaupa lóðirnar á gjafverði, færðar á silfurfati. Er „almenningur“ 30 manns? Alls bárust 5.658 umsóknir um þessar 30 lóðir í Lambaseli. Ástæðan var einföld, þær voru á slíku undirverði að það greip um sig gullæði. Síðan var skundað til sýslumannsins í Reykjavík og nöfn 30 umsækjenda dregin upp úr kökuboxi. Allir virtust ánægðir því leiðindum og duttlungum markaðarins hafði verið hafnað og „almenningur“, 30 manns, fékk lóðirnar á gjafverði. Fínt! Lóðirnar komust þá ekki í hendur einhverra braskara – sem hefðu viljað borga miklu meira fyrir lóðirnar, borgarþúum og féhirði borgarsjóðs til mikillar ánægju.

ÞÁ ER ÞAÐ SÍMINN og nýja spútnikfyrirtækið Almenningur ehf., sem telur núna um 8 til 10 þúsund manns – verðandi hluthafa. Sumir hafa skráð sig fyrir 100 þúsund krónum, aðrir fyrir 1 milljón, einhverjir

fyrir 10 milljónum og eflaust þó nokkrir fyrir meira en 20 milljónum. Allt gengur út á að fá að vera með í gróðanum þótt enginn viti ennþá hvert verðið á Símanum verður. Forráðamenn Almennings ehf. telja 60 til 70 milljarða vera útsöluþrú og treysta á að góðir kaupahéðnar verði með þeim í kaupunum og hefji stórkostlega útrás og kaupi hvert símafyrirtækið af öðru í útlöndinu, svo allir geti talað við alla, grætt á ták og fingri, og bréfin „verði að minnsta kosti á þreföldu“ verði eftir tvö og hálf ár. Þetta heitir víst að tala bréfin upp. Hvenær geta 8 þúsund manns hjá 290 þúsund manna þjóð talist „almenningur“? Það er auðvitað hið besta mál að hlutfélagið Almenningur ehf. sé stofnað, hér

ríkir félagafrelsi og það er bara ánægjulegt ef félagið verður svo fjársterkt að geta boðið og hreppt 10% hlut eða 45% hlut í Símanum.

ÉG HEF SAGT það áður að ég vilji láta selja Símann til hæstbjóðanda, ef markmiðið er að ríkissjóður fái hæsta verðið. Ég vil hins vegar að hlutabréfin í Símanum verði send heim í pósti til hvers einasta Íslendinga, ef markmiðið er að „láta stjórnvöld ekki ræna okkur eina ferðina enn... svo við náum eigin eign í okkar hendur“.

ÉG ER SAMT mjög hrifinn af þriðju leiðinni, sem Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri

Heims og útgefandi Frjálsrar verslunar, skrifaði um og benti á í Vísbendingu 22. apríl sl. Þar sagði hann: „Útboðið yrði þannig að t.d. helmingur yrði seldur hæstbjóðanda og almenningur fengi svo að kaupa það sem eftir væri á sama verði. Þá getur fólk ákveðið hvort það treystir þeim sem verða leiðandi í fyrirtækinu og telur fyrirtækið vænlegan kost á því verði sem boðið var. Ef ekki selst með þessu móti þá mætti skylda kjölfestufjórðungi til þess að kaupa það sem eftir væri á sama verði og hann bauð upprunalega. Með þessu móti tryggir ríkið bæði sanngirni frá sjónarhóli almennings og það að gott verð fáiast (svo fremi sem einhver vill fyrirtækið). Þeir einstaklingar sem taka þátt í útboðinu eru jafnsettir stórlöxunum varðandi áhættu af hagnaði og tapi á hlutabréfunum.“

HVERS VEGNA EKKI að fara þessa leið? Hún er skynsöm og það er auðvelt að koma henni við gagnvart hinum stóra hópi einstaklinga sem hefur áhuga á hlutabréfaviðskiptum. Það er svo annað mál að dreifð eignaraðild er mjög fljót að þjappast saman ef áhugi er á því. En vonandi fer alls ekki af stað umræða um að breyta þurfi söluferlinu því það „teljist afar óeðlilegt“ ef Almenningur ehf. fær ekki einhvern skammt af bréfum í Símanum svona fram hjá útboðinu. Þá erum við komin með kökuboxahagfræðina uppi í Lambaseli.

Jón G. Hauksson

VILTU AUKA HAGNAÐINN?



Kjörntu þér kost þess að leiða svinnuháttum framur en að binda peninga í stöðu á kostnað nýsköpunar og umbóta.

Ef þú vilt auka hagnað, styrkja fjárhagsstöðuna eða heikna eignafjárlutabíll, þá getur EIK Fasteignafélag hf. Mikið hjár.

EIK // Ólafurhólmurstræt 22 // 106 Reykjavík // 660 2250

EIK

FASTEIGNAFÉLAG

SVO FYRITÆKIN KLÓMSTVI



Halldór klippti á borðann

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra klippir hér á borðann í höfuðstöðvum Avion Group. Með Halldóri á myndinni er Hafþór Hafsteinnsson, forstjóri Avion Group, og Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins (til hægri).

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra opnaði formlega nýjar höfuðstöðvar Avion Group við Hlíðarsmára 3 í Kópavogi. Við opnunina voru m.a. þau Gunnar Birgisson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, og Hansína Á. Björgvinsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi. Öll starfsemi flugfélagsins Air Atlanta Icelandic, dótturfélags Avion Group, er sömuleiðis flutt í nýja húsnæðið. Um 220 manns starfa í hinum nýju höfuðstöðvum. [F](#)



Sigurður Helgason, fráfarandi forstjóri Flugleiða, og Arngrímur Jóhannsson, stofnandi Atlanta.



Bræðurnir Einar Benediktsson, forstjóri Olís, og Ómar Benediktsson, forstjóri Air Atlanta Icelandic, dótturfélags Avion Group. FV-myndir: Geir Ólafsson.



Sumaropnun 11-22 alla daga

RESTAURANT

Jómfrúin

DANISH
OPEN SANDWICHES

Lækjargötu 4 sími: 55 10 100 fax: 55 100 35



Fundir - Mötukur - Veisluþjónusta



Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri ásamt maka sínum, Ólafi Haraldssyni, hönnuðu hjá auglýsingastofunni NM. Þau giftu sig 1992 og eiga fimm ára dóttur, Krístrúnu Völu. Hnátan sú er hér (t.h.) með frænku sinni Aðalheiði Ósk Pétursdóttur (Óskarssonar bróður Steinunnar).



Brosmildir menn. Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, og Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi R-listans.


Afmæli borgarstjóra

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri varð fertug hinn 7. apríl sl. Hún hélt upp á afmæli sitt í Listasafni Reykjavíkur að viðstöddu miklu fjölmenni. Á meðal gesta var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Eitt af skemmtiatriðunum var þegar Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, stýrði söng Röskvu-kórsins. Bjarni var oddviti Vöku í Háskólanum á sínum tíma þegar Steinunn Valdís var oddviti Röskvu. [FV](#)



Gamli Röskvu-kórinn tók lagið undir stjórn pólitísku andstæðings, Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka. Steinunn Valdís var á árum áður oddviti Röskvu í Háskólanum eða á sama tíma og Bjarni var oddviti Vöku. **FV-mynd: Geir Ólafsson.**

Oddi opnar í Borgartúni

Prentsmiðjan Oddi hefur opnað nýja skrifstofuverslun í Borgartúni 29. Verslunin er á 600 fermetra gólfleti og er hún ein stærsta skrifstofuvöruverslun landsins. Um er að ræða alhliða verslun sem selur allt til skrifstofunnar, eins og húsgögn, tæknivörur og pappírsvörur. Stefán Már Óskarsson er verslunarstjóri. Á auglýsingaskilti Odda við Borgartún er tilvitnun í Ian Schrager, bandarískan athafnamann: „Fólk sem nær að skara framúr er einfaldlega fólk sem langar meira til þess en aðra.“ 



Porgeir Baldursson, forstjóri Odda, og Þorvaldur Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi.



Pór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs, og Pórir Hrafnsson, ráðgjafi hjá Odda.



Húsnæði Odda í Borgartúni. Á auglýsingaskiltinu er þessi tilvitnun: „Fólk, sem nær að skara framúr, er einfaldlega fólk sem langar meira til þess en aðra.“ - Ian Schrager, (f. 1948) bandarískur athafnamaður. FV-myndir: Geir Ólafsson.



Hámarkaðu nýtingu
rýmisins með skápum
frá **RÝMI** ehf.



Rými ehf. • Háteigsvegi 7 • 105 Reykjavík • Sími: 511 1100



Porsche Cayenne, til bólinn hafi með iofullari löggu, iofullri innviðlagu, rakstjórnun og öðrum. www.porsche.is

3,2 lítrar. 250 hestðfl.

8,1 sekúnda 0 - 100km/klst.

Langri tíma þerftu ekki til að prófa hann.

Aldrei betra verð kr. 5.990.000,-* .



PORSCHE

Benita

**Óskilð Eyrna • Vagnabíla 20
Skjal 000 2000 • www.benita.is**

*Verð á milli gengi og gætur tengd frá Öskilnaði.



Yfir 550 manns mættu á Hallarmúlahátíðina til að skoða það nýjasta og besta sem Penninn hefur upp á að bjóða. FV-myndir: Geir Ólafsson.



Guðni Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Pennans, ávarpar gesti.

Hallarmúlahátíðin

Penninn var með sína árlegu Hallarmúlahátíð á dögnum þar sem stærstu viðskiptavinir fyrirtækisins sem og velunnarar þess mættu til að fagna með Pennamönnum. Á hátíðinni var kynnt allt það nýjasta og besta sem Penninn hefur upp á að bjóða fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Um 550 manns mættu á hátíðina sem fram fór að Hallarmúla 2 og 4. [\[1\]](#)

Frjáls í fjölskylduferðum með AVIS í útlöndum



AVIS bílar í 170 löndum og 5000 stöðum um víða veröld

Kynntu þér AVIS tilboðin á fjölskyldubílaalegubílum, stórum eða litlum áður en þú ferð í sólarlandsferðina með alla fjölskylduna. Pantaðu AVIS bílinn sjálfur á netinu www.avis.is og sjáðu kostnaðinn strax. Þú getur líka pantað bíl með einu símtal í síma 591 4000.

AVIS Kepparvog 2 • 104 Reykjavík • sími 591 4000

AVIS
Við gerum betur



Árni Tómasson endurskoðandi og Kristín Rafnar, Landsbankanum.

Heimir fimmtugur

Einn kunnasti endurskoðandi landsins, Heimir Haraldsson, varð fimmtugur 22. apríl sl. Hann hélt upp á tímamótin með glæsilegri veislu í golfskála Golfklúbbs Reykjavíkur í Grafarholti. Haft var á orði að nánast allir endurskoðendur landsins væru mættir í veisluna. Heimir er vel liðtækur golfspilari og situr í stjórn Gólf Sambands Íslands. Hann var sæmdur silfurmerki GSí við þetta tækifæri. [F](#)



Hjónin Heimir Haraldsson og Hrönn Hilmarsdóttir (til hægri á myndinni), taka hér á móti þeim Hrund Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóra Lyfja og heilsu, og Karli Wernerssyni, stjórnarformanni Lyfja og heilsu. FV-myndir: Geir Ólafsson.



Einkabankþjónusta | Private Banking

Fjármögnun fasteigna erlendis

Bretland | Spánn | Florida

Í samstarfi við dótturfélag Landsbankans, Heritable Bank í London, bjóðum við viðskiptavinum okkar beinan aðgang að breskum fasteignamarkaði. Auk þess bjóðum við almenna fjármála- og skatta ráðgjöf vegna kaupa á fasteignum á Spáni og Florida og á öðrum vinsælum áfangastöðum Íslendinga.

Einkabankþjónusta Landsbankans veitir mánaði upplýsingar í síma 410 7140 auk þess sem ítarlegar upplýsingar eru að finna á landsbanki.is

FRÉTTIR 13. APRÍL 2005

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

BESTA SEM ÞÚ HEFUR FENGIÐ

Góðra manna ráð eru gulli betri í viðskiptum. Frjáls verslun ræðir hér við þekkt athafnafólk um bestu ráðin sem það hefur fengið í viðskiptum. Þetta er skemmtilegt efni og það kemur á daginn að húsráðin í heimi viðskiptanna eru mörg og snerta hið smá sem stóra.


TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Góðra manna ráð eru vinsælt efni í erlendum viðskiptatímaritum. Nýlega var Fortune með yfirgripsmikla úttekt á „besta ráðinu sem þú hefur nokkurn tíma fengið“. (21. mars sl.) Þar voru margir þekktir viðskiptajöfrar spurðir út í þetta. **Warren Buffett**, hinn kunní fjárfestir, segir þetta: „Munið að þið hafið ekki rétt fyrir ykkur vegna þess að aðrir kikka kolla og samþykkja það sem þið segið, heldur vegna þess að þið hafið rétt fyrir ykkur.“ Með öðrum orðum: Menn þurfa að treysta á sjálfa sig. Hver er sinnar gæfu smiður. **Richard Branson**, breski auðkýfingurinn sem er forstjóri Virgin, kemur með þetta ráð: „Takið ykkur ekki of alvarlega. Gerið grín að ykkur sjálfum. Öðru vísi lifið þið þetta ekki af.“ Branson er mjög áberandi andlit fyrirtækisins sín og segir að ef hann hefði ekki notað sjálfan sig í að

kynna Virgin með alls kyns uppátæki þá hefði fyrirtækið ekki haft það af. **Jack Welch**, fyrrum forstjóri General Electric, segir: „Vertu alltaf þú sjálfur.“ **Sumner Redstone**, stjórnarformaður Viacom, segir: „Fylgdu þínu eigin innsæi, en ekki fólks sem er mjög ólíkt þér og sér hlutina á allt annan hátt.“ **Sallie Krwcheck**, hjá Citigroup segir: „Ekki hlusta á neikvætt fólk.“ **Meg Whitman**, stjórnarformaður eBay segir: „Mamma sagði mér að vera sjálfstæð og að hafa aldrei áhyggjur af því hvað aðrir segðu.“ Whitman segir sömuleiðis: „Vertu góður og þægilegur og gerðu alltaf þitt besta – og hafðu þetta alltaf á bak við eyrað.“ **Vivek Paul**, forstjóri Wipro Technologies, segir: „Láttu ekki væntingar fortíðarinnar halda aftur af þér og trufla þig.“ **Dick Parsons**, forstjóri Time Warner: „Þegar þú ert að semja við einhvern, skildu þá eitthvað eftir á borðinu.“

RÁÐIÐ



SIGURÐUR HELGASON

Stjórnað án leyndarmála

„Ég fann best þegar ég var í háskólanámi, fyrst á Íslandi og síðar í Bandaríkjunum, hvað fólk hér heima og vestra er gjörólíkt. Samanburðurinn er eins og svart og hvítt. Íslendingar eru frekar lokaðir en Bandaríkjamenn opnir. Konan mín, Peggy Helgason, sem er bandarísk, ráðlagði mér að vera opinn í mannlegum

„Ráðlagði mér að vera opinn í mannlegum samskiptum.“

samskiptum; slíkt væri lykillinn að góðum árangri í viðskiptum og stjórnun. Að það borgaði sig að leggja sig fram um að kynnst því fólki sem maður ætti samskipti við. Þessi ráð hafa dugað mér vel. Áður, þegar Flugleiðir voru minna fyrir-

tæki, þekkti ég meginþorra starfsmanna með nafni og jafnvel einhver deili á þeim. Íslendingar kunna alltaf að meta slíkt, samanber þann mikla ættfræðihuga sem lifir með þjóðinni. Ég hef líka kostað kapps að kalla sem flesta til við stjórnun fyrirtækisins, vera ekki með nein leyndarmál og að fólk geti alltaf talað við mig um þau mál sem eru í brennidepli. Dymar á skrifstofunni minni standa opnar, sem samstarfsfólk mitt kann vel að meta.“

Sigurður Helgason,
fráfarandi forstjóri
FL-Group.



Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri Kynningar og markaðs.

JÓN HÁKON MAGNÚSSON

Eyðslan éti ekki hagnaðinn

„Ég hef verið svo lánsamur í lífinu að hafa notið þess að eiga góða vini sem hafa lagt mér lífsreglur sem hafa komið sér vel. Það yrði allt of langt að rekja það allt hér en ég skal nefna tvö dæmi. Eitt heilræði sem ég hef ætíð farið eftir er frá vini mínum Björgvini heitnum

„Passaðu þig alltaf á að fara ekki fram af bjargbrúninni.“

Vilmundarsyni, fyrrum bankastjóra Landsbankans, sem sagði eitt sinn þegar fyrirtækið var í tímabundnum rekstrarvanda og hann hafði greitt götu mína: „Jón minn, passaðu þig alltaf á að fara ekki fram af bjargbrúninni.“ Ég hef gætt þess síðan. Eitt sinn spurði ég Þorvald á Hótel Holti, sem

líka er látinn, hvernig hægt væri að reka veitingahús með hagnaði. Hann svaraði: „Að vera ætíð hálfur ofan í ruslatunnunni.“ Mér þótti svarið vont og hváði. Þorvaldur sagði: „Þú verður að passa nýtinguna á hráefninu, annars fer hagnaðurinn á haugana.“ Ég hef ætíð gætt þess að óþarfa eyðsla éti ekki hagnaðinn.“

ERLA VILHJÁLMSDÓTTIR

Komdu hreint fram

„Ég man ekki eftir því að hafa fengið nein ráð frá öðrum í mínum rekstri, önnur en þau að vera heiðarleg og koma hreint fram í öllum samskiptum. Slíkt er gott ráð fyrir alla og það hef ég eindregið lagt mig fram um í mínu starfi sem kaupkona í 35 ár. Áhugi og vinnusemi, ásamt þekkingu á starfinu, skiptir öllu máli til þess að ná árangri í viðskiptum. Ég er svo lánsöm að hlakka nánast alltaf til þess að fara í vinnuna á morgnana og að sjálf-sögðu hlýtur slíkt að skila sér á móti til viðskiptavinanna. Ef þú brosir framan í veröldina færðu bros á móti. Það skiptir líka máli að mæta til vinnu og sýna ákveðna ögun, skilja vandamálin eftir heima og bera ekki allar byrðar heimsins á bakinu. Í starfinu hér í versluninni kemur margt upp í dagsins önn sem þarf að taka á og þá hefur maður á langri reynslu að byggja - sem einhvers staðar segir að sé á stundum dýrmætasti skólinn.“

„Áhugi og vinnusemi, ásamt þekkingu á starfinu, skiptir öllu máli.“



Erla Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Tékk-kristals.

HÖRÐUR SIGURGESTSSON

Vandlátur á viðskiptafélaga

„Það sem situr fastast í mér þegar þessari spurningu er velt upp er eftirfarandi svar: Vertu vandlátur þegar þú velur þér viðskiptafélaga. Þetta ráð fékk ég frá Halldóri H. Jónssyni sem var formaður stjórnar hf. Eimskipafélags Íslands árin 1971 til 1992 og var yfirmaður minn og náninn samstarfsmaður um tólf ára skeið.

Hann var arkitekt að mennt, en hafði næma tilfinningu fyrir samskiptum við fólk og reynslu af viðskiptum.

„Að taka ekki ákvörðun af fyrstu ásýnd og viðmóti.“

Við þurftum á þessum árum að taka afstöðu til margvíslegra hugmynda og viðskipta í stóru og vaxandi fyrirtæki. Í ráðleggingunni felst að þú takir ekki ákvörðun af fyrstu ásýnd og viðmóti, heldur veljir sem viðskiptafélaga og samstarfsmenn þá sem þér líst svo á að þú getir starfað með til lengri tíma, gætir vænst þess að treysta ævinlega og þá líka þegar á móti blæs og áföll verða.

Það verða ekki skrifaðar neinar reglur um hvernig eigi að beita þessu ráði. Ákvörðunin byggist á mati og innra innsæi. Ég hafði margoft tækifæri til þess að fara eftir þessu ráði og gafst það vel.“


Hörður Sigurgestsson, fyrrum forstjóri Eimskipafélags Íslands.

ERLENDUR HJALTASON

Eimskip var besti skólinn

„Þegar ég kom heim úr námi í Danmörku 1984 hóf ég störf hjá Eimskipafélaginu. Á níunda og tíunda áratugunum var Eimskip einhver besti viðskiptaháskólinn hér á landi. Sjá má í atvinnulífínu í dag marga stjórnendur sem gegndu ýmsum trúnaðarstörfum hjá Eimskip á þeim árum, þannig að sá skóli útskrifaði marga hæfa stjórnendur. Þessu starfi stýrði forstjóri félagsins á þeim árum, Hörður Sigurgestsson. Ég held að þau ráð sem almennt hafa gagnast mér best séu að klára þau mál í dag sem hægt er, því þá er hægt að nota morgundaginn til annarra verka. Með því móti kemst hreyfing á hlutina og nýir hlutir gerast. Hraði í ákvarðanatöku er mjög mikilvægur; að ná fram niðurstöðu í málum. „Nei“ er betra svar en „kannski“. Danski útgerðar- maðurinn Mærsk McKinney Möller brýnir fyrir stjórnendum sínum að gera hlutina á réttum tíma með viðeigandi vandvirkni. Ferill þess manns sýnir að þau ráð hafa dugað vel.“

„Klára þau mál í dag sem hægt er, því þá er hægt að nota morgundaginn.“



Erlendur Hjaltason,
forstjóri Meiðs ehf.

KRISTÍN JÓHANNESSDÓTTIR

Tillitssemi og heiðarleiki

„Ég er á þeirri skoðun að sömu lögmál gildi hvort sem við tölum um viðskipti eða lífið sjálft, það er að vera tillitsamur, heiðarlegur í samskiptum við annað fólk og gera það sem maður tekur sér fyrir hendur hverju sinni eins vel og maður getur. Ég hef fengið mörg góð ráð frá föður mínum, Jóhannesi Jónssyni, í sambandi við mitt starf. Gæti nefnt mörg dæmi um hans góðu ráð til mín en mér finnst þátttaka hans í uppbyggingu og árangri Bónusverslananna segja allt sem segja þarf. Þær hafa stórlega bætt lífskjör almennings í landinu – og meira að segja hefur þróunin verið sú að nálægð við Bónus hefur áhrif þegar fólk velur sér stað til búsetu hér á landi.“

„Sömu lögmál gilda hvort sem við tölum um viðskipti eða lífið sjálft.“



Kristín Jóhannesdóttir,
framkvæmdastjóri Gaums.


PÉTUR HAFSTEINN PÁLSSON

Fiskaðu í sama sjónum

„Farðu hægt yfir, bæði til sjós og lands. Fiskaðu í sama sjónum. Haltu þig á þeim miðum sem þú hefur mest verið á og ekki breyta um kúrs í skyndingu. Gerðu hlutina ekki nema að yfirveguðu ráði. Skyndiákvörðanir eru sjaldnast heppilegar. Þetta eru þau heilræði sem ég hef reynt að fylgja í mínum rekstri, nokkuð sem ég lærði af föður mínum Páli H. Pálssyni, stofnanda Vísis hf., og mörgu öðru eldra fólki raunar einnig. Reyndar held ég að við systkinin séum öll á þessari sömu línu en saman komum við að rekstri Vísis hf. Í mínum huga er það ótvíræður kostur þegar fólk hefur svipaða sýn á hlutina og allir ná að ganga í takt. Sjálfur er ég, þó ég stýri fyrirtækinu, sjaldnast í þeirri stöðu að gefa starfsfólki mínu nokkur ráð, en ég hef reynt að leiða krökkunum mínum þetta fyrir sjónir sem hafa fylgt þessum ráðum.“

Pétur Hafsteinn Pálsson,
framkvæmdastjóri
Vísis hf. í Grindavík.

„Skyndiákvörðanir
eru sjaldnast
heppilegar.“





RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR

Enginn er heilagur

„Rauði þráðurinn í starfi mínu sem kennari, skólustjóri og nú síðustu ár sem bæjarstjóri í Mosfellsbæ eru samskipti við fólk. Samskipti sem oftast en ekki byggjast á orðræðunni, að ná sátt um hlutina og að fólk geti komist bærilega af hvert við annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði að kenna, þá ráðlagði mér ágæt vinkona mín, Helga Kristín Möller, sem nú er látin, að ég skyldi hafa í huga að auðveldara væri að biðjast afsökunar en burðast með sektarkennd. Mér hefur reynst þetta heillaráð Helgu Kristínar afskaplega vel. Ég á afar auðvelt með að biðjast afsökunar ef ég tel, eða mér er bent á, að ég hafi ekki sýnt sanngimi eða brotið á einhverjum á einhvern hátt.

„Auðveldara að biðjast afsökunar en burðast með sektarkennd.“

Þá skiptir ekki máli hvort það er í einkalífi eða starfinu. Vitaskuld er allur gangur á því hvernig fólk tekur því þegar beðist er afsökunar, en hvernig svo sem viðmótið verður, þá líður mér sjálfri betur að hafa stigið skrefið og það skiptir mig máli. Í mannlegum samskiptum verður öllum á en hvernig við tökum á því skiptir meginmáli. Enginn er heilagur.“

Ragnheiður Ríkharrðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ.

GUNNAR FELIXSON

Heillaráð að hætta á vorin

„Ég hef ekki á hraðbergi neitt eitt ráð sem mér hefur reynst sérstaklega vel í viðskiptalífinu. Þau eru mörg. Ég get hins vegar nefnt ágætt ráð til manna þegar kemur að starfslokum, nú þegar ég hef nýlega látið af starfi forstjóra TM. Hörður bróðir minn, sem einnig starfaði hjá TM og hætti fyrir sex árum eftir fjörutíu ára starf, hefur á andanförunum misserum verið að hvetja mig til þess að fara að hætta en lét alltaf fylgja: „Hættu að vori.“ Sagði að þá væru bjartir dagar, sumarið framundan og góður tími til að skipta um lífsstíl. Ég fylgdi þessum ráðum Harðar – enda tel ég að sannleikskorn felist í þessu. En vitaskuld er þetta ekki algilt heilræði, hvernig við vinnum úr hlutunum ræðst af hverjum einstaklingi fyrir sig – hver er sinnar gæfu smiður í þessu jafnt sem öðru.“

„Sumarið framundan og góður tími til að skipta um lífsstíl“



Gunnar Felixson,
fv. forstjóri Trygginga-
miðstöðvarinnar.

SVAVA JOHANSEN

Útsjónarsemi og alltaf vakandi

„Ég er svo heppin að hafa alltaf haft ánægju af vinnunni, sem í mörg ár hefur verið mitt helsta áhugamál. Hef líka áhuga á mannlegum samskiptum, þannig að kaupmannsstarfið hentar mér vel. Ég hef heiðarleika að leiðarljósi og kem fram við annað fólk eins og ég vil að komið sé fram gagnvart sjálfri mér. Ber mikla virðingu fyrir mínu samstarfsfólki og vinum og legg mikið upp úr því að gott andrúmsloft sé á vinnustað svo að orkan fari á réttan stað.

Til að ná árangri í rekstri þarf góða heildaryfirsýn, útsjónarsemi og vera alltaf vakandi hvort sem það er yfir nýjum hugmyndum, tækifærum og svo framvegis. Maður þarf að vera með hugann stans-

**„Ráðlagði mér
snemma að
fara ekki út í
viðskipti með
öðrum.“**

laust við vinnuna því góðar hugmyndir spretta upp á ótrúlegustu stundum.

Faðir minn, sem hefur rekið eigið fyrirtæki í yfir 45 ár, ráðlagði mér snemma að fara ekki út í viðskipti með öðrum, nema auðvitað maka. Sagði að annað endaði oftast

illa. Þessu er ég sammála, hvað varðar vinnusamband, öðru máli gegnir í stærri fyrirtækjum þegar einungis er um eignaraðild að ræða.

Hjón geta átt skemmtilegt vinnusamband ef vinnuvið er augljóslega afmarkað. Þá er gaman að vinna í sama liðinu en vera í ólíku hlutverki, svo að ekkert skarist.

Danskur viðskiptavinur minn sagði eitt sinn við mig að viðskipti ættu alltaf að byggjast á að kaupa ódýrt inn, leggja vel á en selja vöruna líka ódýrt út úr búð! Ég er mjög sammála þessu.“



Svava Johansen,
kaupmaður í Sautjón.



Rakel Olsen, stjórnarformaður Sigurðar Ágústssonar.

RAKEL OLSEN

Iðni er dyggð

„Lengi býr að fyrstu gerð, segir máltækið, en í uppvexti mínum var brýnt fyrir mér að vera heiðarleg og hreinskiptin og að iðni væri dyggð. Á unga aldri gekk ég í skátahreyfinguna en þar má finna margar gullnar reglur sem vel duga í leik og starfi, ekki síst viðskiptum.

Innan tíðar á ég 40 ára starfs-afmæli hjá Sigurði Ágústssyni ehf. og þegar ég læt af störfum vildi ég helst að mín yrði minnst fyrir það að hafa náð árangri án þess að olnbogast áfram eða taka þátt í ráðabruggi og umbyltingum, enda tel ég að festa og gott siðferði séu afar mikilvægir þættir í fyrirtækjarekstri á öllum tímum.“

„Hafa náð árangri án þess að olnbogast áfram eða taka þátt í ráðabruggi.“

ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR

Hlustaðu á innsæið

„Stundum er sagt að lausnin á flóknum hlutum sé einföld og ætli það sé ekki bara heilbrigð skynsemi sem hefur dugað mér best í viðskiptum. Ég hef orðað þetta sem svo að mikilvægast af öllu sé að vera í það góðum tengslum við sjálfan sig að maður geti hlustað á innsæið. Fengið einhverja ákveðna tilfinningu, sem segir hvort maður sé á réttri leið. Líður manni vel með hlutina eða ekki, um það snýst spurningin. Þetta er ráð sem móðursystir mín Sonja Guðlaugsdóttir kenndi mér, en þetta var nokkuð sem hún fylgdi alla sína tíð í hverju einu sem hún gerði. Sama hef ég gert, í atvinnurekstri jafnt sem öðru.“

„Heilbrigð skynsemi hefur dugað mér best í viðskiptum.“



Þóra Guðmundsdóttir, fyrrum eigandi Atlanta hf.

Klæðskerasniðnar lausnir

“Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur.”

Arnar Snær Kárason


Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja



LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fæk 540 1505
www.lysing.is



Svafa Grönfeldt, framkvæmdastjóri stjórnarsviðs Actavis Group.

SVAFÁ GRÖNFELDT

Framtíðin veltur á þér

„Framtíðin veltur á mörgu en fyrst og fremst á þér. Þetta var boðskapurinn sem ég fékk beint í æð fyrir svona 18 árum þegar ég var að stíga mín fyrstu spor í stjórnun. Þá vann ég hjá þeim Páli

„Kann betur að meta allt það góða sem á fjörur manns rekur í lífinu.“

Stefánssyni, Sveini R. Eyjólfssyni og Herði Einarssyni á DV. Svona eftir á að hyggja skil ég ekki í þeim félögum að hafa treyst mér fyrir því sem mér var falið, gjörsamlega blautri á bak við eyrun. Þeir sáu eitthvað í mér sem mér sjálfri var hulið en síðan þá hef ég reynt

að tileinka mér þennan hugsunarhátt, sem ég nefndi, í hverju því sem ég tek mér fyrir hendur. Þetta viðhorf þýðir að maður gerir ekki óraunhæfar væntingar til annarra. Getur ekki kennt öðrum um ófari sínar eða væntir þess að hlutirnir falli manni sjálfkrafa í skaut. Því verður maður síður fyrir vonbrigðum ef hlutirnir fara ekki eins og vænst hefur verið. Maður kann betur að meta allt það góða sem á fjörur manns rekur í lífinu.“


BOGI PÁLSSON

Rétti tíminn kemur með ákvörðun


„Agi, virðing og gæði var vegnesti mitt úr foreldrahúsum. Agaðu sjálfan þig til að gera ávallt meiri kröfur til þín sjálfs en til annarra. Slíkt leyfir þér að gera miklar kröfur sem aðrir munu virða. Berðu virðingu fyrir öðru fólki, tíma þess og skoðunum. Þannig byggir þú upp virðingu fyrir því sem þú þarft að biðja um. Passaðu að allt sem þú gerir sé þess eðlis að þú hafir ávallt reynt að gera þitt besta, það verður til þess að þér verður treyst.“

„Agi, virðing og gæði var vegnesti mitt úr foreldrahúsum.“

Bíddu þar til svarið kemur til þín, er annað atriði sem ég hef haft að leiðarljósi. Ég hef átt það til að vilja ljúka hlutum af til að geta snúið mér að næsta verkefni. Hef þess vegna stundum viljað taka ákvörðun aðeins til að geta lokið einhverju máli og byrjað á næsta verkefni. Eiginkona mín, Sólveig Magnúsdóttir, sem er læknir, sagði eitt sinn við mig: „EKKI reyna að taka rétta ákvörðun, þú veist hvað er rétt þegar rétti tíminn kemur til að taka ákvörðunina.“ Hún sagði mér að samtöl hennar við sjúklinga sem stæðu frammi fyrir vandamálum sem virtust óyfir-stíganleg hefðu kennt henni að til er lausn á öllu, þó hún sé ekki alltaf augljós við fyrstu sýn.“



Bogi Pálsson, stjórnarformaður Flögu Group.



Páll Sigurjónsson,
stjórnarformaður Ístaks.

PÁLL SIGURJÓNSSON

Skipulag og heiðarleiki

„Að vera ævinlega heiðarlegur og góður drengur eru þau ráð sem hafa dugað mér best, rétt eins og mér var uppálagt af foreldrum mínum, sr. Sigurjóni Þ. Árnasyni og Þórunni Eyjólfsdóttur Kolbeins. Þetta á við í hverju einu því sem maður tekur sér fyrir hendur. Í rekstri Ístaks hef ég reynt að kappkosta að hafa alla hluti í fullkomnu lagi; fjármálin þurfa að vera traust og skipuleggja þarf verkin vel áður en framkvæmdir hefjast. Rekstur Ístaks hefur ævinlega byggst upp á traustum og hæfum starfsmönnum, sem eru undirstaða félagsins. Þetta skiptir miklu við tilboðsgerð og ekki síður til þess að okkur takist að skila verkunum af okkur á tilsettum tíma og með þeim gæðum sem til er ætlast. Við höfum gefið þeim sem stjórna hverju verkefni um sig nokkuð frjálssar hendur en yfirstjórnin fær síðan reglulega skýrslur um framgang mála. Þetta fyrirkomulag hefur gefið mjög góða raun; að treysta starfsmönnum sínum.“

„Heilbrigð
skynsemi hefur
dugað mér best í
viðskiptum.“



Hörður Sigurgeirsson, forstjóri Eimskips, með framkvæmdastjórum félagsins í desember 1998. Frá vinstri: Porkell Sigurlaugsson, frkvstj. þróunarsviðs, Þórður Magnússon, frkvstj. fjármálasviðs, Friðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri Burðaráss, Hörður, Þórður Sverrisson, frkvstj. flutningasviðs, Hjörleifur Jakobsson, frkvstj. innanlandssviðs og Erlendur Hjaltason, frkvstj. utanlandssviðs.

„Viðskiptaháskóli undir stjórn Harðar“

Hörður Sigurgestsson, forstjóri Eimskips á árunum 1979 til 2000, var ráðagóður að mati þeirra sem unnu með honum hjá Eimskipafélaginu. **Erlendur Hjaltason** segir þetta um félagið undir stjórn Harðar: „Á níunda og tíunda áratugnum var Eimskip einhver besti viðskiptaháskólinn hér á landi.“ Erlendur Hjaltason hóf störf hjá félaginu 1984. Hann var lengi framkvæmdastjóri utanlandssviðs og síðast sem forstjóri um hríð eftir að nýir eigendur komu að félaginu í september 2003. Erlendur er í dag forstjóri Meiðs hf., fjárfestingafélags Bakkavararbræðra.

Nafnarnir **Þórður Sverrisson** og **Þórður Magnússon** voru lengi í forystu hjá Eimskip. Sá fjfirnefndi stýrði flutningasviði frá 1986, uns hann varð forstjóri Nýherja árið 2001. Þórður Magnússon kom til starfa 1980 og var framkvæmdastjóri fjármálasviðs næstu tuttugu árin. Frá 2000 hefur Þórður starfað að ýmsum fjárfestingaverkefnum, nú síðast sem eigandi Eyris, fjárfestingafélags.

Olíufélagið, Línuhönnun og Háskólinn í Reykjavík


Marga aðra má nefna. **Porkell Sigurlaugsson** starfaði lengi hjá Eimskip og stýrði síðast þróunarsviði. Hann er í dag framkvæmdastjóri hjá Háskólanum í Reykjavík og hefur þar stýrt að undanfögnu vinnu við samruna HR og THÍ og staðarvali sameinaðs háskóla. Burðarás, fjárfestingafélag Eimskipafélagsins, var lengst af sérstakt dótturfélag Eimskips. Núna er það sérstakt fjárfestingarfélag sem á í mörgum fyrirtækjum og er meðal annars stærsti hluthafinn í Eimskip ehf. Nú sem fyrr er **Friðrik Jóhannsson** stjórnandi Burðaráss.

Hörður Sigurgestsson, fyrrum forstjóri Eimskips, þótti ráðagóður stjórnandi. Flestir af nánustu samstarfsmönnum hans eru núna í forystu í öðrum fyrirtækjum.

Hjörleifur Jakobsson kemur úr röðum Eimskipafélagsins, starfaði þar 1984 til 1999, síðast sem framkvæmdastjóri rekstrar- og innanlandssviðs. Hann stýrði Hampiðjuni í rúm tvö ár og varð forstjóri Olíufélagsins í byrjun árs 2002. **Guðmundur Þorbjörnsson**, kunnur knattspyrnumaður frá fyrri árum, hóf störf hjá Eimskip 1993 og gegndi þar ýmsum störfum, stýrði flutningasviði og síðast sölu- og markaðssviði. Í dag er hann framkvæmdastjóri verkfræðistofunnar Línuhönnunar hf. Sá eini úr hópi framkvæmdastjóra Eimskipafélagsins úr tíð

Harðar sem enn starfar hjá félaginu, sem deila má um hvort sé sama félagið eftir þær miklu breytingar sem þar hafa orðið, er **Höskuldur H. Ólafsson**, nú aðstoðarforstjóri Eimskips ehf.

Leiðandi fyrirtæki

Viðmælendur blaðsins segja fjölmargar skýringar á því hvers vegna gamlir Eimskipsmenn séu svo áberandi víða í viðskiptalífinu í dag. Fyrst sé til nefna að við forstjóraskipti í félaginu – og í aðdraganda þeirra – hafi margir haft vistaskipti og talið þau tímabær. Breytingar á eignarhaldi félagsins hafi sömuleiðis skapað umrót, nýir eigendur hafi viljað sína menn í stjórnarstöður og þá hafi þeir sem fyrir voru þurft að víkja. Hitt sé aftur annað mál að Eimskip hafi alla tíð verið stórt og öflugt fyrirtæki með starfsemi víða um lönd og verið leiðandi á mörgum sviðum, til að mynda í alþjóðlegum stjórnunarháttum í atvinnurekstri hér á landi. Fyrir vikið hafi fólk frá Eimskip verið eftirsótt til starfa annars staðar, sakir reynslu, menntunar og margra fleiri þátta. 

Landsbankinn fækkar um
100 netþjóna á sex mánuðum

BETRI TÖLVULAUSNIR

IBM netþjónar og VMware auka hagræðingu og sveigjanleika

[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]



[Redacted text block]





1. apríl

Forstjórar svartsýnir frá árinu 2003

Forstjórar stærstu fyrirtækja landsins telja að aðstæður í efnahagslífinu muni versna á næstu 6-12 mánuðum, skv. könnun IMG Gallup, en mikill meirihluti þeirra telur að aðstæður í atvinnulífinu núna séu góðar. Væntingar um framtíðina hafa farið sífellt lækkandi hjá forstjórunum frá september 2003 á meðan mat á núverandi stöðu hefur haldist tiltölulega óbreytt. Forstjórnarnir hafa því í nokkurn tíma búist við versnandi aðstæðum en þær ekki komið fram. Mesta svartsýnin er í sjávarútvegi og ferðaþjónustu þar sem hátt raungengi fer illa með reksturinn.

1. apríl

Óskar ræður „nýja vendi“ til TM

Þær vöktu verulegt umtal mannbreytingarnar hjá Tryggingamiðstöðinni í tengslum við nýtt skipurit sem Óskar Magnússon, nýr forstjóri félagsins, hefur lagt fram. Í því felst að þrír nýir framkvæmdastjórar hefja störf, þeir Björn Víglundsson, Ágúst H. Leósson og Pétur Pétursson. Jafnframt var tilkynnt að þrír á meðal æðstu stjórnenda félagsins myndu hætta, en þeir eru með samtals yfir 100 ára starfsaldur

1. apríl

Öflugur apríl hjá Sigurði Einarssyni

Þennan dag var sagt frá því að stjórn breska bankans Singer & Friedlander í Bretlandi hefði staðfest að hafnar væru viðræður við Kaupþing banka sem gætu leitt til þess að Kaupþing banki legði fram tilboð í allt hlutfé Singer & Friedlander. Kaupþing banki á um 19,5% í Singer & Friedlander og Burðarás á rúm 9% hlut. Þetta reyndist öflugur mánuður hjá Sigurði Einarssyni, starfandi stjórnarformanni Kaupþings banka því 28. apríl var tilkynnt um árangur viðræðnanna; að tilboð hefði verið lagt fram sem stjórn Singer & Friedlander hvetti hluthafa til að taka.

Sigurður Einarsson.



Óskar Magnússon, forstjóri TM.

hjá félaginu. Þetta eru þau Ágúst Ögmundsson aðstoðarforstjóri, Guðmundur Pétursson deildarstjóri og Ástrós Guðmundsdóttir deildarstjóri.

Morgunblaðið sagðist hafa

28. apríl

Tilboð Kaupþings í Singer & Friedlander 65 milljarðar króna

Kaupþing banki tilkynnir þennan dag að hann hafi lagt fram yfirtökutilboð í breska bankann Singer & Friedlander og að stjórn breska bankans mæli með því



Singer & Friedlander bankinn.

við hluthafa að tilboðinu verði tekið. Tilboðið hljóðar upp 316 pens á hlut sem svarar til um það bil 547 milljóna punda fyrir allt hlutféð eða 64,6 milljarða króna.

Hluthafar á hlutaskrá 29. apríl munu jafnframt halda rétti sínum til aðgreiðslu vegna ársins 2004 sem nemur 4,25 pensum á hlut í Singer & Friedlander. Kaupþing banki á fyrir 19,5% hlutfjár í Singer & Friedlander og Burðarás á um 9,4%. Gangi kaupin eftir verður Bretland stærsta markaðssvæði Kaupþings banka ásamt Danmörku og Íslandi.

Singer & Friedlander var stofnaður árið 1907 og sérhæfir sig í almennri bankastarfsemi, fjármögnunarleigu og eignastýringu.

1. apríl

Gunnlaugur ritstjóri Viðskiptablaðsins

Það kom mörgum á óvart þegar tilkynnt var að Gunnlaugur Ármason, blaðamaður Reuters-fréttasamsteypunnar í London, hefði verið ráðinn ritstjóri Viðskiptablaðsins. Ástæðan

var sú að hann var ekki mjög kunnur í faginu hér heima. Hann hafði eigi að síður reynslu í blaðamennsku ytra. Gunnlaugur mun móta ritstjórnarstefnu Viðskiptablaðsins, stjórna fréttáflutningi þess og þróa blaðið samhliða nýrri þjónustu við áskrifendur.

Gunnlaugur hefur frá október 2001 unnið hjá Reuters í London og sérhæft sig í fjármálafréttum. Þá annaðist Gunnlaugur um tíma almennar fréttir, viðskipta- og stjórnmálafréttir frá Íslandi fyrir skrifstofu Reuters í Stokkhólmi. Áður en hann réðist til Reuters sinnti hann blaðamennsku í lausamennsku samhliða námi í Bretlandi, þar á meðal á bresku dagblöðunum The Guardian og The Independent og hjá BBC Radio 4. Þá hefur Gunnlaugur unnið á tímaritum og blöðum í Bandaríkjunum, jafnt sem blaðamaður og ljósmyndari. Gunnlaugur er fæddur árið 1974.



Svefnmarkaðurinn er stór markaður.

5. apríl

Baker með reynslu af „svefnmarkaðnum“

Sagt frá því að Flaga Group hefði ráðið David Baker sem forstjóra Medcare, en Svanbjörn Thoroddsen hætti, sem kunnugt er, sem forstjóri Medcare Flögu fyrr á árinu. Ráðning Bakers kom í kjölfar nýlegra skipulagsbreytinga félagsins þar sem



Festing keypti DeCode húsið í Vatnsmýrinni á 3,4 milljarða kr.

rekstrinum var m.a. skipt upp í tvær einingar, Medcare og Sleepthech. Medcare sérhæfir sig í tækjum og búnaði til svefnmælinga og Sleptech rekur svefnmælingarstofur í New York og nærsveitum. David Baker var um tíma forstjóri Sandman og aðstoðarforstjóri Phoenix Sleep, sem rekur svefnmælingarstofur í Bandaríkjunum. Hann hefur því nokkra reynslu af svefnmarkaðnum.

6. apríl.

Rauf 4 þúsund stiga múrinn

Við erum ekki að ræða um nýju Airbus vélina heldur úrvalsvísitöluna. Þetta var sögulegur dagur í Kauphöll Íslands. Úrvalsvísitalan rauf í fyrsta sinn 4.000 stiga múrinn og endaði í 4.016 stigum. Síðan hefur hún lyft sér yfir 4.100 stigin.

7. apríl

Festing kaupir DeCode húsið

Hið umtalaða félag Festing, sem er fasteignafélag, sem m.a. á og rekur fasteignir Olíufélagsins og Samskipa, og er að stærstum huta í eigu Kers, keypti þennan

dag hið glæsilega hús Íslenskrar erfðagreiningar í Vatnsmýrinni í Reykjavík fyrir 3,4 milljarða króna. Ekki eru þó Kári og félagar að flytja úr húsinu því DeCode gerði samhliða sölunni samning við Festingu um leigu á húsnæðinu til 15 ára og verða greiddar 21,4 milljónir króna í leigu á mánuði. Íslensk erfðagreining mun nota féð sem losnar við söluna til að greiða upp um 36 milljóna dala langtímalán sem hvíla á húsinu og 4,5 milljóna dala skammtímalán. Afgangurinn, um 14,5 milljónir dala, verður notaður til lyfjaþróunarverkefna.

8. apríl

Lögbann sett á hlutabréf í Festingu

Enn um Festingu og átökin þar – sem voru mál málanna í fjölmöldum í síðasta mánuði. Sýslumaðurinn í Reykjavík samþykkti þennan dag beiðni Kers og fleiri hluthafa í Festingu (um 80% eigenda félagsins) um að setja lögbann við því að Angus hagnýtti sér þann rétt sem fylgdi hlutafjäreign félagsins í Festingu. En átökin í Festingu ganga út á að stjórn Festingar samþykkti 18. mars hlutafjárukningu og

að allt hlutaféð yrði selt Angus, nýstofnuðu félagi í eigu Jóhanns Halldórssonar, framkvæmdastjóra Festingar. Með hlutafjáraukningunni næðu félögt tengd Sundi, Nordic Partners og Angus um 53% eignarhlut í Festingu og þar með yfirráðum í félaginu.

Jafnframt var lagt lögbann við því að Angus ehf. gæti selt hluti sína til þriðja aðila. Þess má geta að Sigurður G. Guðjónsson lögmaður Jóns Kristjánssonar í Sundi var þess fullviss í síðasta mánuði að sýslumaðurinn myndi hafna kröfunni. Kristján Loftsson, formaður stjórnar Kers, fagnaði hins vegar niðurstöðunni og sagði hana áfangasigur. Næsta skref yrði að höfða mál til ógildingar á hlutafjáraukningunni í Festingu.



Kristján Loftsson.

8. apríl

Sterkt hagkerfi heldur verði hlutabréfa uppi

Greiningardeild Kaupþings banka gaf út þá yfirlýsingu þennan dag að hún teldi að verð hlutabréfa gefi ekki eftir í bráð. Rökin voru

þau að sterkt hagkerfi héldi áfram að styðja við markaðinn og að fjárfestar myndu halda áfram að fjárfesta í hlutabréfum á næstunni. Kaupþing banki sagði þó að ef til lækkunar kæmi, gæti hún gerst hratt og því varaði bankinn eindregið við skuldsettum kaupum á hlutabréfum.


8. apríl

Almar tekur við af Sigurði

Almar Guðmundsson, hagfræðingur og fyrrum forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, er á leið til bankans aftur og tekur við af Sigurði B. Stefánssyni sem framkvæmdastjóri Eignastýringar bankans. Almar lýkur MBA námi frá London Business School í júní nk. Sigurður B. Stefánsson verður sjóðstjóri í nýjum sjóði, Reykjavík Global Hedge Fund, sem hleypt verður af stokkunum í maí. Sjóðurinn mun ávaxta eignir sínar að hluta innanlands og að hluta erlendis, einkum í Bandaríkjunum. Sigurður B. mun gegna stöðu framkvæmdastjóra Eignastýringar til 1. september. Sigurður hefur starfað hjá Íslandsbanka og forverum hans frá árinu 1986 er hann réðst sem framkvæmdastjóri til VíB hf. við stofnun þess.



Sigurður B. Stefánsson.



Hannes Smárason, starfandi stjórnarformaður FL Group. Hann lætur ekki deigan síga í flugvélakaupum.

11. apríl

Kaupa fimm nýjar Boeing 737-800 flugvélar til viðbótar

Það er ekkert lát á kaupum FL Group á nýjum Boeing þotum. Þennan dag samþykkti stjórn félagsins að undirrita nýjan samning við Boeing verksmiðjurnar um kaup á 5 Boeing 737-800 flugvélum til viðbótar við þær 10 sem félagið samdi um um í febrúar. Heildarverðmæti þessara flugvéla er um 20 milljarðar króna. Vélar verða afhentar á árinu 2007.

12. apríl

Eignin vex

Í lok febrúar síðastliðnum nam hrein eign íslenskra lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris 1.008 milljörðum, samkvæmt tölum úr efna-

hagsyfirliti Seðlabanka Íslands. Hrein eign lífeyrissjóðanna hefur aukist um 152 milljarða kr. á síðustu tólf mánuðum eða um 18%.



Jón Ásgeir Jóhannesson.

13. apríl

Jón Ásgeir ætlar sér Somerfield

Það fer ekki á milli mála að Jón Ásgeir Jóhannesson ætlar sér yfirtöku á breska félaginu Somerfield. Baugur lenti í keppni

um fyrirtækið við aðra fjárfesta, en gekk skyndilega til liðs við keppnauta sína, írönsku bræðurna, Robert og Vicent Tchenguiz, og Barclays Capital um yfirtökuna. Hafa þeir gert sameiginlegt tilboð í Somerfield sem á verslanakeðjurnar Kwik Save og Somerfield. Haft var eftir Jóni Ásgeiri í Morgunblaðinu að væntingarnar eftir þetta nýja tilboð hinna þriggja tilboðsgjafa væru einfaldar: „Við ætlum okkur bara að klára þetta.“

13. apríl

Björgólfur með tilboð í Póllandi

Björgólfur Thor Björgólfsson hefur í samstarfi við pólskt símafyrirtæki lagt fram tilboð í fjórða GSM-símaleyfið í Póllandi og einnig í svonefnt UMTS-leyfi, sem er þriðju kynslóðar flutningskerfi. Það var fyrirtækið Netia Mobile sem sendi inn tilboðið en það fyrirtæki er undir forystu Björgólfs Thors Björgólfssonar í gegnum félag í hans eigu, Novator One L.P., og pólska símafyrirtækisins Netia S.A., sem er stærsta fastlínusímafyrirtæki í Póllandi. Pólsk fjarskiptayfirvöld tilkynna hinn 9. maí nk. hvaða tilboði verður tekið.

14. apríl

Straumur selur 37,9% hlut sinn í TM

Þennan dag var tilkynnt að Straumur fjárfestingabanki hefði selt allan eignarhlut sinn í Tryggingamiðstöðinni, samtals 37,9% hlut, og var salan í samræmi við ályktun fjármálaeftirlitsins fyrr í vetur. Straumur var stærsti einstaki hluthafinn í TM. Viðskiptin fóru fram á genginu 22,8 og eru kaupendur Sund sem keypti 20%,

12. apríl

Almenningur Agnesar

Eitt af stóru málunum í þessum mánuði er hið nýja hlutafélag, Almenningur ehf., sem ætlar að bjóða í Símann. Agnes Bragadóttir blaðamaður er í forsvari fyrir félagið en rætur þess liggja í viðhorfspistli sem Agnes skrifaði í Morgunblaðið 11. apríl. Þar hvatti hún almenning á Íslandi til að stofna félag og gera tilboð í Símann. Agnes fór mikinn í greininni og ræddi um „þjóðarrán“ við einkavæðingu opinberra fyrirtækja á Íslandi til þessa.

Viðbrögðin við grein Agnesar voru sterk. Orri Vigfússon athafnamaður var einn fjölmargra sem hafði strax samband við hana eftir greinina og úr varð að þau Orri ásamt fleirum stofnuðu hið nýja félag, Almenning ehf. Agnes fór um leið í leyfi frá blaðamennsku á Morgunblaðinu til að geta sinnt

stofnun félagsins og undirbúið tilboðið í Símann. Um 8 til 10 þúsund manns höfðu undir lok apríl skráð sig fyrir kaupum á hlutum í Símanum í gegnum Almenning, bæði með tölvupósti og í gegnum síma.

Hins vegar er algerlega óvíst hvort Almenningur Agnesar nái að eignast bréf í Símanum. Keppnin við aðra fjárfesta er hörð. Talið er að allt á þriðja tug fjárfesta, skyldir sem óskyldir, sýni því áhuga að senda inn tilboð.

Í söluskilmálum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu kemur fram að enginn einn



Agnes Bragadóttir.

fjárfestir megji eiga meira en 45% í Símanum og að skrá þurfi Símann á aðallista Kauphallar Íslands fyrir árslok 2007 og að ekki minna en 30% heildarhlutfjárins verði þá búið að bjóða út á almennum markaði.

Samkvæmt þessu munu að minnsta kosti þrjár eignast Símann í fyrstu umferð, þ.e. ef tveir verða með samtals 90% og einn með 10%. Stóra spurningin er auðvitað verðið á Símanum – fjárfestar eru varla tilbúnir til

að kaupa hann á hvaða verði sem er.

Þannig sagði framkvæmdastjóri Evrópusamtaka hluthafa, dr. Jean-Pierre Paelinck, í viðtali við Morgunblaðið fagna frumkvæði almennings á Íslandi varðandi kaup á Símanum og hvetti hann fólk til að kaupa hlut ef verðið væri sanngjarnt. Málið er bara: Hvað er sanngjarnt verð?

Fjárfestingarfélag sparisjóðanna sem keypti 12,9% og Höfðaborg sem keypti 5%.

15. apríl

Ókeypissímtöl með Skype-forriti

Hugbúnaðarfyrirtækið Skype greindi frá því þennan dag að hátt í 100 milljónir Netnotenda hafi sótt sér samnefnt forrit fyrir tækisins, sem gerir notendum kleift að hringja sín í milli, hvar sem þeir eru staddir í heiminum, án þess að borga fyrir það krónu.

15. apríl

Gunnlaugur bætir við sig í Kögun

Gunnlaugur M. Sigmundsson, forstjóri Kögunar, og stjórnarmennirnir í Kögun, þeir Vilhjálmur Þorsteinsson og Arnar Karlsson, hafa bætt við sig eignarhlut í



Gunnlaugur Sigmundsson, forstjóri Kögunar.

Kögun. Þeir keyptu þennan dag 6,22% í Kögun í nafni óstofnaðs eignarhaldsfélags af Kaupþingi banka. Kaupþing á 15,9% í Kögun eftir viðskiptin sem fram fóru á genginu 60 og nam kaupverð hlutarins um 720 milljónum króna.

18. apríl

Ísland kemur ekki vel út í Billy-vísitölunni

Þetta var skemmtileg frétt og minnir auðvitað á Big Mac vísitöluna. Hvít Billy-bókahilla frá Ikea er dýrust á Íslandi af öllum Norðurlöndunum, samkvæmt svokallaðri „Billy-vísitölu“ sem Aftenposten birtir, en þar er borið saman verð á þessu húsgagni í nokkrum löndum. Er Ísland reyndar næst-efst á listanum, og er Billy aðeins dýrari í Ísrael en á Íslandi.

19. apríl

„Heimamenn stjórn eftir yfirtökur“

Ólafur Ólafsson, starfandi stjórnarformaður Samskipa, ræddi á ársfundi Útflutningsráðs um stjórnun í kjölfar samruna eða yfirtöku. Sagði hann að samruni fyrirtækja snerist fyrst og fremst um fólk, menningu, stefnu og stjórnun.

Hann sagði ennfremur að íslensk fyrirtæki hefðu nú lært að oft geti verið erfitt fyrir íslenska stjórnendur að fóta sig við ókunnar aðstæður. Því hefði það færst í vöxt að heimamönnum væri falin stjórn þeirra fyrirtækja sem tekin eru yfir.



Ólafur Ólafsson.

20. apríl

Ískalt á milli Straums og stjórnar Íslandsbanka

Ein af stóru viðskiptafréttum þessa mánaðar eru kaup Þáttar, þ.e. Werners-barna, þeirra Karls, Ingunnar og Steingríms, á 67% hlut í Sjóvá af Íslandsbanka. Forráðamenn Straums fjárfestingabanka eru afar ósáttir við sölua og ætla að kanna réttarstöðu sína. Straumur er stærsti hluthafinn í Íslandsbanka, en Karl og systkini hans eru næststærst og í oddastöðu í stjórn Íslandsbanka. Þétting greiddi 17,5 milljarða kr. fyrir 67% eignarhlutinn í Sjóvá og stóðu samningaviðræður yfir í nokkrar vikur þar sem m.a. Morgan Stanley kom að verðmatinu á Sjóvá. Heildarviðrið Sjóvár í kaupunum er 26,2 milljarðar. Íslandsbanki eignaðist Sjóvá fyrir átján mánuðum og innleysir um 3,4 milljarða söluhagnað af sölnni til Þéttingar. Karl og systkini eiga tæp 14% í Íslandsbanka, þau eru eigendur Lyfja og heilsu og auk þess er þau í hópi stærstu hluthafa í Actavis í gegnum félag sitt Milestone.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Þórður Már Jóhannesson, framkvæmdastjóri Straums, líti svo á að óeðlilegri aðferð hafi verið beitt við sölua á Sjóvá. Hún feli í sér mismunun gagnvart hluthöfum. Þórður segist hafa lýst yfir áhuga Straums á

að fá að bjóða í eignarhlutinn við stjórn bankans en stjórnin hafi ekki tekið tillit til þess.

Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, sagði að afar faglega og eðlilega hefði verið staðið að málum og það væri fráleit hugsun að Straumur sem hluthafi í Íslandsbanka ætti þar með rétt á að krefjast viðræðna við bankann um kaup á tilteknum eignum hans.

Yfirleitt er sala á eignum félaga til stórra hluthafa þeirra talin frekar krítísk og vandmeðfarin. Þess má geta að aðeins viku áður en tilkynnt var um sölua á Sjóvá tilkynnti Straumur um sölua á hlut sínum í TM þannig að velta má því fyrir sér hvort ekki hafi verið erfitt fyrir Straum að koma með formlegt tilboð í hlutinn í Sjóvá til stjórnar Íslandsbanka. Þess má geta að Burðarás og Landsbankinn eru stórir hluthafar í Straumi, auk þess sem Straumur sjálfur er keppinautur Íslandsbanka í fjárfestingum. Allt er þetta því frekar snúð.

Með sölnni á Sjóvá dylst samt engum að það „andar verulega köldu“ á milli Straums, stærsta hluthafans í Íslandsbanka, og stjórnar Íslandsbanka.



Trúlofun slitið í ársbyrjun 2001. Núna hafa „hringarnir verið settir upp aftur“.

19. apríl

Trúlofun slitið – hringarnir upp aftur

Þegar það var tilkynnt þennan dag að Atorka hefði keypt 63,5% eignarhlut í Austurbakka af þeim Ána Þór Árnasyni, forstjóra Austurbakka, og Valdimar Olsen framkvæmdastjóra rifjaðist upp fyrir mönnum þegar trúlofun Austurbakka og Thorarensen Lyfja var slitið í ársbyrjun 2001. Frijáls verslun birti þá ítarlega fréttaskýringu undir heitinu „Trúlofun slitið“. Upp úr slitnaði á lokspretti sameiningar. Á meðal dótturfélaga sem Atorka Group á er Icepharma (Sameinað fyrirtæki Thorarensen Lyfja, Heilsuverslunar Íslands og Ísfarm). Þótt boðað sé að Austurbakki verði rekinn sem sjálfstætt dótturfélag finnst mörgum sem „hringarnir hafi verið settir upp aftur“ með kaupum Atorku á hlut Ána Þórs og Valdimars. Þeir félagar fengu 509 milljónir króna fyrir eignarhluti sína. Atorka mun bjóða öðrum hluthöfum í Austurbakka að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu á sama gengi.

21. apríl

Halldór á 2,33% í Skinney-Pinganesi

Það var vel til fundið hjá þingmönnum Framsóknarflokksins að taka saman og birta opinberlega upplýsingar um eignir sínar og hlutabréfaeign, ásamt upplýsingum um önnur launuð störf og aðild að hagsmunasamtökum. Þetta gegnsæi upplýsinga kemur þingmönnum flokksins best. Það er óskandi að þetta verði að reglu í þinginu. Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins, sendi forseta Alþingis jafnframt bréf þar sem óskað var eftir því við forsætisnefnd að sem fyrst verði settar reglur um opinbera upplýsingagjöf um fjárhag, eignir, hagsmuni og tengsl þingmanna. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra upplýsti í kjölfarið að hann ætti 2,33% hlut í útgerðarfyrirtækinu Skinney-Pinganesi hf. og að hluturinn væri arfur eftir foreldra hans og væri 15,1 milljón króna að nafnvirði.



Bræðurnir Steingímur og Karl Wernerssynir.

Glæsilegur Motorola sími

RAZR V3



Motorola V3

Verð aðeins:

29.980 kr.

Engingur fyrir GSM kort frá Símanum.

Motorola V3 síminn er ekki bara einstaklega flottur, þunnur og nettur heldur er hann búinn öllum helstu kostum sem þrýða GSM síma í dag.

- glæsileg hönnun
- stafræn myndavél (VGA, 640x480 punkta)
- hi-res skjár
- MP3 hringitónar
- fjögurra banda (quæð band, 850, 900, 1800, 1900 MHz)



Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson tóku við útflutningsverðlauninum.

20. apríl

Útflutningsverðlaun forseta Íslands

Kaupþing banki hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands að þessu sinni. Þeir Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður bankans og Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri veittu verðlauninum viðtöku á Bessastöðum fyrir hönd bankans. Valur Valsson, formaður úthlutunarnefndarinnar, sagði í m.a. í ræðu sinni að fyrir-tækið færi fremst í öflugri útrás íslenskra fjármálafyrirtækja og hefði vakið athygli fyrir fram-sækin og arðbæran rekstur. „Djörfung og dugur einkennir fyrirtækið, starfsmenn þess og stjórnendur,“ sagði Valur.

21. apríl

Byltingin í stjórn SPH

Stjórnarbyltingin í Sparisjóði Hafnarfjarðar kom flatt upp á flesta í viðskiptalífinu. Nýr meirihluti, undir forystu Páls Pálssonar framkvæmdastjóra í Firði, hlaut 23 atkvæði og sigraði með einu atkvæði í kjöri um stjórn. Þess má geta að fráfarandi formaður stjórnar, Matthías Á. Mathiesen, hafði verið formaður frá 1. ágúst 1958. Hann

gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Ný stjórn hefur þegar látið til sín taka og skipt um menn í brúnni.

Sparisjóðsstjórinn, Björn Ingi Sveinsson, sem var ráðinn í októ-



Björn Ingi Sveinsson.

ber í fyrra, en var áður borgarverkfræðingur í Reykjavík, er hættur og sömuleiðis aðstoðar-sparisjóðs-stjórinn til margra ára, Ingimar Haraldsson. Ný stjórn hefur ráðið Magnús Ægi Magnússon sem sparisjóðsstjóra og hefur hann þegar tekið við starfinu.



Jón von Tetzchner.

25. apríl

Jón von Tetzchner fetar í spor Bransons

Íslendingurinn, Jón S. von Tetzchner, forstjóri norska hugbúnaðarfyrirtækisins Opera, og Frjáls verslun hefur margoft

ber í fyrra, en var áður borgarverkfræðingur í Reykjavík, er hættur og sömuleiðis aðstoðar-sparisjóðs-



Ásdís Halla Bragadóttir.

28. apríl

Ásdís Halla forstjóri Byko

Þetta er fréttin sem flaug út um allan bæ á svipstundu. Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri í Garðbæ til síðustu fimm ára, ráðinn forstjóri Byko. Hún mun taka við starfinu í endaðan maí af Jóni Helga Guðmundssyni. Gunnar Einarsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, mun taka við starfi bæjarstjóra í Garðabæ af Ásdísi.

fjallað um, virðist vera að feta í fótspor Richard Bransons, forstjóra Virgin í Bretlandi, með því auglýsa fyrirtæki sitt á nýstárlegan hátt. Hann tilkynnti að hann myndi synda til Bandaríkjanna með viðkomu á Íslandi ef 1 milljón manns yrðu búinir að hlaða niður nýjan Opera netvafra á fyrstu fjórum sólarhringunum frá því hann kom út. Það var einmitt það sem gerðist og þurfti Jón því „að standa við loforð sitt“ og skella sér í sjóinn og hefja sund. Hann hefur fengið mikla auglýsingu út á þetta uppátæki í Noregi. „Ég hefði sett á hann kút og utanborðsmótor í hveli ef ég hefði fengið að ráða,“ sagði móðir Jóns, Elsa K. Jónsdóttir. Jón ólst upp á Seltjarnarnesi, en amma hans var Selma Kaldalóns.

27. apríl

„Bankarnir í stakk búinir“

„Vaxandi ójafnvægis hefur gætt í þjóðarþúskaðum undanfarið ár og birtist það í örum vexti eftirspurnar, aukinni verðbólgu, háu eignaverði og vaxandi viðskiptahalla sem nær hámarki í ár. Þessar aðstæður auka líkur á að reyni á fjármálakerfið þegar fram líða stundir,“ sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri þegar hann kynnti niðurstöður úr fyrsta hefti Fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands. Hann sagði helstu áhyggjurnar vera erlendar skuldir þjóðarinnar en taldi íslensk fjármálafyrirtæki vel í stakk búin til að mæta hugsanlegum andbyr. 📄

Og1

Og1 hentar líka starfsfólki fyrirtækja í viðskiptum hjá **Og Vodafone**. Starfsfólk nýtur ávinnings af þeirri þjónustu sem það greiðir sjálft.

GSM

0 KR. HEIM

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútagjöld í allt að 60 mínútur á dag.

0 KR. Í VIN Í ÖTLÖNDUM

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr. Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

Heimasími

0 KR. INNANLANDS

500 mínútur í öðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir taka minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútagjald.

0 KR. Í VIN Í ÖTLÖNDUM

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

Internet

MEIRI HRADI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐBÁK

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði mæst við þjónustusveði Og Vodafone.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM áskrift, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**.



Höyrumst!

1. apríl

Ferðafrömuður ársins

Útgáfufélagið Heimur hefur útnefnt **Guðrúnu G. Bergmann** á Hellnum á Snæfellsnesi „Ferðafrömuður ársins 2004“.

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**

MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Útgáfufélagið Heimur, sem m.a. gefur út Frjálsa verslun, hefur útnefnt Guðrúnu G. Bergmann á Hellnum á Snæfellsnesi Ferðafrömuður ársins 2004. María Guðmundsdóttir, ritstjóri ferðaútgáfu Heims, var formaður nefndarinnar, en auk hennar sátu í nefndinni þau Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamála Reykjavíkurborgar og Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda.

Í mati sínu lagði dómnefnd til grundvallar frumkvæði, metnað og árangur á sviði umhverfismála í uppbyggingu ferðaþjónustu á Vesturlandi „...sem og mikilsvert framlag til betra starfsumhverfis í atvinnugreininni á landsvísi,“ eins og nefndin komst að orði.

Guðrún hefur ásamt Guðlaugi Bergmann, eiginmanni sínum, sem lést um síðustu jóli, staðið fyrir uppbyggingu á ferðaþjónustu á Hellnum á Snæfellsnesi. Það var 1995 sem Guðlaugur og Guðrún fluttust að Brekkubæ á Hellnum á Snæfellsnesi, en áður höfðu þau unnið að umhverfismálum um nokkurt skeið. Árið 1994 kynntust þau Ástralum Bill Mollison, sem hafði sett upp vistvæn samfélög um allan heim, og við þau kynni varð til hugmynd að Snæfellsássamfélaginu.

Ferðamenn koma aftur og aftur

Rekstur ferðaþjónustu og námskeiðahald að Hellnum hófst 1997. Fyrstu áfangar starfseminnar voru að sinna ferðamönnum sem sóttust í orku Snæfellsjökuls. Jafnframt var efnt til námskeiða um sjálfs hjálp, heilbriggt mataræði og fleira slíkt. Guðrún segir að fljótt hafi orðið ljóst að ekki yrði hægt að byggja starfsemina upp, nema gístiaðstaða væri einnig til staðar. Því var Gistiheimilið Brekkubær sett á laggirnar árið 2000. Eftir tíu herbergja viðbyggingu á síðasta ári var nafninu breytt í Hótel Hellnar þar sem í dag eru tuttugu 2ja manna herbergi með baði, auk þess sem gestir geta fengið kvöldverð á staðnum.

„Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi hefur þróast hratt og æ fleiri leggja hingað leið sína. Þjóðgarðurinn dregur fólk að, auk þess sem gerð hefur verið bragarbót á vegunum hingað vestur. Meiri áhugi fólks á ferðum á Snæfellsjökli, hvalaskoðunarferðir og uppgötvun á hinni stórkostlegu náttúru hér um slóðir: allt hefur þetta leitt til þess að innlendir sem erlendir ferðamenn koma hingað aftur og aftur,“ segir Guðrún.



Guðrún Bergmann á Hellnum á Snæfellsnesi. Ferðafrömuður ársins, að mati dómnefndar útgáfufélagsins Heims.

Umhverfismál án öfga

Af sannfæringarkrafti kynntu Guðrún og Guðlaugur sýn sína í umhverfismálum fyrir sveitarstjórnnum á Snæfellsnesi. „Við lögðum mikla vinnu í þetta verkefni, því okkur þótti mikilvægt að vel tækist til. Bæði var þetta tilraunaverkefni, sem hefði ekkert orðið úr ef Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefði ekki stutt það og eins þótti okkur mikilvægt að vel tækist til þar sem þetta var í heimabyggð okkar. Við Gulli hvöttum á sínum tíma einnig til þess að Ferðaþjónusta bænda tæki upp umhverfisstefnu og legði sig fram um að ryðja brautina á því sviði á landsbyggðinni. Bentum á að þetta gæfi Ferðaþjónustu bænda mikið forskot. Í því eins

og öðru skilaði árangurinn sér ekki strax en nú - þremur árum síðar - er Ferðaþjónusta bænda að uppskera árangur vinnu sinnar. Þeir hlutu í mars The Scandinavian Travel Award.“ Guðrún segir að umræðu um umhverfismál og sjálfbæra þróun hér á landi sé oft ruglað saman við aðgerðir öfgasamtaka í umhverfismálum. Þessi viðhorf séu blessunarlega á undanhaldi. Fólk sé smám saman að skilja að það geti skipað sér í hóp umhverfissinna án þess að vera með kröfuspjöld á lofti. „Að mínu mati hafa þeir náð bestum árangri í umhverfismálum sem gera eitthvað mælanlegt. Árangur í þessum málum snýst um að hver og einn leggi eitthvað af mörkum.“

SAGA BOUTIQUE

HÁGRÆÐA VÖRUR Á GÓÐU VERÐI

www.sagaboutique.is

LEIFSSTÖÐ




BOSS

SAND

LLOYD



STURZENEGGER



SAGA
BOUTIQUE

AIRPORT SHOP

Leifsstöð

Sími 4350 345



Guðrún Ýr Gunnarsdóttir,
forstjóri Icepharma.

GUÐRÚN ÝR

FORSTJÓRI ICEPHARMA

TEXTI: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**
 MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Guðrún Ýr Gunnarsdóttir lyfjafræðingur er forstjóri Icepharma. Félagið varð til þegar Thorarensen Lyf, Ísfarm og Heilsuverslun Íslands sameinuðust. Eigandi Icepharma er Atorka Group sem keypti meirihlutann í Austurbakka á dögnum.

Guðrún Ýr Gunnarsdóttir lyfjafræðingur er forstjóri Icepharma, en félagið varð til sl. haust þegar Thorarensen Lyfjum, Ísfarm og Heilsuverslu Íslands var skellt saman. Hún var áður framkvæmdastjóri Ísfarm. Guðrún Ýr er lyfjafræðingur og MBA. Hún er fædd í Reykjavík 1967, tók stúdentspróf frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, útskrifaðist sem lyfjafræðingur frá Háskóla Íslands 1994 og lauk MBA-námi í Noregi 1997.

Ráðning á lyfjafræðingi í starf forstjóra vakti nokkra athygli og benti til þess að eigendur Icepharma vildu setja lyfjafræðilega þekkingu í öndvegi.

Helstu áhugamál Guðrúnar Ýr eru hestamennska. Hana stundar hún ásamt eiginmanninum. Þrír synir þeirra sýna hestunum einnig áhuga, þó misjafnlega mikið. Hestaferðir á sumrin eru að mati Guðrúnar óborganleg skemmtun og afþreying.

Icepharma hf. er til húsa að Lynghálsi 13 í Reykjavík og eru starfsmenn fyrirtækisins um 46, þar á meðal 18 lyfjafræðingar sem er nokkuð hátt hlutfall miðað við keppinautana, 7 hjúkrunarfræðingar, ljósmóðir, dýralæknir, sagnfræðingur, tannfræðingur, viðskiptafræðingur, lyfjatæknir og þýðandi.

Icepharma er alfarið í eigu Atorka Group sem keypti raunar meirihlutann í Austurbakka á dögnum. Hjúkrunar- og sjóntækjasvið, sem áður til-

heyrði Thorarensen Lyfjum, var flutt til Ísmed og rannsóknarsvið Thorarensen Lyfja til A. Karlssonar, en bæði fyrirtækin eru í eigu Atorka Group.

Starfsemi Icepharma má rekja allt til ársins 1919 er Stefán Thorarensen opnaði lyfsölu í Reykjavík sem síðar varð Thorarensen Lyf ehf. Markmið sam-

iningarinnar var að skapa eitt sterkt félag sem væri betur í stakk búið til að veita góða þjónustu og mæta aukinni samkeppni á íslenskum lyfja- og heilbrigðismarkaði.

Áætluð velta Icepharma á þessu ári er 2,5 milljarðar króna. Um 90% af veltu fyrirtækisins er af sölu lyfja.

Ætlaði að verða vísindamaður

Guðrún Ýr segir að til að byrja með hafi hugurinn alls ekki staðið til lyfjafræðináms, heldur hafi hún ætlað að verða dýralæknir sem tengist þeim æskudraumi að verða bóndi. En eftir stúdentspróf hafði Guðrún ekki löngun til að flytja til Þýskalands eða Noregs að hefja dýralæknisnámið. Hún kynnti sér nám í líf-fræði en niðurstaðan varð lyfjafræði þó hún hafi ekki þekkt neinn sem hafði lokið því námi og því síður verið heilluð af apótekarastarfinu.

„Ég hélt á þessum tímupunkti í lífi mínu að ég ætlaði að verða vísindamaður! Eftir útskriftina frá HÍ hóf ég störf í þróunardeild Lyfjaverslunar Íslands sem þá var verið að einkavæða. En það var kannski ekki alveg það sem ég var að leita að með mínu námi svo ég ákvað að fara til Noregs í MBA-nám.

Á þeim tíma sem ég var hjá Ísfarm jókst starfsemi fyrirtækisins gríðarlega, eða úr um 80 milljónum króna veltu í rúmlega 800 milljón króna veltu, þ.e. liðlega nífaldaðist.

FORSTJÓRI ICEPHARMA

Eftir heimkomu frá Noregi fór ég aftur að vinna hjá Lyfjaverslun Íslands og þá sá um markaðssetningu á erlendu lyfjunum. Um svipað leyti keypti Lyfjaverslun Íslands Ísfarm og tók ég þar við sem framkvæmdastjóri Ísfarm og hafði þann starfa allt til sameiningarinnar síðastliðið haust þegar Icepharma var stofnað.“

-Var aldrei neinn efi í þínum huga að taka við framkvæmdastjórarstarfinu hjá Icepharma?

„Nei, aldrei eitt augnablik. Þetta var bara mjög spennandi verkefni en auðvitað viss ögrun að fá að takast á við þetta verkefni. Það er mjög leiðinlegt að vera í einhverju starfi þar sem maður situr bara og hallar sér aftur, og gerir aldrei neitt skapandi, er í hálfgerðri færibandavinnu! Maður verður að mæta einhverri áskorun í vinnunni.

Á þeim tíma sem ég var hjá Ísfarm jókst starfsemi fyrirtækisins gríðarlega, eða úr um 80 milljónum króna veltu í rúmlega 800 milljón króna veltu, þ.e. liðlega tífaldadist. Þessi árangur hafði örugglega sitt að segja að mér var treyst til þess að stjórna Icepharma. Það er mjög spennandi að finna að maður er þátttakandi í því að skapa ný tækifæri hjá því fyrirtæki sem maður starfar hjá.

Icepharma er að flytja inn og markaðssetja lyf sem og heilsu- og neytendavörur. Í heilsuvörum má nefna ýmis náttúruylf, vítamínlinur og neytendavörur eins og hárvörur, tannkrem, ýmis krem og bætiæfni fyrir húð, hár og allan kroppinn, sem fara bæði til apóteka og stórmarkaða um allt land. Ég á von á að þessi hluti aukist því áhugi almennings á betri heilsu fer vaxandi.

Markaðssetning lyfja er hins vegar mjög frábrugðin sölu á almennum neytendavörum því skrá þarf öll lyf sem fara á markað. Þetta er vaxandi vinna sem ætla má að hafi liðlega fimmfaldast á síðustu fimm árum, en þá hóf Lyfjastofnun að vinna í samræmi við Evrópureglugerðir.

Íslenskur fylgiseðill þarf að fylgja hverri pakkningu lyfs, merkja þarf allar pakkningar með íslenskum varúðartexta og markaðsleyfisnúmerum. Gæðakerfi slíkrar starfsemi þarf að uppfylla ýtrustu öryggiskröfur þar sem öryggi sjúklinga situr í fyrirrúmi.“

Umboðsaðilar fimmtungs lyfjamarkaðarins

„Við erum umboðsaðilar fyrir um 20% af íslenska markaðnum og erum í samkeppni hérlendis við önnur umboðsfyrirtæki eins og Vistor og Austurbakka, sem og Actavis, GSK, og aðra sem eru með eigin skrifstofur. Áætluð velta á árinu er 2,5 milljarðar króna og er stefnt á frekari vöxt í nánustu framtíð. Lyfjasviðið er langstærst allra sviða með 10 umboðs-

deildir fyrir mannalyf og eina með dýralyf. Um 90% af veltu fyrirtækisins er af sölu lyfja.

Fyrirtækin sem sameinuðust undir hatt Icepharma voru í sama húsnaði, með sömu viðskiptavinum, sama dreifingaradila og sams konar tölvukerfi. Þær verðlækkanir sem orðið hafa á lyfjum að undanförmu, sameiningar apóteka, ásamt aukningu á samhliða innflutningi á lyfjum, þrýstu á enn frekari hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna. Þau fyrirtæki sem við erum með umboð fyrir hafa að hluta tekið verðlækkanirnar á sig en hluti þeirra fellur á okkur.


Auk þess er mikil hagræðing fólgin í einu stærra félagi í stað minni eininga áður. Með sameiningunni næst betri fókus og meiri samhæfing í reksturinn, auk þess sem félagið er sterkara og sýnilegra á markaðnum. Gerður hefur verið samningur við Lyfjadreifingu um dreifingu á öllum vörum fyrirtækisins. Icepharma beitir sér því alfarið að sölu- og markaðssetningu og skráningu lyfja fyrir menn og dýr, ásamt heilsu- og neytendavörum.“

-Var ekki hætt á að umboð töpuðust þar sem fyrirtækin, sem sameinuðust, voru áður í samkeppni?

„Auðvitað veltum við því heilmikið fyrir okkur, en tókum síðan ákvörðun um að láta á það reyna. Við útskýrðum vel fyrir erlendu viðskiptavinunum hvað stæði til og hvernig málum yrði háttað, t.d. að hver markaðsdeild hefði sitt starfsfólk, tölvukerfið væri læst og algjör trúnaður yrði viðhafður í hvívetna. Þessu var sýndur skilningur og reyndar var þetta minna mál en ég hafði gert mér í hugarlund að yrði.“

Engin fákeppni

Guðrún Ýr segir mikinn misskilning hafa verið í þjóðfélaginu varðandi samkeppni á lyfjamarkaði og sífellt sé verið að tala um fákeppni. Þetta sé alrangt því um 130 lyfjafyrirtæki eigi skráð lyf á íslenska markaðnum og eigi þau í mikilli samkeppni þó þau séu sum hver hjá sama umboðsfyrirtæki. Íslenski lyfjamarkaðurinn sé örmarkaður og væru mörg þessara fyrirtækja ekki á markaði hér ef þau hefðu ekki möguleika á að starfa innan umboðsfyrirtækjanna. Kerfið eins og það sé í dag hlúi að íslensku heilbrigðiskerfi, því að annars ættu sjúklingar oft ekki kost á öllum lyfjum.

„Það er mikið að gerast innan lyfja- og læknisfræði og markaðurinn vaxandi, hvort heldur litið sé til lyfja eða heilsu- og neytendavara. Það eru alltaf að koma ný og betri lyf á markaðinn og alltaf verið að fara inn á ný svið í læknisfræðinni og finna lyf við sjúkdómum sem ekki var til meðferð við áður. Mér sýnist því spennandi tímar framundan og ýmis tækifæri til vaxtar,“ segir Guðrún Ýr. 

„Icepharma er umboðsaðili fyrir um 20% af íslenska lyfjamarkaðnum.“

„Það er samkeppni á lyfjamarkaði þótt sífellt sé verið að tala um fákeppni. Það eru t.d. um 130 lyfjafyrirtæki, sem eiga skráð lyf á íslenska markaðnum, og þau eiga í mikilli samkeppni þó þau séu sum hver hjá sama umboðsfyrirtæki.“

Límtre Vírnet ehf sveigir sig að þínum kröfum

Undir nafninu Límtre Vírnet ehf hafa tekið mjög öflug fyrirtæki í byggingarferlinum verið sameinuð. Með þessari sameiningu getur fyrirtækið þjónustað viðskiptavini sína mun lætur þær sem mikið vöruprésum og tæknipækning fyrir fallegar eðstæður, hafa nú sameinað undir sama merki.

Við hjá Límtre Vírnet ehf vitum að hver og einn hefur mismunandi þærfr og þjónusta við viðskiptavini er það sem við leggjum mesta áherslu á. Lögð er mikil áhersla á að lausnir fyrirtækanna skili viðskiptavinnan sem bestum drögri. Verð, gæði og orðaver eru áhrifamikil þvertí verðandi samkeppnisstíðu félagsins.

Límtre Vírnet framleiðir og selur m.a.:

- Límtre
- Yfirlingar
- Stálgrúður
- Stálgrúður
- Stofnaþrívörngar
- Nálaklæðningar
- Loftsmethúsur
- Kall- og frystikáfa
- Níkkáfa- og þömlunarkúrt
- Seam
- Fyrgjörð



Hafðu samband við okkur
og kynntu þér kostina
áður en lengra er haldið.

• www.limtrevirnet.is



Límtre Vírnet

ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR

FRÁ PHILIPS TIL

Það kom öllum á óvart að **Eggert B. Guðmundsson**, rafmagnsverkfræðingur hjá Philips í San José, Kaliforníu, færi beint í „slorið“ heima á Íslandi“. Hann er forstjóri HB-Granda, stærsta sjávarútvegsfyrirtækis á Íslandi.

Í kjölfar sameiningar HB-Granda hf. við Tanga hf. á Vopnafirði og Svan RE-45 ehf. ákvað stjórn HB-Granda að gera breytingar á yfirstjórn fyrirtækisins. Með breytingunum er lögð enn frekari áhersla á markaðsmál fyrirtækisins og fylgt eftir þeirri stefnu sem mörkuð var á árinu 2004 með stofnun sérstakrar markaðsdeildar. HB-Grandi er stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins með 11,5% hlut í heildarkvótanum í þorskígildistonnum talið, en „þakið“ er samkvæmt lögum 12%.

Eggert Benedikt Guðmundsson, sem var markaðsstjóri fyrirtækisins, hefur tekið við starfi forstjóra. Sturlaugur Sturlaugsson, áður forstjóri, og Kristján P. Davíðsson, sem var aðstoðarforstjóri, hafa látið af störfum. Svavar Svavarsson, sem var framleiðslustjóri, er nú markaðsstjóri, Vilhjálmur Vilhjálmsson, áður framkvæmdastjóri Tanga, er yfirmaður uppsjávarsviðs og Torfi Þorsteinsson, áður yfirmaður uppsjávarsviðs, er yfirmaður landvinnslu bolffisks. Stofnað hefur verið nýtt svið viðskiptaþróunar, sem mun ná yfir starfsemi fyrirtækisins í fiskeldi og yfir ný rannsókn- og þróunarverkefni.

Eggert Benedikt Guðmundsson er Dipl.-Ing. í rafmagnsverkfræði frá háskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi og MBA frá IESE viðskiptaháskólanum í Barcelona á Spáni. Eggert starfaði sem verkfræðingur hjá

Íslenska járnblendifélaginu árin 1990 til 1995. Að námi í IESE loknu vorið 1997 hóf Eggert störf hjá Philips Electronics í Belgíu, en flutti sumarið 2000 til Philips í San José, Kaliforníu. Hjá Philips vann Eggert við vörustjórnun, markaðsstjórnun og viðskiptaþróun. Frá Kaliforníu flutti hann til Íslands í júní 2004 og hóf þá störf sem markaðsstjóri HB-Granda.

Það hefur vakið athygli þeirra sem næst Eggerti standa að hann skyldi fara til starfa hjá sjávarútvegsfyrirtæki, frekar átti vinnuhópurinn, og ekki síður vinnufélagar erlendis, von á því að hann mundi hasla sér völl í hátækniöðnaðinum. Auk þess fannst þeim sjávarútvegur norður við Íshaf frekar áfarlega á merinni í samanburði við tölvurnar. Eflaust verður hann undir töluverðri pressu og smásjá næstu misserin, ekki síst í ljósi þess að sumir telja að HB-Grandi hafi ekki verið að skila þeirri afkomu sem menn væntu.

Eggert segir að rafmagnsverkfræðin nýttist honum vel við stjórnunarstörf hjá HB-Granda enda komi tæknin stöðugt meira við sögu allra þátta, fyrirtækið orðið mjög tæknivætt og sjálfvirkni mikil. Hátækni sé mikil við vinnslu á framleiðsluvörum fyrirtækisins. Stöðugt fleiri verkfræðingar eru að taka við stjórnunarstörfum í íslenskum iðnaðarfyrirtækjum, það sé kannski besti mælikvarði, en margir þeirra hafa einnig tekið próf eða kúrs í hagfræði.

- *Vissrar óánægju og vantrúar hefur gætt meðal almennings á stöðum eins og Akranesi og Vopnafirði á að sameiningin færði þeim áfram atvinnu. Kvóti og skip mundu með tímanum færast á Reykjavíkursvæðið. Hefur þú orðið var við þennan „óttu“ almennings?*

„Nei, frekar að ég hafi fengið mjög góðar mót-tökur, bæði frá mínum nánustu samstarfsmönnum

Það er kostur að ég tengist ekki einum armi frekar en öðrum í sameiningarferlinu. Ég er ráðinn beint til HB-Granda og ég nýt þeirra forréttinda að vita nógu lítið! Ég kem því „ferskur“ inn með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgja.

HB-GRANDA

TEXTI: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

á Grandagarði og eins frá starfsmönnum úti á landi. Menn sáu í þessari sameiningu ákveðna einföldun og svo er það kostur að ég tengist ekki beint einum armi frekar en öðrum í sameiningarferlinu. Það er þægilegt að ég er ráðinn beint til HB-Granda og ég nýt þeirra forréttinda að vita nógu lítið! Ég kem því „ferskur“ inn með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgja en fæ með mér til starfa og ráðgjafar mikla reynslubolta sem starfað hafa hjá þeim fyrirtækjum sem mynduðu HB-Granda.“

Má búast við frekari breytingum á yfirstjórn eða viðfangsefnum HB-Granda?

„Nei, ég á ekki von því, enda er stjórnkerfið nú orðið mjög skilvirkt eftir síðustu breytingar. Við eigum hins vegar von á nýju skipi í flotann í byrjun maímánaðar

sem fær nafnið Engey, en það er ákvörðun sem tekin var áður en ég tók við starfi forstjóra. Skipið er 105 metra langt og 20 metra breitt, og verður það stærsta í íslenska fiskiskipaflotanum. Ég held að við munum meta reynsluna af þessu nýja skipi áður en ráðist verði í frekari endurnýjun á fiskiskipaflota okkar. Breytingarnar hafa einnig verið gríðarlega miklar á undanförmum árum, ekki síst í landvinnslunni. Nýja skipið mun hins vegar breyta áherslum okkar á veiðum á uppsjávarfiski alveg gríðarlega mikið, en til þessa höfum við fyrst og fremst veitt uppsjávarfisk til bræðslu.

En með tilkomu bræðslunnar á Vopnafirði, sem tilheyrði Tanga, og togarans Engeyjar munu veiðar á uppsjávarfiski verða mun skipulagðari og í umtalsvert

Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB-Granda. „Frá Kína kemur vara sem er í beinni samkeppni við okkur inn á markaði sem hafa verið okkur mikilvægir. Varan er þó ekki af sömu gæðum þó hún sé seld sem slík.“



stærri stíl. Það mun auka mjög virði vörunnar. Um borð í Engey verður m.a. flökuð og fryst sild á Austur-Evrópumarkað sem eykur til muna verðmætið enda verulegur verðmunur á frystum afurðum uppsjávafisks á móti bræddum.

Hlutfallslega mesta sóknin eftir samrunann hefur verið í uppsjávafiskveiðum og vinnslu, og hefur vægi þessarar vinnslu aukist umtalsvert.

Við höfum auk þessa verið að efla mjög starf okkar í markaðsmálum en þessir þættir eru nægjanlegt verkefni í bili. Við viljum uppskera eitthvað af þessu mikla starfi áður en haldið verður í frekari sókn á mörkuðum. HB-Grandi gerir út 16 skip, og þau þurfa auðvitað að fara í slipp eftir því sem viðhaldsáætlanir þeirra segja til um. Eflaust þarf að huga að endurnýjun sumra þeirra fyrir en seinna vegna aldurs þeirra.“

Hámarka feginleikann og lágmarka óttann


Forsvarsmenn í sjávarútvegi horfa til vaxandi áhrifa Kínverja á fiskmörkuðum með ákveðnum feginleik og einnig með ákveðnum ótta. Verða Kínverjar ráðandi á mörkuðum innan fárra ára, bæði með endurunninn fisk sem kemur úr Norður-

Atlantshafi og með fisk sem þeir fá úr Indlandshafi og Kyrrahafi?

„Okkar markmið hlýtur að hámarka feginleikann og lágmarka óttann. Kína er á mörgum sviðum að verða ógnun við okkur, efnahagslífið hefur aldrei verið blómlegra frá árinu 1997, en þar var hagvöxtur um 9,1% á árinu 2003. Það má rekja til mikilla afkasta í iðnaði. Frá Kína kemur vara sem er í beinni samkeppni við okkur inn á markaði sem hafa verið okkur mikilvægir. Varan er þó ekki af sömu gæðum þó hún sé seld sem slík. Uppruni vörunnar er heldur ekki alltaf ljós.“

Fiskur í fararbroddi fyrir hollum mat

Segja má að viss ófriður hafi verið kringum fiskveiðikvótann allt frá upphafi, en það á sér pólitískar rætur. Eggert telur mikilvægt að benda á að núverandi kerfi geri það mögulegt að vera með stöðugt framboð á fiski og fyrirtæki séu betur í stakk búin að skipuleggja sinn rekstur, það sé gríðarlega mikilvægt. Stöðugleiki til lengri tíma sé auðvitað mikilvægur til að byggja upp markaði og það sé viðskiptavininum ljóst. Öll óvissa sé skadleg.



Straumur á nýjum stað

Eggert er hjartsýnn á framtíð íslensks sjávarútvegs þrátt fyrir að í dag standi honum viss ógn af lágu gengi erlendra mynta. Það sé það mikil eftirspurn eftir því hráefni og vörum sem Íslendingar hafi upp á að bjóða að ekki sé ástæða til annars en hjartsýni, og svo hljóti að rofa til. Fiskur haldi áfram að vera eftirsótt vara, og eftirsóknin sé að aukast þegar fleirum verði ljóst mikilvægi þess að borða hollan mat. Þar sé fiskur í fararbroddi.


Eggert telur að Evrópubandalaginu hafi að mörgu leyti mistekist að stjórna sínum auðlindum, og það sé víti til varnaðar. Andstaða gegn því að Íslendingar tengist Evrópubandalaginu sé því fyrst og fremst í röðum þeirra sem tengjast sjávarútvegi.


Hefur forstjórinn mikið í saltan sjó?

„Ég hef aldrei unnið neitt til sjós, en hef þó farið á sjó. Ég hef heldur aldrei unnið í frystihúsi sem er kannski svolítið einkennilegt þar sem ég kem úr umhverfi þar sem sjávarútvegur hefur verið stór hluti lífsins og fólkið með langa reynslu. Mikið af fólki í kringum mig hefur alist upp við fisk frá blautu barnsbeini. Það sem ég hef áður komist næst sjávarútvegi er að ég starfaði sumarlangt hjá Marel.“

Finnst þér að litið sé niður á fólk sem vinnur í fiski, fólkið sem vinnur frumgreinastörf?

„Ég hef ekki orðið mikið var við það. Hins vegar er það staðreynd að það hefur undanfarin misseri verið erfitt að manna fiskvinnslu, fólk hefur sótt í önnur störf. Við höfum hins vegar átt því láni að fagna að getað ráðið til okkar fólk af mörgum mismunandi þjóðernum. Það hefur því verið fjölmennt hér á árlegum alþjóðakvöldum, og virkilega gaman og fróðlegt að fylgjast með fjölþjóðlegum skemmtiatriðum sem leiða okkur Íslendinga líka nær þeirri menningu og menningarumhverfi sem þetta fólk kemur frá,“ segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB-Granda.

Eggert Guðmundsson er áhugamaður um tónlist. Hann lærði á klassískan gítar á yngri árum og síðan var hann í „hljómsveitargutli“ eins og hann kallar það. Hann spilaði í hljómsveit þegar hann bjó í Kaliforníu en ekkert hefur orðið af slíku eftir að hann flutti heim. Hann er ekki áhugamaður um íþróttir almennt og stundaði þær lítt á unga aldri. Hann hleypur þó stundum sér til heilsubótar. 



Straumur Fjárfestingarbanki hefur flutt sig um set í nýtt húsnæði að Borgartúni 25. Næmari upplýsingar um starfsemi Straums má finna á heimasíðu bankans, straumur.net.





Alfreð Þór Þorsteinsson er fæddur 15. febrúar 1944. Hann er því „vatnsberi“ sem verður að teljast skemmtileg tilviljun.

ALFREÐ

Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, hefur helgað sig borgarpólitíkinni meira og minna í 35 ár. Sem stjórnarformaður Orkuveitunnar er hann einn allra valdamesti stjórnsmálamaður landsins.

MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Þegar talið berst að völdum í borgarpólitíkinni má fullyrða að ekkert nafn heyrir jafn oft og nafn Alfreðs Þorsteinssonar, borgarfulltrúa og stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur. Fá fyrirtæki hafa enda úr eins miklu fjármagni að móða og eru með starfsemi sem nær yfir svo stórt landssvæði. Stundum er haft í flimtingum að Alfreð geti skrúfað fyrir vatn, hita og rafmagn hjá um 150 þúsund manns. Athafnasvæði Orkuveitu Reykjavíkur nær frá Hafnarfirði, austur á Hvolsvöll og upp í Borgarfjörð.

En hver er þessi maður sem altalað er að sé og hafi verið valdamesti maður R-listans síðastliðin 11 ár? Þegar rýnt er í gögn sem

aðgengileg eru á Netinu finnst ekki mikið um Alfreð Þorsteinsson. Það er nóg af fréttum um hann en annars frekar lítið að hafa. Þó það að maðurinn heitir Alfreð Þór Þorsteinsson og er fæddur 15. febrúar 1944. Hann er því lýðveldisbarn og vatnsberi sem verður að teljast skemmtileg tilviljun. Maki Alfreðs er Guðný Kristjánsdóttir, starfsmaður hjá Odda til margra ára, en þau kynntust í tengslum við flokksstarfið í Framsókn í gamla daga. Þau hjón eiga tvær dætur. Alfreð er formaður borgarráðs, 2. varaforseti borgarstjórnar, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og situr í stjórn framkvæmdaráðs Reykjavíkur. Alfreð er Framari í öðru veldi, þ.e. hann er bæði framsóknarmaður og ákafur stuðningsmaður knattspyrnufélagsins Fram.

Framarinn Alfred Hér verður ekki farið yfir æviferil Alfreds en hann hefur tekið virkan þátt í pólitík í bráðum 40 ár. Viðmælandi Frjálsrar verslunar segist muna eftir Alfred á Framvellinum gamla sem þá var á bak við Sjómannaskólann. Hann þótti snjall með boltann og spilaði eitthvað með yngri flokkunum en dró sig í hlé þegar kom upp í efri flokka. Í þá daga höfðust Framarar við í skúr eins og svo mörg önnur íþróttafélög. Aðstaða var öll af skornum skammti. Alfred átti þó eftir að breyta allri aðstöðu Framara til hins betra en hann var tvisvar formaður þess félags.

Í fyrri formannstíð Alfreds var Framheimilið við Safanýri byggt og í seinni formannstíðinni var íþróttahús Fram byggt á sömu lóð. Alfred var þá þegar þekktur fyrir að vera fylginn sér í framkvæmdum.

Blaðamaðurinn Alfred Alfred snéri sér að blaðamennsku snemma á sjöunda áratugnum og skrifaði íþróttaréttir fyrir Tímann, mál gagn framsóknarmanna. Hann vakti strax eftirtekt fyrir að fara eigin leiðir í skrifum, nokkuð sem þykir reyndar hafa einkennt allan hans pólitíska feril. Alfred varð strax pólitískur í skrifum, beitti gagnrýni og skrifaði öðruvísi um menn og málefni íþróttahreyfingarinnar en lesendur höfðu átt að venjast. Skrif hans voru birt undir yfirskriftinni „Á vítateigi“ og nutu nokkurra vinsælda.

„Alfred lét sig allt varða og það er bara hluti af hans karakter,“ segir viðmælandi vor.

Gott pólitískt nef „Alfred er svolitill einfari í sér, ekki mikið fyrir margmenni. Þannig nýtur hann sín betur á fámennum fundum en fjölmennum, kannski vegna þess að þar heyrir betur til hans,“ segir gamall samherji úr pólitík. Viðmælandur FV eru sammála um að Alfred sé ekki allra og fyrst talað var um einfarann þá fullyrða nokkrir viðmælandur að hann kunni hvergi betur við sig en einn í sumarbústaðnum við Brúará í Biskupstungum.

Þegar rætt er um stjórnmalamanninn Alfred er gjarnan talað um sérstaka blöndu hæfileika sem virðist hafa aflað honum ómældra pólitískra áhrifa en einkennir að sama skapi ekki þann þorra stjórnmalamanna sem lemja hlustir landsmanna dag hvern.

Alfred er ekki mikið fyrir athygli en þykir standa sig ágætlega í samskiptum við fjölmiðla. Viðmælandur eru sammála um að hann sé séður í pólitík, afar lunkinn og hafi umfram allt gott pólitískt nef. Hins vegar þykir Alfred ekki mikið fyrir að hlusta á langar pólitískar rökraður og vangaveltur um málefni. Eða eins og samherji úr Framsókn sagði: „Alfred er ekki mikið fyrir langar fundarsetur og alls ekki fyrir þessi umræðustjórnmal sem svo mikið er rætt um í Samfylkingunni þessa dagana.“ Í því sambandi er þó rétt að geta þess að Alfred átti í ágætu sambandi við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þegar hún var borgarstjóri.

Fer sínar leiðir „Alfred fylgir sinni pólitísku sannfæringu út í æsar og gildir þá einu hvort hún er á skjön við flokkslínuna. Maður skyldi

ætla að þetta væri ekki uppskrift að langlífi í pólitík en Alfred er líklega eini maðurinn sem hefur komist upp með þetta og það oft en einu sinni og oft en tvisvar,“ segir gamall vinur og samherji úr Framsókn bætir við: „Alfred er mjög þrjóskur. Hann er kannski ekki óbilgjarn en einhverjir mundu sjálfsgagt kinka kolla ef ég segði hann frekan og ósveigjanlegan.“

Gamall samstarfsmaður úr borgarpólitíkinni segir pólitískan feril Alfreds Þorsteinssonar einsdæmi hér á landi en hann bauð sig fyrst fram í borginni 1970.

Á réttum stað á réttum tíma Alfred er ekki lýst sem þessum hefðbundna vinnupólitíkus. Viðmælandur segja hann kunna þá list að hlífa sér en stökkva síðan fram á hárréttum augnablikum. Þannig er lífsseig sagan af sumarferð Framsóknar um árið, sönn eða login. Alfred á að hafa birst sportlegur og flottur við Umferðarmiðstöðina þar sem fjórar rútur biðu flokksmanna. Eftir að lagt var í ann spurði einhver í hvaða rútu Alfred væri. Enginn átti svör við því og þegar betur var að gáð sást enginn Alfred. En þegar áð var síðdegis austur í sveitum birtist hann eins og hendi væri veifað og átti sína stund með flokksystkinum.

Eins og áður er getið er talið að enginn einn maður í opinberu starfi sé jafn valdamikill peningalega og Alfred, hann slái valdamestu ráðherrana út.

„Það þarf ákveðna hæfileika til að ná þessari stöðu. Hann er afbragðs möndlari, hittir marga „undir vegg“ og virðist hafa tileinkað sér stjórnkænsku langlífustu keisara,“ segir andstæðingur

í pólitík og bætir við: „Það þekkja fáir stofnanir borgarinnar betur en Alfred og það er gott að eiga hann að. Alfred þykir traustur vinur vina sinna og reynist þeim vel sem hafa stutt hann.“

Kalt á toppnum Meðal nafna sem heyrast þegar minnst er á vini og kunningja Alfreds er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi sjálfstæðismanna en gárungarnir kalla þá tvo Vilfred. Þá má nefna Valdimar K. Jónsson, einn af höfuðpaurunum við stofnun R-listans, Erlend Magnússon, sem eitt sinn stýrði Samsölubrauðum, og Gunnar V. Andrússon ljósmyndara.

Alfred hefur yndi af veiðum, bæði lax- og silungsveiðum. Sumarbústaðurinn er hans sælureitur og hann á sitt athvarf í Frímúrara-reglunni.

Látum framsóknarmann hafa síðasta orðið: „Alfred virðist við fyrstu sýn litillátur maður en það dylst samt engum að hann er laundrjúgur, hreykinn af eigin verkum. En tekst að fara nokkuð vel með það. Hann er kannski gamaldags á sinn hátt en það tekur enginn af honum sem honum hefur tekist. Það er kalt á toppnum og stundum kaldara fyrir framsóknarmenn en aðra enda margar atflögurnar sem gerðar hafa verið að Alfred. Menn virðast alltaf vera að reyna að finna eitthvað á hann. En Alfred er kærni en svo að hann láti slíkt fara með sig. Hann stendur alltaf uppréttur eftir atganginn. Styrkist við hverja raun.“

Nafn: Alfred Þór Þorsteinsson.

Fæddur: 15. febrúar 1944

Maki: Guðný Kristjánsdóttir.

Fjölskylda: Þau eiga tvær dætur.

Starf: Borgarfulltrúi R-listans, formaður borgarráðs, 2. varaforseti borgarstjórnar og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur.



Ferð þú með
vinnuna þína upp
í rúm á kvöldin?

Alltaf í vinnunni

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Lýkur þú skylduverkum dagsins heima á kvöldin?

Það getur verið bjarnargreiði að fá „ókeypis“ tölvu frá fyrirtækinu heim til sín. Hættan er sú að menn séu ekki á útopnu yfir daginn og segi sem svo: „Ég lýk þessu bara heima í kvöld eða um helgina.“ Eða að menn skoði tölvupóstinn rétt áður en farið er að sofa og detti þar með inn í tveggja tíma starf.



Gunnar Páll Pálsson, formaður VR

Álag á stjórnendur eykst

„Álag á stjórnendur hefur verið að aukast mikið síðustu ár og heima- vinna hefur sömuleiðis vaxið mikið með tilliti nýrrar tækni. Kannski er fólk að fá hlutina í bakið. Það eru hreint ekki allir sem líta á það sem góðan kost að fá síma og tölvutengingu frá vinnuveitanda heim til sín,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur. „Okkur berast reyndar ekki margar kvartanir vegna þessa, sem getur verið vegna þess að heimavinna er í flestum til- fellum illa skilgreind eða skrásett í vinnusamningi. Fyrir vikið verður sönnunarfærsla erfið, auk þess sem margir, sem hafa aðstöðu til fjarvinnslu á vegum vinnuveitanda, eru á föstum launum fyrir alla vinnu.“

VR fylgist reglulega með þróun vinnutíma og samsetningu hans. Í könnunum, sem gerðar hafa verið síðustu ár, birtast athyglisverðar staðreyndir. Vaxandi hópur félagsmanna fær ekki greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu, heldur aðeins svokölluð pakkalaun þar sem tekið er mið af verkefnum og árangri fremur en vinnustundafjölda. Þetta gildi um 27% þátttakenda í könnun félagsins árið 1999 en 34% á sl. ári. Alls 47% VR-félaga fengu í fyrra alla yfirvinnu sína greidda en 55% fyrir fimm árum. Þróunin er augljós.

Fjórðungur vinnur heima

Í könnun VR á síðasta ári kom fram að 20% aðspurðra voru með GSM-síma á vegum vinnuveitanda og 17% fengu símakostnað endur- greiddan. Um 10% höfðu tölvutengingu heima sem vinnuveitandi greiddi og 7% með tölvu sem sá hinn sami lagði til. Þessi tækni opnar möguleikann á hvers konar fjarvinnu og kannanir VR leiða í ljós að tæpur fjórðungur fél- agsmanna rækti störf sín að einhverju leyti þannig og sat við tölvuna heima vegna vinnunnar í tíu stundir eða meira í hverri einustu viku. Mest var fjar- vinnan meðal stjórnenda og sérfræðinga, alls sinntu 42% þeirra störfum sínum að einhverju leyti þannig.

„Mín tilfinning er að fólki finnist ekki sami vegs- auki og áður að vera með tölvu á vegum vinnuveit- anda. Þessu fylgja nefni- lega líka talsverðir ókostir sem ekki var spáð mikið í áður,“ segir Gunnar Páll sem bætir við að miklu vinnuálagi fylgi hætta á kulnun í starfi.



Gunnar Páll Pálsson, formaður VR.

Kannanir hafa leitt í ljós að vinnutími fólks í ýmsum skrif- stofu- og stjórnunarstörfum hefur verið að lengjast síðustu árin. Þetta tengist að nokkru leyti því að fartölva og sími, sem vinnuveitandi leggur til, er orðinn hluti af kjörum margra stétta.

En er vinnutími fólks í ábyrgðarstörfum að nálgast óhóf og er sú fagra framtíðarsýn, sem margir sáu fyrir sér með aukinni samþættingu einkalífs og vinnu, beinlínis farin að snúast upp í andhverfu sína? Hefur byltingin étið börnin sín?

Allir þekkja að á nánast furðulegustu tímum sólarhrings berst tölvupóstur ellegar við sitjum sjálf við lyklaborðið á kvöldin eða fram á nótt við að afgreiða ýmis erindi, svo sem svara pósti, greiða reikninga, skoða fréttir dagsins og fleira. Sá sem þetta skrifar sendi nýlega á föstudegi tölvupóst til stjórnanda í fjármálastofnun í Reykja- vík og fékk svar síðdegis á laugardegi. Yfirmaður í stóru fjarskipta- fyrirtæki, sem ég sendi póst að morgni dags, svaraði síðla kvölds. Blaðamaður á Frjálsri verslun var fyrir fáum árum að ganga frá viðamikilli umfjöllun og vann alla nóttina. Sendi póst klukkan fimm að morgni til framkvæmdastjóra stórs fyrirtækis í Reykjavík. Og viti menn, svar barst tveimur mínútum síðar. Halda má lengi áfram með dæmisögur á þessum nótum. [\[1\]](#)



„Enginn vinnuveitandi ætlast til þess að starfsmenn vinni allan sólarhringinn, þó að kröfurnar geti vissulega verið miklar.“

Hilmar G. Hjaltason, ráðgjafi hjá IMG-Gallup. „Til okkar leita fyrirtæki sem þurfa starfsfólk sem er reiðubúið til þess að giftast vinnunni.“

Blaðamaður á Frjálsri verslun var fyrir fáum árum að ganga frá viðamikilli umfjöllun og vann alla nóttina. Sendi póst klukkan fimm að morgni til framkvæmdastjóra stórs fyrirtækis í Reykjavík. Svar barst tveimur mínútum síðar.

Hjalti G. Hjaltason, ráðgjafi hjá IMG-Gallup

Sjálfsagt – eða hlunnindi

Hilmar G. Hjaltason er ráðgjafi IMG-Gallup og hefur einkum sinnt ráðningum fólks í sérfræði- og stjórnunarstörf. Hann segir að í dag geri fólk, sem komi í viðtöl vegna slíkra starfa, undantekningalítið kröfu um farsíma og tölvu frá væntanlegum vinnuveitanda. „Umsækjandanum finnst þetta sjálfsagt, en fyrirtækin líta fremur á þetta sem hlunnindi. Starfsmenn í efri lögum fyrirtækja eru þó undantekningalítið með síma á vegum vinnuveitanda, en að fá tölvu er ekki alveg jafn algengt.“

Í mörgum tilvikum er, að mati Hilmars, hagur bæði vinnuveitanda og starfsmanni til bóta að honum sé lögð til tölva. Menn í stjórnunarstöðum séu ósjaldan fastir tímunum saman á fundum og þegar venjulegum dagvinnutíma sleppi eigi þeir eftir að svara pósti dagsins og sinna ýmsum erindum öðrum. Ef málin geta ekki beðið næsta dags sé þægilegt að komast heim á skikkjanlegum tíma og ljúka svo verkum dagsins þegar börnin eru komin í ró og heimilisskyldum hefur verið sinnt.

„Auðvitað skapar þetta hættu á því að vinnan yfirkeyri allt, en þarna verður fólk einfaldlega að finna sín eigin takmörk milli vinnu og einkalífs. Enginn vinnuveitandi ætlast til þess að starfsmenn vinni allan sólarhringinn, þó kröfurnar geti vissulega verið miklar,“ segir Hilmar.

Giftist vinnunni

Með prófum, innsæi og mannþekkingu kappkosta ráðgjafar að finna rétta einstaklinginn sem fyrirtæki leitar að í ákveðin störf. Við þessar kringumstæður þarf að taka tillit til mjög margra þátta, svo sem menntunar, skaphafnar og hæfileika umsækjenda en einnig fyrirtækisins sem í hlut á. Hverjar eru kröfur þess og innri menning? Eiga fyrirtækið og starfsmaðurinn samleið?

„Stundum leita til okkar fyrirtæki, til dæmis í fjárfestingageiranum, sem þurfa starfsfólk sem er reiðubúið til þess að giftast vinnunni. Vera alltaf á vaktinni og tilbúið til þess að leggja sig allt fram og láta sumarfríð jafnvel víkja þegar mikilvæg verkefni koma upp. Slíkir starfsmenn er sjálfsagt að fáí fartölvu,“ segir Hilmar G. Hjaltason.

Sæmundur E. Þorsteinsson hjá rannsóknardeild Símans:

Maki telur lífsgæði sín skerðast

Maki einstaklings, sem sinnir vinnu sinni að einhverju leyti heima hjá sér í fjarvinnu, telur lífsgæði sín skerðast af þeim sökum. Starfsánægja þess sem stundar vinnu sína heima vex aftur á móti í samræmi við þann sveigjanleika sem hann skynjar af hálfu vinnuveitanda.

Þetta kemur meðal annars fram í viðamikilli könnun sem fjar-skíptaafyrirtæki í fimm Evrópulöndum, þar á meðal Síminn, gerðu fyrir fimm árum. Tekin voru viðtöl við fjarvinnufólk, á Íslandi, í Noregi, Bretlandi, Portúgal og Ítalíu. Könnuð voru lífsgæði þess fólks og fjölskyldna þeirra, afstaða fyrirtækjanna og ýmsir félags- og umhverfislegir þættir.

Rétt eins og ánægja í starfi eykst ef starfsmaður hefur ákveðið frelsi, minnkar öll streita með auknu frelsi. Sama gildir um framleiðni, hún eykst með þeirri einbeitingu sem næst í ró og næði heima. Vissar niðurstöður þessarar könnunar segja að sá sem sinnir starfi sínu heima skynji betri tengsl við sína nánustu en áður var, en maki telur fjarvinnuna aftur á móti skerða lífsgæði sín. Þó að starfsmaður telji sig í betri tengslum við vinnufélaga og stjórnendur með meiri sveigjanleika, eru yfirmenn ekki sömu skoðunar. Þeir skynja minni nálægð og jafnvel að afköstin séu ekki hin sömu og ef vinnunni væri sinnt með gamla laginu.

Í niðurstöðum könnunarinnar segir að hin sterku neikvæðu áhrif fjarvinnu á lífsgæði makans séu athyglisverð – og eigi sér vísast nokkrar skýringar. „Hugsanlegt er að makinn telji aðstæður fjarvinnumannsins ákjósanlegar og heimfæri þar upp á sjálfan sig. Þar sem hann nýtur ekki svo góðra aðstæðna telur hann lífsgæði sín verri en ella,“ segir í þessari könnun sem þau Sæmundur E. Þorsteinsson og Sigrún Gunnarsdóttir hjá rannsóknardeild Símans unnu í samstarfi við Gallup og fjögur evrópsk fjarskiptaafyrirtæki.



„Starfsánægja þess sem stundar vinnu sína heima vex í samræmi við þann sveigjanleika sem hann skynjar af hálfu vinnuveitanda.“

Sæmundur E. Þorsteinsson hjá rannsóknardeild Símans. Framleiðni starfsmanna eykst með frelsi í fjarvinnu, segja niðurstöður könnunar.



„Barnafólk um þrítugt vill vera laust frá vinnu þegar skóladegi barnanna sleppir, en geta lokið verkefnum dagsins á kvöldin þegar börnin eru komin í ró.“

Ingunn Björk Vilhjálmssdóttir, starfsmannastjóri Eimskips.

Ingunn Björk Vilhjálmssdóttir, starfsmannastjóri Eimskips

Reynt að mæta aðstæðum

Að vafra um á Netinu er lúmskur tímaþjófur, hvað þá þegar fólk er með spjallrásir eins og MSN. Á mörgum vinnustöðum er notkun þeirra bönnuð, ellegar til þess mælst að fólk noti þær ekki í einkarindum. „MSN er ekki hluti af skrifstofuferfi okkar, en æ háværi krafa er um að það sé sett upp svo starfsmenn geti átt betri samskipti milli deilda og við viðskiptavini. Við erum að skoða sambærilegar lausnir og MSN fyrir slík samskipti,“ segir Ingunn Björk Vilhjálmssdóttir, starfsmannastjóri Eimskips.

Hjá Eimskip er leitast við að samræma vinnu og einkalíf með gagnkvæmum sveigjanleika, í samræmi við þá stefnu fyrirtækisins að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Fyrir fáum árum bauð fyrirtækið öllum sínum starfsmönnum að kaupa tölur á góðum kjörum. Segir Ingunn að fólk geti þá meðal annars fylgst með fréttum úr starfsemi félagsins á innra netinu, sem hafi raunar vakið upp þörf meðal starfsmanna fyrir menntun og fræðslu.

„Hér áður fyrr var meira um að starfsmenn ynnu fram eftir, meðal annars vegna þess að þeir höfðu ekki aðgang að tölvu heima. Mér finnst viðhorfin til þessa hafa breyst talsvert á þeim sjö árum sem eru liðin síðan ég hóf störf hjá Eimskip. Hér kann margt að valda, meðal annars aukin tölvunotkun og eins hafa orðið ákveðin kynslóðaskipti í félaginu. Hjá Eimskip starfar stór hópur fólks um og yfir þrítugt, sem gjarnan er með ung börn. Þetta fólk vill vera laust frá vinnu þegar skóladegi barnanna sleppir, en geta svo lokið verkefnum dagsins á kvöldin þegar börnin eru komin í ró. Þessum aðstæðum er reynt að mæta og felum við þá yfirmanni hvernar deildar frekari útfærslu í samræmi við óskir og þarfir starfsmannsins,“ segir Ingunn Björk.

Í YFIRVINNU VEGNA NETSINS




„Margir starfsmenn tala um að það minnki streitu að vinna heima á kvöldin og um helgar, kíkjja yfir póstinn og afgreiða mál.“

Vilborg Loftsbjörnsdóttir, starfsmannastjóri Íslandsbanka:

Heimavinna minnkar streitu

„Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma, þannig að ef hentar og ef þörf krefur geta starfsmenn sinnt verkefnum heiman frá sér og utan venjulegs vinnutíma. Ýmsir starfsmenn eru þó bundnir á staðnum, svo sem þeir sem eru í framlínu eða tengslum við Kauphöllina,“ segir Vilborg Loftsbjörnsdóttir, starfsmannastjóri Íslandsbanka.

Allstórum hópi starfsmanna Íslandsbankans, sem er mikið á ferðinni og þarf ævinlega að vera tiltækur, er látinn sími í té. Allir starfsmenn geta opnað tölvupóst sinn að heiman og vissir hópar eru með meiri aðgang en aðrir utan vinnustaðar að tölvu-kerfi bankans, til að sinna ákveðnum verkefnum. Þó er enginn starfsmaður með aðgang að heiman inn á viðskiptakerfi bankans. „Margir starfsmenn tala um að það minnki streitu að vinna heima á kvöldin og um helgar, kíkjja yfir póstinn og afgreiða mál. Við verðum líka vör við það að margir starfsmenn athuga póstinn þó þeir séu í frí,“ segir Vilborg.

Sérfræðingar og stjórnendur Íslandsbanka eru almennt á föstum launum sem í æ ríkara mæli taka mið af frammistöðu og árangri en ekki fjölda unninna stunda á vinnustað. „Við höldum ekki miðlægt utan um vinnustundafjölda starfsmanna á föstum launum. Þó má gera ráð fyrir að framlag þeirra sé að meðaltali meiri en 40 stundir á viku. Áður var meira um að greitt væri fyrir beina yfirvinnu og oft var mikil yfirvinna hjá ákveðnum hópum. Starfsmenn í dag gera kröfu um jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Hjá ákveðnum hópum koma alltaf tímabil þar sem þarf að vinna mikið og starfsmenn leggja sig alla fram um að ná árangri. Íslandsbanki er í samkeppnisumhverfi, þar sem mikil áhersla er lögð á frammistöðu og árangur. Hins vegar þarf ekki endilega að vera jafnaðarmerki milli langs vinnutíma og árangurs. Forgangsröðun í starfi og réttar áherslur skipta ekki síður máli. Við viljum að okkar fólk gæti jafnvægis milli vinnu og einkalífs og á slíku bera starfsmaður og bankinn sameiginlega ábyrgð,“ segir Vilborg Loftsbjörnsdóttir. 

Vilborg Loftsbjörnsdóttir, starfsmannastjóri Íslandsbanka. „Starfsmenn í dag gera kröfu um jafnvægi milli vinnu og einkalífs.“



“Tikilluaritsi”

[Redacted text block consisting of several lines of blacked-out text]

[Redacted text block consisting of three lines of blacked-out text]



...ÞEGAR ÉG HEF

Hildur Elín Vignir, forstöðumaður þjálfunarlausna IMG Ráðgjafar, skrifar hér um stjórnunarnám-skeiðið GERÐU ÁRANGUR ÞINN SÝNILEGAN.

Dugir ekki að standa sig í vinnunni? Jú, en það þarf að markaðssetja allt, hversu sjálfsagt sem okkur þykir það. Það þarf að „gera árangur sinn sýnilegan“. Fyrir nokkrum árum var t.d. byrjað að auglýsa og markaðssetja mjólkina okkar sem hefur þótt í gegnum tíðina eins sjálf-sögð og vatnið úr krananum - sem nú er reyndar selt og markaðssett á flöskum.

Það er ekki nóg að vera framúrskarandi starfsmaður á bak við tjöldin, við þurfum að vera tilbúin að stíga skrefinu lengra og þora að gera árangur okkar sýnilegan. Það eru allt of margir hræddir við það. Það er til dæmis engin tilviljun að oft á tíðum kynna sömu mennirnir niðurstöður hópavinnu, eða nýjar hugmyndir sem fleiri eiga þátt í en þora ekki að standa upp og kynna. Eftir hverjum ætli sé þá munað næst þegar veitt er stöðuhækkun?

Að þekkja sjálfan sig

Námskeiðið „Gerðu árangur þinn sýnilegan“ hefst á ýtarlegri sjálfsskoðun þar sem þátttakendur fylla út persónuleika-prófið OPQ32 sem metur dæmigerða hegðun, hugsun og tilfinningar einstaklings í starfi.

Rétt er að hafa í huga að markmiðið er að auka skilning á sjálfum sér, það eru engin rétt eða röng svör, ekki verið að dæma betri eða verri persónuleika. Hins vegar er ljóst að aukin sjálfspæking leiðir til meira sjálföryggis. Þeir sem þekkja sjálfa sig eru betur í stakk búnir til að takast á við lífið, læra af mistökum sínum og vera stöðugt að þróa sjálfa sig.

Því er mikilvægt að hlúa að styrkleikum sínum og draga úr hindrunum en staðreyndin er sú að við gerum of mikið af því

að velta okkur upp úr veikleikum okkar í stað þess að hlúa að og byggja á styrkleikumunum.

Mikilvægt er að huga vel að eigin starfsþróun: Hvert stefni ég? Hvert vil ég að starfsframi minn leiði? Hvað þarf til að ég nái markmiðum mínum, hvar get ég byggt á eigin styrkleikum og hvað getur hindrað mig í að ná þeim árangri sem ég stefni að? Er eitthvað sem getur hindrað mig í því að taka frumkvæði og vera sýnilegri en ég er í dag?

GERÐU ÁRANGUR ÞINN SÝNILEGAN -að kynnst styrkleikum sínum

AUÐLIND; Að þekkja sjálfan sig

1. Að læra að þekkja sjálfan sig.
2. Starfsþróun.
3. Að taka frumkvæði og vera sýnilegur.

VIRKJUN; Að virkja hæfileika sína

4. Markmiðasetning.
5. Tímastjórnun.
6. Tengslanet.
7. Að takast á við óttann.

MARKAÐSSETNING;

Að koma sér á framfæri

8. Áhrif og sannfæringarkraftur.
9. Glærugeta.
10. Ræðumennska.
11. Að tala af sannfæringu.
12. Framkoma í fjölmíðlum.
13. Að byggja upp eigin ímynd.

AÐ FARA Á FLUG

14. Skapandi hugsun og skrif.
15. Útskrift.

Að virkja hæfileika sína

Þættir eins og að setja sér markmið, tímastjórnun, tengslanet og að takast á við óttann eru lykilatriði sem stuðlað geta að betri árangri í lífi og starfi.

Tengslanet eru í sjálfu sér ekkert ný af nálinni og gömlu skóla-tengslanetin hafa alltaf verið til staðar. Það að nota tengslanet meðvitað og skipulega til að ná auknum árangri er hins vegar mjög að ryðja sér til rúms. Hverjum hefði til dæmis dottið í hug fyrir nokkrum árum að til yrði „Evrópskt tengslanet um atvinnurekstur kvenna“ eða að sett yrðu upp námskeið um notkun tengslaneta? Það er sama hvort er í einkalífi, félagsmálum, stjórnmálum eða starfi; tveir eru sterkari en einn.

Óttatilfinningin er eins eðlileg og ást og reiði og er eðlilegur hluti af því að læra og þroskast. Að segjast óttast ekkert er eins og segjast geta verið án matar; „...ég óttast þetta ekkert – bara vil það ekki.“ Þetta getur t.d. verið ótti við að missa vin, gera sig að athlægi, eða óttinn við gagnrýni.

Óttinn er kannski ekki við ákvörðunina sem slíka heldur afleiðingar hennar, því við eyðum meiri tíma í að lifa við afleiðingar ákvarðana okkar en við verjum í að taka þær. Við beitum fyrir okkur ýmiss konar fyrirslætti eins og:

...þegar.... þá mun ég örugglega....

...ef ég bara væri ekki...

...þegar ég hef...þá ætla ég...

...ÞÁ ÆTLA ÉG...

Markmið og sjálfsagi

Varðandi markmiðin er mikilvægt að hafa í huga nokkur atriði sem auka líkurnar á að þau náist. Í fyrsta lagi þarf að spyrja sig: Er þetta mitt markmið? Síðan að velta fyrir sér: Eru þær aðgerðir sem ég geri í dag í samræmi við markmið mín til lengri tíma? Get ég séð það fyrir mér í huganum að ég nái þessu markmiði? Reynslan hefur sýnt að við að skrifa markmiðin niður á blað verða þau skýrari, þau fá meira vægi og líkurnar á að þau náist aukast til muna.

Tímastjórnun snýst að mörgu leyti um okkar eigin viðhorf. Höfum við þá trú að við höfum stjórn á eigin lífi? Getum við sýnt sjálfsaga? Trúum við því að við getum sjálf haft áhrif á það sem gerist í lífi okkar og trúum við á að það sé alltaf tími fyrir mikilvæg atriði? Við verðum alltaf að byrja á því að líta í eigin barm og skoða hver okkar eigin viðhorf eru.

Tíminn er núna!

Ef þú vilt ná árangri í hverju sem er þá er tíminn NÚNA, ekki á morgun, ekki í næstu viku, ekki seinna! Öflugasta leiðin til aukins árangurs, til þess að líða betur og styrkjast er að yfirstíga óttann og framkvæma. Við gerum öll eitthvað á leiðinni sem við teljum mistök, en þá er bara að fyrirgefa okkur þau, læra af þeim og halda áfram.

Hvort við upplifum okkur sem fórnarlömb í eigin aðstæðum eða tökum skrefið og gerumst stjórnendur í eigin lífi er okkar ákvörðun. Ef við höfum trú á okkur sjálf, þá munu aðrir gera það líka.

Að koma sér á framfæri

Mjög mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir hvernig það virkar í samskiptum og hvernig það hefur áhrif. Hvaða atriði eru það sem hafa áhrif við að byggja upp eigin ímynd? Hvernig virkum við þegar við komum fram, höldum ræðu og hvað þarf að hafa í huga við framkomu í fjölmiðlum? Allt eru þetta þættir sem skipta töluverðu máli - sérstaklega í þeim tilvikum þegar atvinnurekendur, viðskiptavinir eða einhverjir þeir sem hafa áhrif á það hvert viðkomandi stefnir í sínum starfsframa eru kaupendurnir.

Sumir hafa áhyggjur af því að vera of ákafir og bókstaflega vinna gegn sér með of mikilli „sölumennsku“. Vissulega er ákveðin hættu á því, sérstaklega í umhverfi sem maður þekkir illa. Einnig ef menn tileinka sér í einhverjum mæli að „selja“ eitthvað sem engin innistæða er fyrir. Um leið og það gerist og menn standa ekki undir væntingum sem til þeirra eru gerðar þá er búið að rjúfa ákveðið traust sem getur verið erfitt að byggja upp aftur.

HEFURÐU SJÁLFSTRAUST TIL AÐ KOMA ÞÉR Á FRAMFÆRI?

Það er ekki nóg að vera framúrskarandi starfsmaður bak við tjöldin, við þurfum að vera tilbúin að stíga skrefinu lengra og þora að gera árangur okkar sýnilegan.

ÞÚ ÞARFT:

- *Aukinn skilning á hegðun þinni og hvernig hún hefur áhrif á fólk.*
- *Færni í árangursríkri hugsun.*
- *Aukna trú á eigin getu.*
- *Öryggi í að koma hugmyndum þínum á framfæri.*
- *Bætta stjórn á tíma þínum og streitu.*
- *Betra tengslanet.*

Að fara á flug

Nýjar hugmyndir, nýjar leiðir og ný hugsun. Hvernig má nota hana í viðskiptalífnum? Hvernig má nota skapandi hugsun á fundum til að leita uppi góðar hugmyndir og snjallar lausnir? Það er hæglega hægt að sækja sér innblástur í viðskiptum úr listum og ekki síst lífinu sjálfu. Það kostar ekkert að láta sér detta eitthvað í hug. Þetta þýðir að hægt er að stækka sjóndeildarhringinn verulega með því einu að gefa sér tíma til að hugsa og fá hugmyndir.

Hver er sinnar gæfu smiður

Það er ekki nóg nú til dags að standa sig í vinnunni. Það ert þú sem þekkir sjálfa(n) þig best. Það er undir þér komið að virkja þá hæfileika, núna strax, og koma þeim á framfæri þar sem það skiptir máli. Þannig kemst þú á flug, þannig geturðu náð þeim árangri í starfi sem þig dreymir um. [f](#)

Greinarhöfundur,
Hildur Elín Vignir.
Mynd: Geir Ólafsson.



Forstjóraskipti hafa orðið hjá erkifjendum Vífilfelli og Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

Andri Þór Guðmundsson

tók um áramótin við af Jóni Diðrik Jónssyni sem forstjóri Ölgerðarinnar og

Árni Stefánsson tók í byrjun mars við forstjórastarfinu af Þorsteini M. Jónssyni, sem verið hafði forstjóri Vífilfells sl. 9 ár, en hann er aðaleigandi fyrirtækisins og starfandi stjórnarformaður þess.

Mikil harka er núna í sölu á sykurlausum gosdrykkjum þar sem Ölgerðin er í stórsókn með Pepsi Max.

TEXTI: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

ERKIFJENDUR


ANDRI ÞÓR GUÐMUNDSSON
nýr forstjóri Ölgerðarinnar

„Við erum minni aðilinn og hvorki getum né viljum vera í þessari samkeppni við Vífilfell með ósanngjörnum hætti. Það er ljóst að sterkasta vörumerki Vífilfells, Coca Cola, dregur vagninn fyrir þá og minni merkin eins og Fanta og Sprite njóta góðs af. Þessi áhrif sér maður þó fara minnkandi eftir því sem Pepsi og Pepsi Max styrkja stöðu sína,“ segir Andri Þór Guðmundsson, nýr forstjóri Ölgerðar Egils Skallagrímssonar. Þess má geta að Ölgerðin kom best út í mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar nýverið, fjórða árið í röð, og hafði mikla yfirburði í flokki framleiðslufyrirtækja.

„Sem dæmi fengu allar vörur Vífilfells undantekningalaust hillupláss hlið við hlið áður en okkar vörur komu fyrir augu neytandans. Eðlilegra er að hilluplássi sé úthlutað eftir veltu og við erum að sjá breytingar í þessu, sem er mjög mikilvægt fyrir okkur.

Viðskiptavinurinn tekur ákvörðun á fyrstu sekúndunum þegar hann gengur fram hjá þessum vöruflokki. Söluhæstu vörurnar eiga að vera fremstar í flæði. T.d. á Pepsi Max að vera á undan sykurlausu Coke og Appelsín á undan Fanta. Pepsi Max er mest seldi sykurlausu kóladyrkkurinn og því eðlilegt að honum sé stillt upp á undan Diet Coke og fái meira hillupláss. Þetta er ein af orrustunum sem við heyjum á hverjum degi og okkur er að takast að breyta þessu í fjölda verslana.“

Maður heyrir stundum afgreiðslufólk segja að það sé „bara“ til Pepsi. Er ekki erfitt að breyta þessari ímynd almennings á kóladyrkkjum?



Andri Þór Guðmundsson,
forstjóri Ölgerðarinnar
Egill Skallagrímsson.

SKIPTA UM FORSTJÓRA

„Við stefnum markvisst að því að breyta þessu og höfum gert það á undanförmum árum. Ímynd Pepsi er nú allt önnur en hún var fyrir þremur árum og í viðhorfskönnunum kemur fram að yngri aldurshópar hallast í auknum mæli að Pepsi. Í sumum aldurshópum vilja jafnvel fleiri Pepsi en Coke. Í Appelsíninu njótum við þess oft að þegar beðið er um appelsín er sagt að „bara“ sé til Fanta. En þetta er langtímamarkmið.

Allar framleiðsluvörur okkar eru fyrsta flokks og því markmiði verður aldrei fórnað. Gæði eru í öndvegi hjá fyrirtækinu og allt sem við gerum þarf að standast gæði og á það jafnt við um vörur okkar, þjónustu,

símsvörun, aksturslag á merktum bílum, útskrift reikninga og innheimtu. Allt sem gert er þarf að vera fyrsta flokks og rétt gert frá upphafi til enda.

Til að lifa þarf fyrirtækið að vaxa hraðar en samkeppnisaðilar. Þannig höfum við t.d. aukið markaðshlutdeild Tuborg um 27% milli ára. Stefnt er að því að 10% af framlegð fyrirtækisins komi frá nýjum vörum, þ.e. innri vexti. Auknum vaxtarhraða náum við m.a. með framsæknum vinnubrögðum og vörubröun. Við leitum hagkvæmstu leiða í innkaupum, framleiðslu og fjárfestingum og sýnum heiðarleika í hvívetna, gætum m.a. trúnaðar í meðhöndlun upplýsinga,

höfum hugrekki til þess að taka á vandamálum áður en þau verða of stór og eins er nauðsynlegt að viðurkenna mistök.“

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1992. Næstu ár var hann í ýmsum störfum, rak m.a. kvikmyndahúsið Regnbogann, var markaðsstjóri hjá Almenna bókafélaginu og aðstoðarforstjóri hjá Lýsi en fór þá til framhaldsnáms í Rotterdam School of Management í Hollandi og tók þar MBA-gráðu árið 2002. Sem hluta af náminu tók hann eina önn á Indlandi, en áhugi Andra beindist þá mjög að viðskiptum við Asíu. Þaðan lá leiðin til



Árni Stefánsson,
nýr forstjóri Vífilfells.

Ölgerðarinnar sem framkvæmdastjóri fjármála- og þróunarviðs og var þar t.a.m. vatns- og vínútflutningur á hans könnu. Þann 1. nóvember sl. tók Andri svo við starfi forstjóra Ölgerðarinnar af Jóni Diðriki Jónssyni.

„Markmið ársins er auðvitað sókn, en sókn með aðhaldi. Við hyggjumst ýta upp tekjulínunni án þess að hækka rekstrar-kostnað, beita öguðum vinnubrögðum og hafa skýrar boðleiðir, beina sjónum okkar að því sem skiptir máli, laga ferla, beita aukinni framleiðslustýringu og mælingum og vinna samkvæmt 5 ára vörubrúna-áætlun. Markaðssetning verður áfram öflug og fjárfest verður í vörubrúna.“

ÁRNI STEFÁNSSON, nýr forstjóri Vífilfells

„Í matvörugeiranum höfum við nær 64% markaðshlutdeild í heildina í gosdrykkjum þar sem aðgangur gosdrykkjaframleiðenda er í hlutfalli við markaðsstöðu þeirra. Inni í þeim tölum er ekki sala til veitingastaða, enda er salan þar ekki mæld af A. C. Nielsen.

Á veitingastöðunum er ekki jafn aðgangur, þar er oft eingöngu selt Coke eða bara Pepsi,“ segir Árni Stefánsson, nýr forstjóri Vífilfells.


„Í sykrudum kóladykkjum höfum við hins vegar afgerandi forystu á markaðnum, en söluhlutdeild Coca-Cola er um 85% á mótinu innan við 15% hlutdeild Pepsi Cola. Aðrir drykkir eru aðeins með tæplega 1% af markaðnum. Enn er algengt að þegar fólk hyggst kaupa kóladykk að það biðji um „kók“, ímynd hans er þetta miklu sterkari en ímynd kóladykkja samkeppnisaðilana, eins og t.d. Pepsi.

Í sölu á safu og djús á matvöru-markaðnum er hlutdeild okkar einnig stærst. Við erum með 41,4% samkvæmt síðustu tölum. Aðföng, sem eru okkar stærsti viðskiptavinur, er með 20,7% markaðarins, en jafnframt eru þeir okkar helsti keppinautur á safamarkaðnum. Tryggt neytenda er miklu meiri við tegundir í gosdrykkjum en í safu og djús. Eins virðast neytendur huga mun meira að verði en áður var þekkt.

Auðvitað má deila um það hvort samkeppnin sé alltaf eðlileg í veitingageiranum þar sem oft er bitist um að fá allan bitann eða ekkert eftir útboð. Yfirleitt er þetta það

flókin og dýr tækjabúnaður, t.d. í gosvélum sem geta kostað allt að hálfri milljón, að það gengur ekki að vera með vélar frá tveimur framleiðendum. Ætli hlutur okkar í þessum útboðum sé ekki um 70%, svo ég reikna með að heildarmarkaðshlutdeild Coca-Cola mundi aukast enn frekar ef viðskiptin við veitingastaðina væru tekin með.“

Árni Stefánsson hefur unnið hjá Vífilfelli í rúm 6 ár. Hann var í fyrsta stúdentaútskriftarhópi VMA á Akureyri árið 1985, lauk síðan BS-námi frá Tækniskólanum í alþjóðamarkaðsfræði og hélt loks til Skotlands og lauk MSc prófi í alþjóðamarkaðsfræði frá Strathclyde University í Skotlandi.

Í samræmi við stefnumótunavinnu sem unnin var í fyrra er skipulega unnið að því hjá Vífilfelli að auka framleiðsluna og þar með markaðshlutdeild í öllum tegundum og eins er verið að hugleiða það að fara út á nýjar brautir í rekstrinum. Árangurinn af sameiningu Vífilfells og Sólar-Víkings sýni starfsmönnum að fyrirtækið veldur því vel að fá nýja starfsemi og nýjar vörur inn í húsið og því sé töluverður áhugi hjá starfsmönnum að halda áfram að víkka út starfsemi með nýjum vörum. 

MARKAÐURINN - MOLAR

VÍFILFELL

Velta: 5,8 milljarðar.
Starfsmenn: 210.

ÖLGERÐIN

Velta: 5,2 milljarðar.
Starfsmenn: 140.

Í MATVÖRUGEIRANUM hefur Vífilfell nær 64% markaðshlutdeild í heildina í gosdrykkjum.

SALA SYKURSKERTRA drykkja jókst um 23% í fyrra frá árinu 2003. Sala sykraðra drykkja dróst hins vegar saman um 1,5%. Árið 2002 var hlutur sykraðra drykkja 75% á mótinu 25% sykurlausra drykkja. Ef þróun verður áfram svipuð verður neyslan orðin jöfn árið 2011 en ef kolsýrt vatn er tekið með gerist það árið 2009.

Í SYKURLAUSUM drykkjum seldi Vífilfell 3,6 milljónir lítra í fyrra og jók sölu um 8,1%. Ölgerðin seldi 3,1 milljónir lítra og jók sölu um

um 43,3% milli ára og munar þar mest um stórkafna sölu á Pepsi Max.

SALA SYKRAÐRA DRYKKJA. Samkvæmt sölutölum frá A.C. Nielsen, sem mælir sölu í stórmörkuðum og bensínstöðvum, seldi Vífilfell 10,5 milljónir lítra af sykrudum drykkjum í fyrra og dróst salan saman um 0,98% milli ára. Ölgerðin seldi 5,3 milljónir lítra og var samdrátturinn 2,52%.

Í SYKRUDUM kóladykkjum hefur Vífilfell forystu á markaðnum, en hlutur Coca-Cola er þar rúm 85% á mótinu innan við 15% hlutdeild Pepsi Cola.

NEYSLA Á BJÓR á Íslandi er um 55 lítrar á mann á ári á sama tíma og meðalneyslan í Vestur-Evrópu er um 75 lítrar á mann. Söknafræin eru því enn umtalsverð. Í löndum þar sem bjórneyslan á sér mjög langa sögu er neyslan langt yfir 100 lítra á mann. En á Íslandi

jókst hann um nær 8% á sl. ári, og sú þróun heldur áfram.

BJÓRSALA Á ÍSLANDI. Hlutdeild Vífilfells var tæplega 45% í marsmánuði og hefur verið svipuð undanfarna mánuði, en Ölgerðin var með rúm 25% markaðshlutdeild. Hlutdeild íslenskra bjórframleiðenda er því um 70%.

BJÓRSALA.

(Söluhæstu tegundir í mars)

Viking	15,7%
Thule	9,2%
Faxe Premium	8,3%
Viking Lite	7,4%
Carlsberg	6,6%
Egils Gull	6,0%
Tuborg grön	5,9%
Egils Pilsner	4,8%
Heineken	3,9%
Bavaria	2,6%



Samsung D500

Lífstíll
samskipti
hreyfanleiki



• Auta hífari
fylgr með

Besti sími í heimi

- 262.000 lta TFT skjár • 1,3 milljón dla myndavél með ljól • bláttönn
- MP3 spilar • 98 MB innra minni • handtjále notkun • radistyrking fyrir hávaða • myndbandsupptaka með HJ661 eitt að 60 mín.
- Trí-band • T9 íslensk orðabók • 99 grömm
- D500 var valinn besti farsíminn á 3GSM World Congress 2005

SAMSUNG

www.td.lifa.samsung

LISTI SUNDAY TIMES

AUÐJÖFRAR BRETLANDS

Fjórir Íslendingar eru í fyrsta sinn á lista Sunday Times yfir 1.000 ríkustu menn Bretlands. Þetta eru þeir **Björgólfur Thor Björgólfsson, Ágúst og Lýður Guðmundssynir og Jón Ásgeir Jóhannesson.**

TEXTI: **SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**



Indverjinn Lakshmi Mittal og Rússinn Roman Abramovich eru ríkustu menn Bretlands.

Auðkýfingalisti Sunday Times, yfir 1.000 auðugustu Bretana og útlendinga sem búa hér á Bretlandseyjum er árlegur viðburður. Í fýsta sinn eru fjórir Íslendingarnir á listanum, þeir Björgólfur Thor Björgólfsson, Ágúst og Lýður Guðmundssynir og Jón Ásgeir Jóhannesson. Í inngangsgrein er einmitt bent á „Íslensku innrásina“ og talað um Jón Ásgeir og Baug, sem ávallt hlýtur mesta athygli Íslendinganna í umfjöllun hér því hann á svo þekkt vörumerki. Auk þess er sérstök umfjöllun um hann í listanum sjálfum. Af öðru íslensku ívafi er hin hálfíslenska skókdrottning Linda Kristín Bennett á listanum og Moussaieff-fjölskyldan.

Indverskur stálkarl trónir á toppnum Sá, sem trónir langefst á aðal-listanum, er Lakshmi Mittal, 54 ára Indverji af stálbræðsluætt, en hefur af eigin rammleik byggt upp stálveldi, sem spannar hnöttinn. Það eru ekki síst kaup á gömlum stálbræðslum í Austur-Evrópu og Rússlandi undanfarinn áratug, sem hafa gert hann að ríkasta manni Bretaveldis og þeim þriðja ríkasta í heimi. Lifnaðarhættir hans minna á keisara fyrri alda, enda dugði honum ekki minna en sjö dagar í París til að gifta dóttur sína og þá líka með veislu í Versölum sólkóngsins, auk hátíðahalda á Indlandi. Vísast eru austur-evrópsku tækifærin á þrotum þar sem Mittal er farinn að kaupa stálbræðslur í Kína.

Rússagull er einnig undirstaða auðæfa Roman Abramovich, eiganda Chelsea, einkum olíuvinnsla. Oleg Deripaska hefur lifað af álstríðið í Rússlandi og hrepti Rusal, stærsta álfyrirtæki Rússlands, annað stærsta álfyrirtæki í heimi og eitt stærsta fyrirtæki heims í einkaeign. Indversku Reuben-bræðurnir, Simon og David, hafa auðgast á málmviðskiptum í Rússlandi og fasteignum. Fimmmenningarnir hafa allir verið viðfangsefni fjölmiðla, því ýmislegt í viðskiptum þeirra hefur þótt orka tvímælis.

Nýr peningar ýta út gömlum peningum Þegar Abramovich fór fram úr hertoganum af Westminster í fyrra var það í fyrsta skipti, sem



Björgólfur Thor Björgólfsson er í 125. sæti lista Sunday Times.



Bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir eru í 458. sæti listans.



Jón Ásgeir Jóhannesson er í 751 sæti.



Hertoginn af Westminster er í 3. sæti. Hann er kunnur landeigandi og á „hálfu London“ eins og einhver orðaði það.



Elísabet Englandsdrottning er í 180. sæti listans, vel á eftir Björgólfi Thor.



Ringo Starr er í 366. sæti listans.

Samanlagðar eignir eftirlifandi Bítlanna tveggja og fjölskyldu Harrisons nema 1.091 milljarði punda, meðan Rollingarnir fjórir eru metnir á 490 milljónir – sem er þá væntanlega úrskurður í áratuga deilumáli Bítla- og Rollingaáhangenda að Bítlarnir hafi verið betri!

nýir peningar ýttu út gömlum peningum aðalsætta hér, þar sem hertoginn hafði verið efstur á auðmannalistanum um árabil. Hertoginn hefur bæði erft gamlan titil og ótrúlegar landareignir, m.a. í miðborg London. Það er sagt að hann eigi MayFair hverfið meira og minna.

Sænska mjólkurfernufjölskyldan Rausing hefur lengi trónað á listanum, nú í 4. og 8. sætinu. Bræðurnir Hans og Gad Rausing fundu upp pappaumbúðir fyrir vökva í fyrirtækinu Tetra Pak, nú Tetra Laval eftir samruna við Alfa Laval. Hans flutti til Englands fyrir 25 árum til að mótmæla ofursköttun heimalandsins. Gad er látinn en Kirsten og Jörn eru börn hans.

Philip Green Philip Green er kunnugt nafn á Íslandi fyrir samflot við Baug. Hann er klárlega verslunarkóngur Breta, þar sem auðæfi hans byggjast á verslunarrekstri og fasteignum. Hann býr í Mónakó, en notar einkaþotu sína, sem kona hans Christina gaf honum, til að sækja vinnu í London. Hún stendur dyggilega við hlið hans og er auðugasta konan á listanum.

Richard Branson Richard Branson, nú með riddaratitilinn „Sir“, heldur áfram að dafna á Virgin-veldinu, sem spannar flugfélög, lestarfyrirtæki og verslanir. Einu sinni voru grískir skipakóngar fastur liður í auðmannasamfélaginu í London. Spiro Latsis á ættir að rekja til skipareksturs, en er sjálfur í flugrekstri.

Fyrsta greinin í auðkýfingablaðinu fjallar um gjafir til góðgerðamála, sem er stórmál hérlendis. Hér hafa verið til auðkýfingar í aldaradur og auðlegð þeirra yfirleitt erfðagóss. Það hefur því verið inngróið í margar auðmannafjölskyldur að auðurinn leggi fólki þær skyldur á herðar að láta eitthvað gott af sér leiða. Í unnræðum um auðsöfnun er oft bent á að þeir sem alist upp í auðugum fjölskyldum drekki þessa afstöðu með móðurmjólkinni, meðan hinir nýríku hugsu bara um sig.

Elton John Gjafalistinn sýnir þó að ýmsir, sem hafa skapað sér sinn auð sjálfir, hafa tekið upp gjafmildi gömlu auðmannanna. Listinn er ekki settur upp eftir því hvað menn gefa mikið, heldur hve gjafirnar nema stórum hluta eignanna. Hér er Sir Elton John efstur á blaði,

hefur gefið 22,6 milljónir punda til eyðni- og læknisrannsóknna, barnaverndar og tónlistar, eða 12,2% af eignum sínum. Sá 3. á listanum er skoski auðjofurinn Tom Hunter, sem m.a. stundar fjárfestingar með Baugi. Hunter gaf 68,6 milljónir punda til menntamála, mannúðarmála og barnaverndar, eða 7,4% eigna sinna. Eric Clapton er í 8. sæti, hefur gefið 3 milljónir, eða 2,3%, til læknisrannsóknna, lista og barnaverndar. Kannski einhverjir Íslendingar birtist á þessum lista á næstum árum...

Tónlistargeirinn Sá auðgasti í tónlistargeiranum er reyndar ekki tónlistarmaður heldur útgefandinn Clive Calder, sem er ættaður frá Suður-Afríku, gaf út sína fyrstu plötu 17 ára og náði Britney Spears og Backstreet Boys inn á Zomba-merkið sitt á síðasta áratug. Hann seldi það og lifir á eignum, metnum á 1,3 milljarð punda, sem skila honum í 25. sæti allsherjarlistans.

Næstur er Sir Paul McCartney og söngleikjakóngurinn Andrew Lloyd-Webber á eftir honum. Í 4. sæti tónlistarauðkýfingalistans eru hjónin Madonna og kvikmyndaleikstjórinn Guy Ritchie, Sir Elton í 7. sæti. Samanlagðar eignir eftirlifandi Bítlanna tveggja og fjölskyldu Harrisona nema 1.091 milljarði punda, meðan Rollingarnir fjórir eru metnir á 490 milljónir – sem er þá væntanlega úrskurður í áratuga deilumáli Bítla- og Rollingaáhangenda að Bítlamir hafi verið betri!

Úr knattspyrnunni eru það helst liðseigendur eins og Abramovich, í 1. sæti, sem komast á blað. Í 11. sæti þessa geira er Mohammed al-Fayed eigandi Fulham og Harrods. David Beckham er þarna í 33. sæti, en 10 milljónir af hans 75 milljónum eru raktar til eiginkonu hans og fyrrum Kryddþíu, Victoríu.

Eftir að ofurhreyfingar í fjármálaheiminum hjöðnuðu í lok síðasta áratugar hefur farið minna fyrir nýjum eignamönnum í bankageiranum. Það er þó enn nokkuð gulltryggt að vinna hjá Goldman Sachs, sem er það fyrirtæki sem á flesta á listanum, tíu manns. Efstur er hinn 39 ára Michael Sherwood, sem var Philip Green innanhandar í að reyna að kaupa Marks&Spencer. Þó Green tækist það ekki fékk Sherwood örugglega sitt. Hlutur hans í bankanum er metinn á 100 milljónir punda, bónusinn hans í fyrra ku hafa numið 30 milljónum punda og eignir hans nema 150 milljónum.

1001 karlmaður og 81 kona Á listanum eru 1001 karlmaður og 81 kona, svo tekjumunur kynjanna skilar sér hér eins og annars staðar. Helsta leið kvenna inn á listann er að taka þátt í eignamyndun og rekstri með eignmönnum eða fæðast dætur auðmanna. Fáar eru jafn kræfar og Linda Kristín Bennett, sem hefur byggt upp skó- og tískuverslanakeðjuna LK Bennett. Eignir hennar eru metnar á 55 milljónir punda, hún er ný á listanum og allt bendir til að hún muni verða þar áfram. Hún vann í tiskugeiranum, sá að það vantaði glæsískó á hógværu verði og kom sér fyrir á þeim markaði með

TÍU RÍKUSTU MENN BRETLANDS (Milljarðar punda)

1. **Lakshmi Mittal 14.800**
2. **Roman Abramovich 7.500**
3. **Hertoginn af Westminster 5.600**
4. **Hans Rausing og fjölskylda 4.950**
5. **Philip og Christina Green 4.850**
6. **Oleg Deripaska 4.375**
7. **Sir Richard Branson 3.000**
8. **Kirsten og Jörn Rausing 2.575**
9. **David og Simon Reuben 2.500**
10. **Spiro Latsis og fjölskylda 2.400**

góðum árangri. Hún hefur nýlega bætt við fötum og hefur nú áhuga á að einbeita sér að tiskuhönnun.

Leið kvenna inn á listann er að skilja Önnur leið kvenna inn á listann er að skilja. Skilnaðarmál auðmanna á undanföllum árum sýna að skilnaðir eru orðnir harla vænleg útgerð fyrir konurnar, því dómstólar hér hafa orðið æ viljugri til helmingaskipta. Ef hjónabandið hefur staðið lengi, hlusta dómarrar ekki á neitt kvak um að eignmaðurinn hafi unnið sér inn aleigu hjónanna upp á eigin spýtur heldur er

nú almennt litið svo á að eiginkonan hafi skilað sínu þó hún hafi „bara“ haldið heimilinu gangandi. Gleðigosinn Aga Khan, sem er 68 ára, hefur komið einni fyrrverandi á eignalistann eftir 25 ára hjónaband og gæti komið annarri þar á næstunni, því það stefnir í skilnað hans og eiginkonunnar, Inaara Khan, þýskrar fyrrum poppsöngkonu og móður eins sonar hans.

Ef einhver heldur að kaupmáli sé gulltrygg leið til að komast hjá eignamissi við skilnað þá er það svo að breskir dómstólar hafa umvörpum kastað þeim fyrir róða undanfarið. Það er því eiginlega engin leið að komast hjá veglegum hlut til fátækari aðilans í auðkýfingahjónaböndum – nema auðvitað að láta vera að ganga í hjónaband, en óvígð sambúð getur orðið hjónabandsígildi með tímanum svo það er fokið í flest skjól.

Á „Kvennalistanum“ eru 100 konur, en 81 af þeim efstu eru á allsherjarlistanum, þar á meðal hinn víðfrægi stofnandi Body-Shop, Anita Roddick, í 519. sæti. Hippalega búðin, sem hún stofnaði í Brighton 1976, hefur þanist út í alheimskeðju og eignir hennar og Gordons, manns hennar, eru metnar á 95 milljónir punda. Body Shop hefur ekki vegnað vel undanfarin ár, enda margar keðjur sem róa á sömu mið með náttúrulegar snyrtivörur, en salan hefur aukist undanfarið. Auk Body Shop stunda hjónin hótellekstur.

Joanna K. Rowling skrifaði sig inn á auðmannalistann með Harry Potter bókunum. Eftir að hafa selt 270 milljónir (!) Potterbóka á 62 tungumálum, auk kvikmynda- og framleiðsluréttar á Pottervörum eru eignir hennar metnar á 500 milljónir punda, sem skila henni í 96. sæti. Tvær óútkomnar Potterbækur tryggja Rowling sæti á listanum um ókomin ár. Það vakti athygli í fyrra þegar Rowling skaust upp fyrir drottninguna, sem er núna í 180. sæti með 270 milljónum. Það er þó aðeins einkaeign drottningar, því að auki ræður hún yfir milljarðaeignum krúnunnar.

Þó Bretland sé auðugt land má glögglega sjá að milljarðaaudæfi hérlendis eru ekkí upprunnin í túnfætinum, heldur koma annars staðar að. Innborg London er ríkasta svæði Evrópu og 23% af hagkerfi borgarinnar er fé sem erlend fyrirtæki og beinar erlendar fjárfestingar bera í bú. Þetta er ein helsta skýringin á að hér fjölgar milljarðamæringum jafnt og þétt.

Ath. milljarðar punda

- 12. Charlene og Michael de Carvalho 2.270 milljarðar:**
Michael er bankamaður en Charlene dóttir Freddy heitins Heinekens. Hún á ¼ af Heineken, en hefur þó undirtökin.
- 16. John Fredriksen 1.887 milljarðar:**
Sextugur norskur skipakóngur, hefur auðgast á áhættusömum olíuflutningum og sagðist lengi stunda viðskipti fyrir aðra. Hefur búið í London síðan 2001.
- 25. Richard Desmond 1.300 milljarðar:**
53 ára blaðajöfur, þykir þó ekki eins finn pappír og aðrir blaðakóngar, því hann auðgaðist á klámritum áður en hann keypti Expressblöðin.
- 32. Aga Khan 1.250 milljarðar:**
68 ára trúarleiðtogi meðal síta sem gjalda honum skatt. Fasteignir og 600 veðhlaupahestar standa undir því að koma fyrrum konum hans í tölu auðkýfinga.
- 33. Sir David og Frederick Barclay 1.200 milljarðar:**
Barclays-tviburarnir eru sjötugir, eiga Telegraph og verslunarfyrirtæki sem hafa gengið upp og ofan. Hafa stundum verið í slagtogi með Philip Green.
- 50. Sir Paul McCartney 800 milljónir:**
63 ára bitillinn þarf ekki að kynna, en hluti af auði hans er arfur eftir Lindu konu hans.
- 65. Andrew Lloyd-Webber 700 milljónir:**
Þessi 57 ára tónlistarmaður nýtti afrakstur 14 söngleikja til að kaupa leikhús og listaverk, en hugleiðir að selja leikhúsræksturinn sem metinn er á 500 milljónir punda.
- 69. Tom Hunter 678 milljónir:**
43 ára Skoti, hefur auðgast á íþróttavörum og fjárfestingum og er viðvarandi meðfjárfestir Baugs. Hann hefur stofnað góðagerðasjóð með 100 milljónum.
- 74. Mark Getty og fjölskylda 620 milljónir:**
Mark er 44 ára, hefur notað gamlan olíuauð til að stofna Getty Images ljósmyndafyrirtækið sem er metið á 2,2 milljarða punda, en á enn í olúgeiranum.
- 84. Sir Evelyn Rotschild 562 milljónir:**
73 ára, afkomandi Rotschild sem komst á fjármálakortið með því að fjármagna Napóleónsstríðin og Rotschildarnir eru enn í bankageiranum.
- 89. Jörgen Philip Sørensen 546 milljónir:**
66 ára Dani, auðgaðist á danska Falck og hefur fært út kvíarnar í öryggisgeiranum hér.
- 96. JK Rowling 500 milljónir:**
Harry Potter peningarnir munu velta inn um ókomin ár, en hún hugleiðir að gefa út Potteralfræðibók og láta afraksturinn renna í góðagerðasjóð.
- 104. Stelios Haji-Ioannou og fjölskylda 480 milljónir:**
38 ára eigandi Easy-fyrirtækjanna, t.d. Easy Jet, er af auðugri grískri fjölskyldu sem hafði enga trú á lággjaldaflygfélaginu sem kom Easy-ævintýrinu af stað.



Richard Branson, eigandi Virgin, er í 7. sæti.

- 116. Mohamed al-Fayed 457 milljónir:**
72 ára Egypti, býr í Mónakó, rekur Fulham og Harrods, á miklar landareignir og notar hvert tækifæri til að úthúða konungsfjölskyldunni.
- 125. Björgólfur Thor Björgólfsson 400 milljónir:**
38 ára, stundar fjárfestingar í lyfjaiðnaði og víðar.
- 180. Elísabet Englandsdrottning 270 milljónir:**
78 ára. Þó fjölskyldan liggir undir stöðugri gagnrýni eru fjármál hennar og eignir í góðu lagi.
- 203. Heseltine lávarður 241 milljónir:**
72 ára, þekktari sem ráðherra Thatcher og sá sem hún kenndi fall sitt. Auðæfi hans koma úr forlagsgeiranum.
- 208. Madonna og Guy Ritchie 235 milljónir:**
46 og 36 ára – hún er eldri og hefur aflað teknanna. Ekki dauð úr öllum æðum, því í fyrra kom næstum milljón að hlusta á hana á tónleikaferð.
- 216. Camilla Hagen 225 milljónir:**
23 ára og yngst á listanum, dóttir Stein Eriks sem er annar ríkasti Norðmaðurinn og hefur auðgast á fjárfestingafyrirtæki sínu, Canica, sem Camilla á 30% í.
- 263. Sir Elton John 185 milljónir:**
58 ára, hefur bætt við sig 10 milljónum frá í fyrra þrátt fyrir gjafmildina. Þar munaði um söngtörn í Las Vegas í fyrra. Næst er tónlist við nýjan söngleik.
- 263. Sting 185 milljónir:**
53 ára og enn einn söluhæsti tónlistarmaður heims, á sjö glæsiheimili víða um heim.
- 273. Mick Jagger 180 milljónir:**
61 árs og enn að, fjárfestingar um árabil skila auk þess sínu.
- 281. Tom Jones 175 milljónir:**
64 ára, frá Wales eins og margir söngfuglar hér, og slær hvergi af í tónleikahaldi og plötuútgáfu.
- 285. Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas 170 milljónir:**
Leikarahjón, 35 og 60 ára, hann er gömul stjarna og hún ný, auk þess sem auglýsingatekjur hennar eru verulegar.
- 288. Keith Richards 165 milljónir:**
61 árs Rollingurinn tók það rólega í fyrra eins og félagar hans, en eignir og annað Rollingatengt malar stöðugt gull.

- 335. Olivia og Dhani Harrison 140 milljónir:**
57 ára ekkja bitilsins George og 26 ára sonur þeirra, hafa enn miklar tekjur af Bítlunum en eiga einnig fasteignir víða.
- 349. Eric Clapton 130 milljónir:**
Þegar drottningin hitti Clapton spurði hún hann hvort hann hefði spilað lengi, hann svaraði af hógværd: „Já, líklega í 45 ár“. Það hafa verið gjöful ár og hann er enn að.
- 366. Ringo Starr 125 milljónir:**
64 ára, hóf að leika með Bítlunum þegar Pete Best hætti og hefur síðan verið réttur maður á réttum stað. Öflugur í góðgerðamálum.
- 410. Tony Yerolemou og fjölskylda 115 milljónir:**
62 ára Kýpverji sem flutti til Bretlands 1960, fór að búa til mat eins og heima, seldi svo Bakkavör fjölskyldufyrirtækið árið 2000 og vinnur þar enn.
- 458. Barry og Robin Gibb 100 milljónir:**
Bee Gees bræðurnir, 58 og 55 ára, lifa enn góðu lífi á fornni frægð og áttu svo metsöluþlotu 2004. Maurice, þriðji bróðirinn, dó 2003.
- 458. Ágúst og Lýður Guðmundssynir 100 milljónir:**
40 og 37 ára, á fullu að byggja upp matvælaíðnaðarveldi hér eins og nýleg kaup á Geest fyrir 485 milljónir sýna.
- 458. Spencer lávarður 100 milljónir:**
Fertugur landeigandi, bróðir Díönu heitinnar prinsessu. Við útför Díönu sagði hann: „Hún þurfti enga titla til að töfra fólk“ – ekki oft sem konungsfjölskyldan er viðstödd opinberar ávitur í sinn garð.
- 458. Ozzy og Sharon Osbourne 100 milljónir:**
56 ára söngvarinn varð víðfrægur en 52 ára eiginkona hans er komin á fleygiferð í fjölmiðlunum og dregur því í búð.
- 519. Sir Ridley og Tony Scott 95 milljónir:**
Kvikmyndaleikstjórar og bræður, 67 ára og 60, hafa báðir framleitt metsölumyndir, Gladiator og Top Gun og eiga fyrirtæki í bransanum.
- 543. Sam og Alisa Moussaieff 91 milljónir:**
81 árs og 75 ára hjón sem eiga og reka samnefnt skartgripafyrirtæki, en eiga einnig verðmætar fasteignir.
- 583. Robbie Williams 85 milljónir:**
Williams er 31 árs, kynslóðinni yngri en skallapopparnir og mun vísast halda áfram lengi enn.
- 600. Sir Sean Connery 82 milljónir:**
Skoski leikarinn, er 74 ára og fyrrum mjólkurpóstur, í hugum eldri kynslóðarinnar hinn eini sanni James Bond og enn launahár og fjárfestir í fasteignum.
- 607. Rod Stewart 80 milljónir:**
Söngvarinn sextugi aflar enn fjár og ljóska og þarf að ganga frá enn einum skilnaðinum áður en hann giftist þeirri næstu. Skilnaðarmálið mun reyna á gildi kaupmála.
- 607. Charlie Watts 80 milljónir:**
63 ára trommuleikari Rollinganna er orðinn ögn ellilegur en er enn á fullu.



JK Rowling höfundur Harry Potter bókanna er í 96. sæti.



Eric Clapton hljómlistarmaður er í 349. sæti listans.

- 654. David og Victoria Beckham 75 milljónir:**
29 og þrítug, fótboltinn á stærsta þátt í eignunum. Auglýsingatekjur hans eru drjúgar og hugsanlega kallar Hollívúdd í hann.
- 654. Sir Terence Conran og fjölskylda 75 milljónir:**
Ikea á Habitat en Sir Terence einbeitir sér að veitinga- húsarekstri, nú síðast með Floridita, kúbönskum stað í Soho.
- 654. Simon Fuller 75 milljónir:**
44 ára, hann á hugmyndina að „Idol“ sem m.a. Íslendingar hafa gert að sinni og þannig aukið auð Fullers, sem komst í álnir við að stýra Kryddþíunum.
- 654. Sir Anthony Hopkins 75 milljónir:**
Leikarinn er 67 ára og enn á fullu að leika, auk þess sem gamlar myndir hans, t.d. um mannætuna Hannibal, eru stöðug gróðalind.
- 740. Jackie Collins 66 milljónir:**
Það þarf tékkhefti með aukalínum þegar bókaforlögín borga Collins, 67 ára, sjö stafa upphæðir fyrir skáldsögur sínar.
- 751. Jón Ásgeir Jóhannesson 65 milljónir:**
Þekkt merki eins og Oasis, Karen Millen, Whistles, Hamleys og Iceland hafa gert Jón Ásgeir þekktasta íslenska umsvifamanninn hér.
- 796. Rowan Atkinson 60 milljónir:**
Hinn fimmtugi Mr. Bean er ekki aðeins leikari, heldur hefur hann fjárfest í kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu og fasteignum.
- 874. Linda Kristín Bennett 55 milljónir:**
Hálfíslenska skóddrottningin er enn á fullu að byggja upp skó- og tískufyrirtæki sitt.

Upplýsingar að baki listans:

Listinn er settur saman af tiltækum upplýsingum víða að. Hér eru engar skattaupplýsingar opinberar, svo listinn er byggður á getgátum út frá því sem er vitað um eignarhald og matið frekar haft lágt en hátt. Þeir sem komast á aðallistann eiga 50 milljónir punda eða meira í handraðanum.



SIMINN SEM ÞÚ
VARST AÐ BIÐA EFTIR

SONY ERICSSON P910i



Sony Ericsson P910i

P910i síminn saminir það besta úr heimi GSM síma og töfátvö. Hann hefur alla þó eiginleika sem hraegt er að óska eftir enda það hagnýtur og ótrúlega skammtálagur. Þú verður að kljúja þannig í varslurum Síma og síminni.is!

Helstu eiginleikar

- Lykilbók
- Bluetooth
- 282.000 litir myndskjúr
- Samkeyrsla gur við Outlook og Lotus Notes
- Spilar M3G og M4A hljóð og 3GP og MP4 myndskjúr
- Einfalt niðurskipti og töluráskilning
- Hægt að hella inn forritum af netinu, t.d. MEN messngar
- PowerPoint skotti fylgir á gæmslufli
- Fullkominn skipuleggjari
- Minniáskilning
- Stilla boðþjónusta: MMS, SMS, POP3 og IMAP tölvuþáttur með viðhengum
- Handfjalla hitabari
- 32 MB minniáskilning, stækkanlegt 1GB
- VGA myndskilning, tekur upp myndmyndir
- TriBand



HELDGALLA MGD
FARNSKIFTAÞINGIÐ



Á GÓÐU *FLUGI*

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Hvað skýrir hinn góða árangur Flugfélags Íslands á undanförunum árum? **Árni Gunnarsson**, nýr framkvæmdastjóri félagsins, rekur hér þær breytingar sem réðu úrslitum.



Árni Gunnarsson, nýr framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.

Pó að Flugfélag Íslands hafi ráðandi stöðu í innanlandsflugi erum við samt í harðri samkeppni. Fólk á alltaf tvo valkosti, annaðhvort að fljúga eða aka. Skipurit okkar er sett upp þannig að helmingur starfsmanna tilheyrir markaðssviði. Ég tel að þetta skýri meðal annars þann árangur sem félagið hefur náð á undanförunum árum. Við erum markaðsdrifið þjónustufyrirtæki," segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.

Af ætt frumherjans

Í breytingum á stjórn FL-Group fyrr á þessu ári færðust ýmsir starfsmenn félagsins milli deilda og dótturfyrirtækja og aðrir upp um

þrep. Hjá FÍ urðu þær breytingar að Jón Karl Ólafsson tók við sem forstjóri Icelandair, en Árni við starfi Jóns - en hann hefur verið markaðsstjóri félagsins síðustu ár.

„Ég hef nánast aldrei starfað við annað en ferðaþjónustu," segir Árni sem á kyn til að helga sig þessum vettvangi. Faðir hans, Gunnar Á. Ólason, var lengi starfsmaður Tryggingar hf., en móður hans er Signý Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar ehf. Það fyrirtæki hefur til fjölda ára gert út rútu-bíla og boðið upp á ferðir um fjöll og fimindi, ekki sist með útlendinga. Er þá aðeins fátt nefnt af starfsemi fyrirtækisins sem er kennt við stofnandann, Guðmund Jónasson. Hann var móðurafi Árna og einn frumherja í ferðum um hálendi Íslands.

Árni kom til starfa hjá FÍ árið 1999, en áður var hann framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofu Íslands, Íslandsferða og forstöðumaður Icelandair Holidays. Frá 1993 til 1997 starfaði Árni hjá þýska ferðaheldsalanum FTI í München, en hann nam á sínum tíma rekstrarhagfræði í Þýskalandi.

Samkeppnin tók á

Fyrstu vikurnar í nýju starfi segir Árni að hafi talsvert farið í að kynna sér þá þætti í rekstri FÍ sem hann er lítt kunnugur. Nefnir þar til dæmis flugvélaútgætur, tækni- og viðhaldsmál, áhafnaskipan og fjármál. „Reksturinn hér hefur þó alltaf byggst upp á sterku samstarfi stjórnenda, þannig að þau svið rekstrarins sem áður voru ekki á minni könnu eru mér ekki algjörlega framandi," segir Árni.

Í áraradör var innanlandsflug Flugleiða rekið með bullandi tapi og það hélt áfram fyrstu árin eftir að þessi rekstur var færður undir hatt FÍ sem stofnað var snemma árs 1997. Hörð samkeppni á fjölförnuðu leiðunum í innanlandsflugi ríkti milli FÍ og Íslandsflugs frá 1997 og fram til 2000, þegar keppinauturinn gafst upp á rólunum.

Samkeppnin tók á. En eftir á að hyggja telur Árni þó að hún hafi ekki ráðið úrslitum

um gengi Flugfélags Íslands. Viðsnúningur og stórbætt afkoma skýrist fyrst og fremst af þeirri uppstokkun sem gerð var á rekstri félagsins árið 2001.

Breytingar voru nauðsyn


„Okkur var nauðsyn að fara út í róttækar breytingar, því að fyrirtækið spjaraði sig ekki eins og það var rekið áður," segir Árni. Meðal ráðstafana sem gripið var til var endurskipulagning alls vaktafyrirkomulags. Farmiðasala á Netinu var tekin upp og útgáfu farseðla var hætt. Uppsetning fargjalda einfölduð, þannig að ódýrara varð að kaupa far aðra leiðina á áfangastaði félagsins í stað þess að þurfa að kaupa miða báðar leiðir til að njóta bestu kjara.

„Þetta síðasta atriði skerpti á samanburði við einkabílinn. Flugíð varð ódýrari valkostur. Algengt fargjald í dag milli Reykjavíkur og Akureyrar, það er aðra leiðina, er gjarnan í kringum sex þúsund krónur. Þá hefur sala farmiða á Netinu skapað hagræði hér innandyra og sparað fjármuni," segir Árni.

Flugið er ódýrari valkostur

Flugfélag Íslands var valið „Markaðs-fyrirtæki ársins 2003", það er eftir að hafa stokkað spilin í sínum ranni. Árni segir að á fyrstu starfsárum FÍ hafi ímynd félagsins ef til vill verið svolítið þunglamaleg. „Fólki þótti dýrt að fljúga innanlands, en í dag er flugið mun ódýrari valkostur. Annað sem breytti ímynd okkar voru einfaldir hlutir sem við tókum á hér innanhúss, svo sem stundvísi, símsvörun og þjónustulund starfsfólks."

Í dag heldur FÍ úti áætlanarflugi frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða, og til Kulusuk og Constable Pynt á Grænlandi, á síðarnefnda staðinn með tilstyrk frá grænlandsku landsstjórninni. Þá er flogið til Narsassuaq á Grænlandi yfir sumarið. Flug til þessara ákvörðunarstaða rækir félagið á Fokker-50 vélum, en það er með sex slíkar í útgætu. Þá býður



ÁRIÐ 2004

Velta:

3,3 milljarðar kr.

Hagnaður f. skatta:

368 milljónir kr.

ÁRIÐ 2003

Velta:

Tæpir 3,0 milljarðar kr.

Hagnaður f. skatta:

227 milljónir kr.

FARÞEGAFJÖLDI 2004

Reykjavík-Akureyri:

162 þúsund.

Reykjavík-Egilsstaðir:

104 þúsund.

Reykjavík-Ísafjörður:

43 þúsund.

FÍ upp á flug til Færeyja í samvinnu við Atlantic Airways. Frá Akureyri er reglulegt áætlunarflug til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar með Twin Ottervélum, sem einnig sinna sjúkraflugi á Norður- og Austurlandi.

Auk þessa er félagið með þrjár vélar af Metrogerð. Árni segir þó líklegt að þær hverfi úr flota félagsins innan fárra missera og önnur tegund komi í þeirra stað, en undirstrikar þó að engar ákvarðanir þar að lútandi hafi verið teknar.

Flugið til færri staða

Ákvörðunarstaðir í innanlandsflugi Flugleiða og síðar FÍ voru mun fleiri fyrir á árum en nú er. Nefna má Patreksfjörð, Þingeyri, Saudárkrók, Húsavík og Neskaupstað. Í uppskurðinum á rekstri FÍ árið 2001 var flugi til Vestmannaeyja og Hafnar í Hornafirði hætt og þess í stað mörkuð sú stefna að einbeita sér að flugi á fjölförmostu og ábata-

jardarfarþegar voru 43 þúsund, 11% fleiri en 2003.

Millilending borgarstjóra

Árni segir að alveg frá 1970 hafi farþegum í innanlandsflugi verið að fjölga jafnt og þétt, að jafnaði um 3% á ári. Þetta hafi gerst þrátt fyrir bætta vegasamgöngur og æ meiri bílaeign almennings.


sömustu staðina, það er til Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða. Þetta hefur reynst affarasælt og farþegum á þessum leiðum hefur fjölgað undanfarin ár.

Flestir eru farþegar á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar, voru 162 þúsund í fyrra og fjölgaði um 6,5% milli ára. Egilsstaðafarþegar voru 104 þúsund á sl. ári og fjölgaði um ríflega fjórðung frá árinu á undan, sem einkum helgast af miklum framkvæmdum þar eystra um þessar mundir. Ísaf-

„Ég sé ekki fyrir mér neitt bakslag í þessu. Líklegt er að í ár, þegar framkvæmdir á Austurlandi eru í hámarki, nái farþegafjöldi þangað 120 til 130 þúsundum. Síðan muni markaðurinn aftur ná jafnvægi í um 100 þúsund farþegum eftir tvö ár eða svo,“ segir Árni og leggur áherslu á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir innanlandsflugið. Óvíst sé að FÍ lifi það af, ef flugvöllurinn víki eins og borgaryfirvöld hafa boðað síðustu árin. Því sé ánægjulegt þegar borgarstjóri boðar nú „millilendingu“ í málinu, það er völlum verði áfram en að honum þrengt þannig að land í Vatnsmýri nýtist betur.

Góð afkoma

„Afkoma okkar síðustu árin hefur verið ágæt og fjölgun farþega er í samræmi við uppsveiflu í efnahagslífinu. Þegar kringumstæður eru slíkar sjást þess alltaf mjög fljótt merki í fluginu,“ segir Árni. Hagnaður af rekstri Flugfélags Íslands í fyrra varð 368 millj. kr. fyrir skatta og veltan var 3,3 milljarðar kr. Árið á undan var velta tæpir þrjú milljarðar og hagnaður fyrir skatta 227 milljónir króna.

„Það er stefnt á áframhaldandi vöxt og engum ofsögum sagt að fyrirtækið sé á góðu flugi,“ segir Árni Gunnarsson. 

Líklegt er að í ár, þegar framkvæmdir á Austurlandi eru í hámarki, nái farþegafjöldi þangað 120 til 130 þúsundum.

FRJÁLS VERSLUN

SÉRBLAÐ FRJÁLSRAR VERSLUNAR

FARSÍMAR

Ótrúlegar tæknibreytingar eru á markaði farsíma. eru farsímarnir myndavélar, MP3 spilarar eða lófatölvur? Nei, þeir eru farsímar.

Texti: Hilmar Karlsson og Ísak Örn Sigurðsson. Myndir: Geir Ólafsson o. fl.



FARSÍMAEIGENDUR ER NÝJUNGAGJARNIR:

Þriðjungur skiptir um

Kristinn Jón Arnarson, ritstjóri Tölvuheims, segir að tæplega þriðjungur farsímaeigenda skipti um síma einu sinni á ári.

TEXTI: **HILMAR KARLSSON**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Þróunin hefur orðið mjög hröð í farsímatækninni og sjálfsagt hefur enginn sem hélt á stóru hlunkunum í upphafi farsímabylgjunnar gert sér grein fyrir þeim miklu breytingum sem urðu á farsímum á stuttum tíma. Kristinn Jón Arnarson, ritstjóri Tölvuheims, hefur fylgst með þróun farsímans og fræðir okkur um farsímabyltinguna:

„Farsíminn er ekki lengur eingöngu sími. Að vísu eru þeir sem einfaldastir eru fyrst og fremst símtæki og mörgum nægja slíkir símar og kæra sig ekki um fjölbreyttari tæki. Slíkir símar eru tiltölulega ódýrir í dag. Þegar komið er svo í hærri verðflokk þá er notandinn kominn með myndavél, tónlistarspilara, leiktæki og jafnvel lófátölvu.

Það var aðeins í byrjun sem ekki var auðvelt að ímynda sér þróunina, en hún var hröð og fyrir þremur árum eða um það bil var gert ráð fyrir mun hraðari framförum en hafa orðið í dag. Ég sat þá fundi þar sem spáð var að þriðja kynslóðin yrði komin í gagnid innan tveggja ára. Það hefur ekki gerst enn sem komið er hér á landi og í litlum mæli erlendis.“

Samskipti og afþreying

Er farsíminn orðið afþreyingartæki samhliða því sem hann er samskiptatæki: „Það tel ég vera. Allavega hefur þróunin verið í þá áttina. Ef við tökum myndavélina í símanum þá voru gæðin ekki mikil í fyrstu en þau eru alltaf að aukast. Í dag eru símarnir farnir að nálgast ódýrustu gerðir af stafrænum myndavélum í gæðum og þar með er hægt að losna við að taka með sér myndavél í fríid, síminn nægir fyrir fjölskyldualbúmið. Á næstunni munum við einnig sjá aukid geymslupláss í símanum fyrir tónlist og í framtíðinni ætti síminn að geta komið í staðinn fyrir iPod spilara sem nú ryðja sér til rúms. Nú þegar eru komnir símar sem hafa talsvert geymslupláss fyrir tónlist og það á aðeins eftir að aukast. Ekki má gleyma tölvuleikjunum sem eru í öllum farsímum. Þeir eru að verða flottari og flottari með stærra geymslurými og aukid minni. Það er talað um að fyrir lok þessa árs verði komnir símar á markaðinn sem eru svipaðir að gæðum hvað varðar tölvuleiki og fyrstu Playstation vélarnar.“

Hverjir skyldu svo nota þessa síma sem hafa mikinn aukabúnað:

Kristinn Jón Arnarson:
Símar hækka ekki í verði
þó þeir verði sífellt full-
komnari.

síma einu sinni á ári

„Tæknin höfðar meira til unga fólksins. Það eru þó margir eldri sem nýta sér möguleika nýju símanna en á annan hátt en þeir yngri, eru meira með farsímamann sem lófatölvu heldur en að nota leiki og myndavél. Ungu fólkið fylgist með tiskunni og það eru sterkir tiskustraumar í farsímum þannig að það þarf að skipta oft um síma ef fylgjast á með tiskunni og fylgja tækninni eftir. Það fylgir svo böggull skammrifi hvað varðar þessa flottu og fullkomnu síma, þeir eru viðkvæmari fyrir hnjaski. Ef þú missir tvo síma í gólfíð, annar er venjulegur farsími, hinn er með öllum tækninýjungum þá er meiri líkindi að sá tæknivæddi verði fyrir skemmdum.“

Þriðja kynslóðin

Hvernig skyldi svo vera komið fyrir þriðju kynslóðinni? „Í dag er minni notkun á Netinu í farsímum en búist hafði verið

við fyrir nokkrum mánuðum. Það stafar sjálfsgagt að mestu leyti af því að þjónustan er ekki næg. Það er ekki um margt að velja sé farið á Netið í farsímanum í dag. Þriðja kynslóð farsíma á að leysa þetta vandamál. Þegar þjónustan eykst og gagnaflutningur verður hraðari hlýtur notkunin að aukast. Það er samt alls ekki ljóst hvenær þriðja kynslóðin kemst í notkun hér á landi. Stutt er síðan lög voru sett sem snerta þessi mál og fyrirtækin eru ekki að sýna fararsnið á milli kynslóða í farsímum. Það er dýrt að koma þriðju kynslóðinni í gagnið og fyrirtækin eru ekki tilbúin enn sem komið er að leggja í þann kostnað.“

Það fer ekki fram hjá neinum að mjög margir flagga nýjum og fullkomnum farsímum, skipting hlýtur því að vera ör. „Sá sem notar farsímamann sem síma og sendir sms-skilaboð þarf ekki oft að skipta um síma, en þeir sem vilja alltaf vera með nýjustu tæknina og fylgja tiskustraumum eftir skipta oft um síma en þeir þurfa. Talið er að 30% þeirra sem eiga farsíma skipti um síma einu sinni á ári og 70% innan þriggja ára. Eins og gefur að skilja er þetta heilmikil sala þar sem rannsóknir sýna að 95% Íslendinga á aldrinum 16_75 ára eiga farsíma. Þau fyrirtæki sem framleiða síma eru með hraða endurnýjun hjá sér og skipta út vörulínunni nánast árlega. Og satt best að segja er mikil breyting á þeim símum sem komu

nýir á markaðinn í fyrra og þeim sem eru að koma á markaðinn nú.“

Sambærileg notkun og aðrar velferðarþjóðir

Nýir farsímar eru yfirleitt mjög léttir, það leiðir hugann að því hvort farsímar séu komnir í þá þyngd sem þeir geta lægst verið: „Það er lítill möguleiki á að létta þá meira.

Hægt er þó að ímynda sér að litlir símar komi á markaðinn sem aðeins eru gerðir fyrir heyrnartól. Sem dæmi má nefna einn Nokia símann sem er sérstaklega gerður til að vera í kvenveski og lítur út eins og hylki utan um varalit.“

Eru einhver líkindi á að símafyrirtækin hætti að framleiða farsíma sem eru aðeins símar: „Ódýrasti parturinn er síminn sjálfur og ég held það væri mjög vitlaus stefna að hætta með slíka framleiðslu, því alltaf verða til notendur sem

kæra sig ekki um alla aukamöguleikana. Hvað varðar verð á símum þá hefur það sýnt sig að dýrari símarnir hækka ekki í verði þó þeir verði fullkomnari.“

Íslendingar voru fljótir að aðlagast farsímanum og um tíma var sagt að við ættum heimsmet í notkun farsíma, en það hefur breyst: „Sjálfsagt hefur það verið orðum aukið. Ég held að notkun okkar sé sambærileg við aðrar þjóðir sem staddar eru á sama velferðarstigi og við.“

Eins og sjá má þá erum við langt frá komnir á endastöðina með farsímamann og að lokum er Kristinn spurður hvað hann sjái fyrir sér í nánustu framtíð: „Farsíminn er þegar farinn að sameina síma, spilara og myndavélar í eitt tæki og sjálfsgagt verður lögð áhersla á að fullkomna þessa sameiningu. Síðan eru það lófatölvurnar sem eru að verða fullkomnari og eru komnar með farsíma möguleika. Þær eiga að einhverju leyti eftir að koma í staðinn fyrir fartölvurnar og ég hef heyrt um starfsmenn hjá stórum fyrirtækjum sem eru komnir með slíkar tölvur í stað fartölvu. Þannig má segja að á endanum geti fólk verið komið með farsíma, lófatölvu, fartölvu, myndavél, tónlistarspilara og leikjatölvu í eina og sama tækinu. Þessi samruni mun síðan leiða af sér harða samkeppni milli símaframleiðenda og tölvuframleiðenda.“

NOKIA

NOKIA 6020

Rafhlöðuending: Tal 3 klst.,
bið 330 klst.
Myndavél: 0,3 Megadíla, (640x480), vídeó
Tónlistarspilun: Nei
Minni: 3,5 MB
Skjáupplausn: 65.536 lita,
128x128 díla
Tölvupóstur: Já
Gagnasendingar: GPRS, EDGE
Blátönn: Nei
Stærð (mm)/þyngd (g):
106x44x20 / 90
Annað: Valmynd á íslensku
Nánari uppl.: www.hataekni.is/verslun/farsimar/nokia/pnr/105
Verð: 21.490 kr.



NOKIA 9500

Rafhlöðuending: Tal 5 klst., bið 200 klst.
Myndavél: 0,3 Megadíla (640x480), vídeó
Tónlistarspilun: AMR, WAV, AAC, MP3 og AWB
Minni: 80 MB, hægt að bæta við minniskorti
Skjáupplausn: Tveir 65.536 lita skjáir, 128x128 / 640x200 díla
Tölvupóstur: Já
Gagnasendingar: WiFi, EDGE, GPRS
Blátönn: Já
Stærð (mm)/þyngd (g): 132x51x21 / 167
Annað: QWERTY lyklaborð
Nánari uppl.: www.hataekni.is/verslun/farsimar/nokia/pnr/97
Verð: 85.890 kr.



NOKIA 6630

Rafhlöðuending: Tal 4 klst.,
bið 260 klst.
Myndavél: 1,3 Megadíla, vídeó
Tónlistarspilun: MP3
Minni: 10 MB innbyggt,
64 MB kort fylgir
Skjáupplausn: 65.536 lita,
176x208 díla
Tölvupóstur: Já
Gagnasendingar: EDGE, GPRS
Blátönn: Já
Stærð (mm)/þyngd (g):
110x60x21 / 127
Annað: Valmynd á íslensku
Nánari uppl.: www.hataekni.is/verslun/farsimar/nokia/pnr/98
Verð: 53.890 kr.



NOKIA 3230

Rafhlöðuending: Tal 4 klst., bið 150 klst.
Myndavél: 1,3 Megadíla, vídeó
Tónlistarspilun: MP3 og fleiri, VisualRadio
Minni: 32 MB minniskort, stækkanlegt
Skjáupplausn: 65.536 lita, 176x208 díla
Tölvupóstur: Já
Gagnasendingar: EDGE, GPRS
Blátönn: Já
Stærð (mm)/þyngd (g): 109x49x19 / 110
Nánari uppl.: www.nokia.com
Verð: Væntanlegur á markað



NOKIA 7710

Rafhlöðuending: Tal 12 klst., bið 330 klst.
Myndavél: 1 Megadíla, vídeó
Tónlistarspilun: MP3 og fleiri, VisualRadio
Minni: 90 MB innbyggt, 128 MB kort fylgir
Skjáupplausn: 65.536 lita, 640x320 díla
Tölvupóstur: Já
Gagnasendingar: EDGE, GPRS, HSCSD
Blátönn: Já
Stærð (mm)/þyngd (g): 128x69,5x19 / 189
Annað: Snertiskjár
Nánari uppl.: www.nokia.com
Verð: Væntanlegur á markað

SIEMENS



SIEMENS SK65

Rafhlöðuending: Tal 5 klst., bið 250 klst.

Myndavél: Nei

Tónlistarspilun: Nei

Minni: 30 MB

Skjáupplausn: 65.536 lita, 132x176 díla

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Já

Stærð (mm)/þyngd (g): 120x47x22 / 144

Annað: Lyklaborð þegar síminn er tekinn í sundur

Nánari uppl.: www.sminor.is/FARSIMAR.html

Verð: 47.000 kr.



SIEMENS M65

Rafhlöðuending: Tal 5,5 klst., bið 300 klst.

Myndavél: 0,3 Megadíla (640x480), vídeó

Tónlistarspilun: Nei

Minni: 10 MB

Skjáupplausn: 65.536 lita, 132x176 díla

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Nei

Stærð (mm)/þyngd (g): 109x49x19 / 104

Nánari uppl.: www.sminor.is/FARSIMAR.html

Verð: 24.500 kr.

SIEMENS CX65

Rafhlöðuending: Tal 5,5 klst., bið 300 klst.

Myndavél: 0,3 Megadíla (640x480), vídeó

Tónlistarspilun: Nei

Minni: 11 MB

Skjáupplausn: 65.536 lita, 132x176 díla

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Nei

Stærð (mm)/þyngd (g): 108x46x18 / 90

Nánari uppl.: www.siemens.com

Verð: 18.500 kr.

MOTOROLA



MOTOROLA PEBL V6

Raflöðuending: Tal 3 – 6 klst., bið 150 – 250 klst.

Myndavél: Já

Tónlistarspilun: Nei

Minni: 5 MB

Skjáupplausn: 262.000 lita,
176x220 dila innri skjár, 96x32 ytri

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: EDGE, GPRS

Blátönn: Já

Stærð (mm)/þyngd (g): 49x86,5x20 / 110

Nánari uppl: www.motorola.com/motoinfo/product/details/0,,87,00.html

Verð: Á markað seinni hluta 2005



MOTOROLA RAZR V3

Raflöðuending: Tal 7 klst., bið 290 klst.

Myndavél: Já

Tónlistarspilun: Nei

Minni: 5 MB

Skjáupplausn: 65.536 lita, 176x220 dila

Tölvupóstur: Nei

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Já

Stærð (mm)/þyngd (g): 98x53x13.9 / 95

Nánari uppl: www.motorola.com/motoinfo/product/details/0,,69,00.html

Verð: Ekki kominn á markað

MOTOROLA SLVR V8

Raflöðuending: Ekki vitað

Myndavél: Já

Tónlistarspilun: MP3

Minni: 5 MB innbyggt, pláss fyrir minnskort

Skjáupplausn: 262.000 lita, 126x220 dila

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: EDGE

Blátönn: Já

Stærð (mm)/þyngd (g): ekki vitað

Nánari uppl: www.motorola.com/motoinfo/product/details/0,,86,00.html

Verð: Á markað seinni hluta 2005



SONY ERICSSON

SONY ERICSSON K-700I

Rafhlöðuending: Tal 7 klst., bið 300 klst.

Myndavél: 0,3 Megadíla (640x480), með vídeó

Tónlistarspilun: MP3, FM útvarp.

Minni: 41 MB

Skjáupplausn: 65.536 lita, 176x220 díla

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Já

Stærð (mm)/þyngd (g): 99x46,5x19,5/ 93

Annað: Valmyndakerfi á íslensku

Nánari uppl.: www.taeknivorur.is/?i=14&o=194

Verð: 24.900 kr.



SONY ERICSSON K500I

Rafhlöðuending: Tal 6 klst., bið 200 klst.

Myndavél: 0,3 Megadíla, (640x480), með vídeó

Tónlistarspilun: MP3

Minni: 12 MB

Skjáupplausn: 65,536 lita, 128x160 díla

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Nei

Stærð (mm)/þyngd (g): 102x46x14 / 88

Annað: Valmyndakerfi á íslensku

Nánari uppl.: www.taeknivorur.is/?i=14&o=229

Verð: 19.900

SONY ERICSSON K-700I

Rafhlöðuending: Tal 7 klst., bið 300 klst.

Myndavél: 0,3 Megadíla (640x480), með vídeó

Tónlistarspilun: MP3, FM útvarp.

Minni: 41 MB

Skjáupplausn: 65.536 lita, 176x220 díla

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Já

Stærð (mm)/þyngd (g): 99x46,5x19,5/ 93

Annað: Valmyndakerfi á íslensku

Nánari uppl.: www.taeknivorur.is/?i=14&o=194

Verð: 24.900 kr.



SAMSUNG



SAMSUNG SGH-E330

Raflöðuending: Tal 3,5 klst., bið 220 klst.

Myndavél: 0,3 megadíla (480 x 640)

Tónlistarspilun: Nei

Minni: 6,7 MB

Skjáupplausn: Ytri skjár 65.000 lita 96x96 díla,

innri skjár 65.000 lita, 128x160

Tölvupóstur: Nei

Gagnasendingar: GPRS


Blátönn: Nei

Stærð (mm)/þyngd (g): 87x46x23 / 85 gr

Annað: T9 hraðritun tengd íslenskri orðabók

Nánari uppl.: www.td.is/samsung/Samsung_SGH-E330.htm

Verð: 29.900 kr.



SAMSUNG SGH-X450

Raflöðuending: Tal 3,5 klst, bið 180 klst.

Myndavél: Nei

Tónlistarspilun: Nei

Skjáupplausn: 65.000 lita, 128x160 díla

Tölvupóstur: Nei

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Nei

Stærð (mm)/þyngd (g): 46,5x83x21,1 / 79

Nánari uppl.: www.td.is/samsung/Samsung_SGH-X450.htm

Verð: 14.900 kr.

SAMSUNG SGH-D500

Raflöðuending: Tal 6,6 klst., bið 300 klst.

Myndavél: 1,3 megadíla (1280x1024), með vídeó

Tónlistarspilun: MP3/AAC, ca. 20 lög

Minni: 96 MB

Skjáupplausn: 262.144 lita TFT LCD, 176x220 díla

Tölvupóstur: Já

Gagnasendingar: GPRS

Blátönn: Já

Stærð (mm)/þyngd (g): 93,5x45,7x23,5 / 99

Annað: T9 hraðritun tengd íslenskri orðabók

Nánari uppl.: www.td.is/ALM/V-05-D500.htm

Verð: 49.900 kr.



TÖLVUDREIFING HF.:

Útlit og eiginleikar Samsung

Tölvudreifing hf. er dreifingaraðili fyrir Samsung á Íslandi og hefur verið það undanfarin þrjú ár. Á þeim tíma hefur markaðshlutdeild Samsung á Íslandi vaxið talsvert mikið, við áætluð að í dag séum við með um 15% hlutdeild,“ segir Viggó Viggósson, framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu.

„Í heiminum er Samsung í öðru sæti og við stefnum að því að tryggja Samsung sömu stöðu hér á landi. Það sem Samsung hefur gert með góðum árangri er að líta á síma sem persónulegt tækni fyrir eigendur sína. Eiginleikar aðrir en þeir að geta hringt og talað, s.s. útlit og notendaviðmót, skipta miklu máli í vörustefnu Samsung.

Samsung hefur nokkra sérstöðu meðal farsíma. Þeir hafa mikið verið í svokölluðum samlokusímum og nú eru þeir komnir í svokallaða „slide-up“ síma. Í báðum tilfellum miðar hönnun að því að minnka símann þegar hann er ekki í notkun en gera hann stóran þegar verið er að tala í hann. Einstök hönnun Samsung símanna gerir það að verkum að þeir skera sig úr og þekkjast af löngu færi. Allt sem lítur að notkun þeirra er með eðlilegum hætti, takkar eru í eðlilegri röð, valmyndakerfi hannað með notendagildið í huga og símarnir því mjög einfaldir í notkun. Samsung farsímar eru hluti af ímynd fólks.“

Há markaðshlutdeild í efri hluta markaðarins

Viggó minntist á að sennilega sé Samsung með einna hæstu markaðshlutdeildina í sínum í efri kantinum, sínum sem kosta 35.000 krónur eða meira. „Þeir hafa allt sem þarf, verulega góða skjái, gott hljóð og góðar rafhlöður. Sá sími, sem trónir hæst á þeim vettvangi, er Samsung D500. Hann var m.a. valinn besti farsími í heimi á stærstu farsímaráðstefnu heims (3GSM World Congress) sem haldin



„Í heiminum er Samsung í öðru sæti og við stefnum að því að tryggja Samsung sömu stöðu hér á landi,“ segir Viggó Viggósson, framkvæmdastjóri hjá Tölvudreifingu hf.

Samsung D500 var valinn besti farsími í heimi á stærstu alþjóðlegu farsímaráðstefnu heims (3GSM World Congress) sem haldin er ár hvert í Cannes í Frakklandi.


er ár hvert í Cannes í Frakklandi. Það er viðurkenning sem farsímaframleiðendur sækjast verulega eftir.

Nýjungar í Samsungfarsímum eru þær helstar að hafa öflugar myndavélar, vera með mikið innra minni og mikil tóngæði. Þeir innihalda nokkuð sem kallað er „voice clarity“ þar sem síminn bregst við umhverfisáhrifum, eyðir út óæskilegum hljóðum og eykur styrk notandans og móttakandans þegar truflanir eru miklar. Þetta nýtist t.d. mjög vel þegar sími er notaður sem hátalara- eða fundarsími.“

Práðlaus samskipti

„Ýmsar nýjungar hafa verið að koma á markaðinn, svo sem MP3 spilarar, myndavélar eru að verða betri og sömuleiðis mynd-

böndin. Framleiðendur eru að ná góðum tókum á blátannartækninni og þykir nú orðinn sjálfsgagt að GSM-símar séu með slíkum búnaði. Hraðvirkari örgjörvar og meira minni hefur aukið svigrúm til þess að keyra t.d. flottari Java-leiki.

Tölvudreifing er heildverslun og dreifingaraðili, selur ekkert til notenda. „Fyrirtækið er búið að starfa síðan 1994 og er dreifingaraðili fyrir mörg sterk vörumerki svo sem Microsoft, Samsung, Creative Labs og fleiri. Þrátt fyrir að vera ekki mjög þekkt fyrirtæki, var velta þess rúmar 1.300 milljónir á síðasta ári og hér starfa 25 starfsmenn,“ segir Viggó. 

TÆKNIVÖRUR EHF.:

Farsíminn smám saman að breytast í tölvu

Tæknivörur eru 100% í eigu Símans og hefur verið það síðustu fjögur árin. Þrátt fyrir að vera í eigu Símans, eru Tæknivörur reknar eins og sjálfstætt einkafyrirtæki og hér vinna 11 manns,“ segir Ásgeir Sverrisson, framkvæmdastjóri hjá Tæknivörum.

„Reksturinn hjá Tæknivörum hefur gengið rosalega vel. Fyrir þremur árum síðan hafði Sony Ericsson 8% markaðshlutdeild. Í fyrra var, út frá mínum sölutölum, markaðshlutdeildin 50,4%. Árin 1998-99 var Nokia með um 73% markaðshlutdeild og var langt á undan öðrum en það hefur breyst. Ég sé fyrir mér að við getum alveg haldið góðri markaðshlutdeild miðað við það sem Sony er að gera á markaðinum og Motorola farsímarnir eru að sækja í sig veðrið.“

Ásgeir gat þess að hraðinn á öllum nýjungum sé þannig að maður verði að hafa sig allan við til að fylgjast með. „Ef ég bæri saman Sony og Motorola myndi ég segja: „Ef Sony hefði útlit Motorola, þá myndi hann seljast enn betur.“ Þó mætti segja að Sony sé í heildina lititð framsæknara fyrirtæki en Motorola. Sony leggur meira upp úr tækninýjungum en Motorola meira upp úr útliti.“

Í fararbroddi með nýjungar

„Sony hefur verið í fararbroddi með fjölmargar nýjungar, þeir eru til dæmis að koma í júlí með síma með innbyggðum ipod eða Walkman. Þar verður tónlistin þráðlaus milli síma og tækis enda stefnir í að allt verði þráðlaust í kringum okkur. Ég gæti farið heim með nýja símann frá Sony Ericsson með ipod tækninni og tekið hann með mér í samkvæmi. Í honum er ég með 20-30 diska. Meðferðis hefði ég lítinn kapal, styngi honum í samband við græjurnar í samkvæminu og bætti við úrvalið á staðnum. Ég gæti einnig stungið kapli úr símanum yfir í sjónvarpið og horft þar á allar myndirnar sem ég tók á símann.“

Ásgeir getur þess að Sony sé greinilega að miða sína markaðssókn að miklu leyti við yngri kynslóðina. „Hér á árum áður var Sony fyrsta farsímafyrirtækið til að koma með myndavél í síma en nú eru allir framleiðendur komnir með þá tækni. Myndavélarnar eru að verða vandaðri, um þessar mundir eru að koma tveggja milljón megapixla myndar á markaðinn.“

Hraðinn skiptir máli


„Ef horft er til framtíðar, þá held ég að farsíminn sé smám saman að breytast í tölvu eða verða staðgengill hennar. Við verðum bæði með Word og Excel í símanum og gætum einnig verið með full-

Sony leggur meira upp úr tækninýjungum en Motorola meira upp úr útliti.



Ásgeir Sverrisson, framkvæmdastjóri Tæknivara ehf., segir að Sony miði greinilega markaðssókn sína að miklu leyti við yngri kynslóðina.

komið dagatal. Í staðinn fyrir að vera í tölvunni þinni, verðum við í símanum, svörum þar öllum pósti. Í dag get ég fengið um tveggja gígabæta minni í farsímann en eftir á að giska fimm ár verða þau orðin tíu. Hraðinn í öllum tjáskiptum skiptir máli, en ýmsar leiðir eru til að koma hraðahindrunum frá. Í framtíðinni verður hægt að setja símann í tengibox í sambandi við lyklaborð og einnig verður hægt að tengja símann við tölvuskjá, því skjárin á símanum er náttúrulega ekki nægilega stór í ákveðin verkefni.

Á farsíamarkaði ríkir mjög hörð samkeppni. Ég fagna henni, líður sannast sagna best í mikilli samkeppni. Samkeppni er hvati til framfara og meðal okkar hörðustu samkeppnisaðila eru Nokia og Samsung,“ segir Ásgeir. 

Sævar Freyr Þráinsson, framkvæmdastjóri farsímasviðs Símans:

Framlenging á skrifstofunni

Síminn er bæði sölu- og þjónustuaðili á farsíma-markaðinum og þar er farsímasvið með öfluga starfsemi sem Sævar Freyr Þráinsson er framkvæmdastjóri fyrir.

Hjá okkur á farsímasviði er fengist við allt sem viðkemur farsímanum og berum við ábyrgð á uppbyggingu, endurnýjun, rekstri og viðhaldi búnaðar til að selja og veita farsímaþjónustu. Farsímasvið hefur einnig umsjón með og ber ábyrgð á markaðssetningu, sölu og þróun vöru og virðisaukandi vara. Í samstarfi með öðrum sviðum Símans myndum við öfluga liðsheild sem hefur það að markmiði sínu að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar," segir Sævar Freyr Þráinsson, framkvæmdastjóri farsímasviðs Símans.

Vöxtur á farsímasviðinu hefur verið mikill og á eftir að aukast enn meir, að sögn Sævars. „Möguleikarnir sem tengjast farsímanum eru alltaf að verða fjölbreyttari og það er okkar að sjá til þess að Síminn sé fremstur á þessu sviði. Bjartsýnin er mikil á þessum markaði, sem hleypir kappi í okkur sem vinnum að þessum málum. Stutt er síðan ég var á 3GSM farsímaráðstefnunni í Cannes í Frakklandi þar sem sýndar voru allar helstu nýjungar sem bornar verða á borð fyrir neytendur á næstu mánuðum og þar var margt sem á eftir að gleðja þá farsímaeigendur sem vilja fá meiri virkni og einfaldleika í notkun á þjónustu í farsímanum.“

Meira en farsími

Sævar er búinn að starfa í níu ár hjá Símanum, en er tiltölulega nýtekinn við starfi framkvæmdastjóra farsímasviðs, hafði áður starfað sem forstöðumaður ýmissa deilda Símans. Hann segir sölu á farsímum vera mjög góða: „Þróunin er ör og símafyrirtækin dugleg að koma nýjum símum á markaðinn.



Sævar Freyr Þráinsson: Markmiðið er að uppfylla þarfir viðskiptavinnanna.

Það sem helst er að gerast á þessu ári er að geymslurými mun aukast mjög í farsímum og mun það m.a. koma fram í tónlist. Sem dæmi mun Sony-Ericsson taka eitt þekktasta vörumerki frá Sony, Walkman, og gera tónlistarspilun á hágæðum mögulega í farsíma. Þá hefur Motorola kynnt að unnið sé að samstarfi við Apple sem ætti að gleðja unnendur iPod.“

Þrátt fyrir allan fjölbreytileikann er farsíminn þó enn mest notaður sem sími: „Farsíminn verður þó mest notaður til þess að tala í hann. Þeim fer þó fjölgandi sem eru farnir að nota hina ýmsu möguleika sem farsíminn býður upp á. Má geta þess að fyrst þegar myndavélarnar fóru að koma í símann þá var það mest sér til gamans gert að taka myndir og senda öðrum enda gæðin ekki mikil. Nú eru gæðin að jafnast á við það sem við þekkjum í stafrænum myndavélum. Þetta verður til þess að hægt er að nota símann til myndatöku við hin ýmsu tækifæri.“

Aukin framleiðni starfsmanna

Sævar nefnir nýjungar sem koma að fyrirtækjum. „Þróunin er sú að farsíminn er að verða nokkurs konar framlenging á skrifstofunni. Með farsíma getur starfsmaður verið staddur hvar sem er og haft aðgang að tölvupósti sínum, dagbókinni og fleiru sem tengist skrifstofunni án þess að þurfa að fara á einhvern vissan stað til að tengja sig. Ef við horfum lengra fram í tímann þá verða símarnir með hugbúnaðarlausnir sem starfsmenn fyrirtækja eru vanir að nota þegar þeir eru á skrifstofunni. Þessi þróun mun vafalaust auka framleiðni starfsmanna og ætlar Síminn að leiða viðskiptavini sína inn í framtíðina m.a. með því að aðstoða fyrirtæki við að lækka heildarkostnað sinn.“

Sævar segir að ekki sé nóg að selja öfluga farsíma, það þurfi að veita þeim þjónustu líka: „Við hjá Símanum stöndum fyrir gæði og þjónustu. Okkar mörkun er að Síminn auðgi lífið. Við erum stöðugt að þróa nýja og betri þjónustu sem uppfyllir þarfir okkar viðskiptavina.“

OG VODAFONE

Netið allt umlykjandi með Mobile Connect Card

Og Vodafone ætlar í sumar að hefja sölu á Mobile Connect Card, sem gerir fartölvunotendum kleift að tengjast þráðlaust um Netið án tillits til staðsetningar. Með kortinu er hægt að tengjast um Netið með GPRS eða GSM ef þráðlaus nettenging er ekki fyrir hendi. Kortið hefur slegið í gegn hjá notendum Vodafone erlendis og er búist við því að notkun þess nái einnig miklum vinsældum hér á landi.

Mobile Connect Card er nokkurs konar símakort sem er komið fyrir í fartölvum. Harald Pétursson, deildarstjóri fyrirtækjapjónustu Og Vodafone, segir að Mobile Connect Card sé því í raun bylting fyrir tölvunotendur því þeir komast á Netið hvar sem er. „Notendur eru öruggir um að komast á Netið hvort sem það er þráðlaust á „heitum reitum“ (Hot Spot) með GPRS- eða GSM-símataekni. Það veitir notendum því besta kostinn í hverju tilviki án þess að nota farsíma. Með Mobile Connect Card geta þeir skoðað tölvupóst eða vafrað á Netinu án vandkvæða.“

Hentar á ferðalögum í sumar

Mobile Connect Card nýttist einkum þeim sem eru á ferðalagi eða í viðskiptaferðum. Kortið hentar þeim líka sem vilja vera stöðugt í netsambandi. Enginn kostnaður hlýst af notkun kortsins í forni mínútgjalda heldur eingöngu þegar póstur eða gögn eru sótt. „Þessi tækni á eftir að koma í góðar þarfir hjá þeim sem eru í sumarþróttum eða á ferð um landið í sumar. Sambandið nær víða og því engin fyrirstaða fyrir notendur að komast á Netið.“

Mobile Connect Card kemur frá Vodafone-samstæðunni í Bretlandi en önnur Vodafone-félög víðs vegar um heiminn hafa einnig tekið það í notkun með góðum árangri. „Tæknin sem slík er ekki ný af nálinni og margir hafa gert tilraunir til þess að yfirfæra hana yfir í farsíma. Það hefur gengið misvel því þessi tækni hefur reynst hægivirk í slíkum tækjum. Nú hefur lausn fundist á þessum vanda með Mobile Connect Card,“ segir Harald.




Harald Pétursson, deildarstjóri fyrirtækjapjónustu Og Vodafone.

„Þessi tækni á eftir að koma í góðar þarfir hjá þeim sem eru í sumarþróttum eða á ferð um landið í sumar.“

Kortið slegið í gegn erlendis

Hann segist því binda miklar vonir við Mobile Connect Card enda svari kortið þörfum fjölmargra. „Við teljum að tæknin eigi eftir að verða mjög almenn. Kortið sló eftirminnilega í gegn í Bretlandi þegar það kom á markað. Það hefur einnig náð miklum vinsældum hjá viðskiptavinum Vodafone-fyrirtækja í Evrópu. Það er nú svo að þegar einn er með einhverja nýjung í sinni tölvu sem dugar vel þá eru aðrir fljótir að grípa tæknina.“

Harald vonast til þess að kortið verði komið í notkun hjá Og Vodafone í sumar. Um er að ræða sumarvöru sem við ætlum að leggja mikla áherslu á. Við hyggjumst stilla verði á Mobile Connect Card í hóf. Það ætti því að vera lítill kostnaðarauki fyrir notendur. Jafnframt ætlum við að aðstoða viðskiptavinum við uppsetningu á kortinu til þess að fyrirbyggja að þeir lendi í vandræðum,“ segir Harald. 

[Redacted]

[Redacted]



[Redacted]

[Redacted]ngu
[Redacted]slika

[Redacted]egar

[Redacted]ggja

[Redacted]la?
[Redacted]sviði
[Redacted]anir
[Redacted]enn
[Redacted]arfar og

[Redacted]æðin



selecta III



Hringdu og fáðu hjá okkur kæli til reynslu
5 85 85 85

TEXTI: HILMAR KARLSSON

KINGDOM OF HEAVEN FRUMSÝND Í MAÍ:

Himnaríki Scotts

Ridley Scott hefur oftar en einu sinni sannað að hann á auðvelt með að poppa upp gamlar formúlur, gera gott úr þeim og koma þeim aftur í tísku. Hans fyrsti sigur á hvíta tjaldinu var *Alien*, þar sem hann endurvakti skrímslamyndirnar, síðan kom *Blade Runner*, þar sem hann útfærði geimfantasíur teiknimyndablaðanna með þeim árangri að á næstu árum voru allar slíkar myndir miðaðar við *Blade Runner*. Hann sneri sér síðan næst að vinkonunum í *Thelma and Louis*, sem hafði ómæld áhrif á fjölda kvikmynda, hann endurvakti epísku biblíumyndirnar með *Gladiator* og sneri sér því næst að stríðsmynd sem var ekkert annað en stríð, *Black Hawk Down*. Í nýjustu kvikmynd seinni, *Kingdom of Heaven*, leitar hann enn í gamlar formúlur og staðnæmist við krossferðirnar á tólftu öld. Það vantar sem sé ekki fjölbreytnina hjá þessum mikilhæfa leikstjóra, sem hefur verið aðlaður. Þegar

Scott var eitt sinn spurður hvort hann væri listamaður sem væri síffellt að breyta, svaraði hann: „List er eins og hákarl. Maður verður að halda áfram að synda, annars drukknar maður.“

Kingdom of Heaven er 130 milljón dollara kvikmynd. Og eins og við er að búast slakar Scott ekkert á klónni, myndin er hlaðin stórfenglegum bardagaatriðum sem örugglega eiga eftir að vekja athygli. Scott gerir myndina eftir handriti William Monahans, sem hlýtur að vera einhver heitasti handritshöfundurinn í Hollywood í dag, þrátt fyrir að engin kvikmynd, sem hann hefur skrifað handrit að, hafi enn verið sýnd. Tvær aðrar stórmyndir eftir handriti Monahans eru í farvatninu, *The Departed*, leikstýrt af Martin Scorsese með Leonardo Di Caprio í aðalhlutverki, og *Jurassic Park IV*.

Járnsmiður og krossfari

Kingdom of Heaven gerist í Jerúsalem árið 1187, eftir aðra



Orlando Bloom leikur hetjuna Balian frá Ibelain.

krossferðin og rétt áður en sú þriðja hefst. Byggir myndin á sögulegum staðreyndum og atburðum. Frjálslega er þó farið með staðreyndir og sagan krydduð rómantík og hetjudáð. Scott segir mynd sína vera um persónur, ólíka menningarheima, landamæri og trú: „Það sem heillaði mig mest er riddarinn, sem svo sannarlega var kúreki síns tíma. Krossfarinn var trúaður, réttlátur upp að vissum marki og hugrakkur.“

Aðalhlutverkið leikur Orlando Bloom, sem eftir frammistöðu sína í Hringa-dróttinssögu kvikmyndunum þremur er orðin Hollywoodstjarna af stærri gerðinni. Leikur hann venjulegan mann, járnsmið, sem leitar ævintýranna í krossferðunum. Hann er aðkomumaður í undarlegu landi, þjónar dæmdum kóngi og verður ástfanginn af drottningu. Þar sem hann er hæfileikamikill bardagamaður er hann gerður að riddara. Hann er einn af riddur-



Með Balian á vit ævintýranna í Jerúsalem fer frændi hans Godfrey frá Ibelain (Liam Neeson). Þeir frændur eru hér í upphafi ferðalags síns.



unum sem verja Jerúsalem fyrir her sem virðist ósigrandi, jafnframt því sem hann reynir að finna frið með sjálfum sér.

Kingdom of Heaven skartar fleiri stjörnum. Meðleikarar Blooms eru Liam Neeson, Jeremy Irons, Brendan Gleeson, Edward Norton, Jon Finch og David Thewlis. Rómantikinn fær sinn skerf, og ung frönsk/sænsk leikona með enskt nafn, Eva Green, leikur drottninguna sem járnsmiðurinn elskar. Hún á aðeins tvær kvikmyndir að baki, báðar franskar. Scott sá hana í kvikmynd Bernardo Bertolucci, *The Dreamers* og hreifst af henni.

Hefur þegar valdið deilum

Kvikmyndir Ridley Scott eru yfirleitt umtalaðar og *Kingdom of Heaven* ætlar ekki að verða neinn eftirbátur í þeim efnum. Hefur hún þegar valdið deilum. New York Times fékk handritið í hendur fimm fræðimönnum sem voru hver sinnar trúar. Kapólikkinn var ánægður með handritið, en sá sem var múslimi sagði það vera svívirðu. Þá hefur rithöfundurinn James Reston jr. farið í mál við framleiðendur myndarinnar og segir að efnið sé stolið úr bók sem hann skrifaði fyrir þremur árum. Scott blæs á allar athugasemdir og segir að Reston hafi engan einkarétt á að skrifa um krossferðir og vafasamt sé að fara í mál þó einn kaflinn í bókinni heiti *Kingdom of Heaven* „Ég er kvikmyndagerðarmaður, ekki

sagnfræðingur. Ég reyni að segja sannleikann að einhverju leyti og þar sem Monahan er blaðamaður þá gerði hann sitt besta í halda staðreyndum réttum um krossferðir. Við vorum að sjálfsögðu ekki á staðnum og ekki getum við rætt við neinn sem var þar. Við reyndum því að vera sanngjarnir gagnvart sjónarmiðum kristinna og múslima og réðum þrjá múslima í stór hlutverk. Þeir voru sáttir við hlut músalima í myndinni.“

Þessa dagana er Ridley Scott að leikstýra einum hluta kvikmyndarinnar *All the Invisible Children*. Mynd þessi eru í sjö hlutum og fjalla þeir allir um börn í heimi fulloröðinna. Meðal annarra leikstjóra sem taka þátt í gerð myndarinnar má nefna Emir Kusturica, Spike Lee og John Woo. Þá er hann að undirbúa sína næstu kvikmynd, sem mun heita *A Good Year*. Í henni segir frá breskum bankamanni sem erfir vínokru í Kaliforníu. Þegar þangað kemur hittir hann fyrir konu sem segist eiga vínokruna. Ekki er enn búið að ráða í hlutverkin.

Kingdom of Heaven verður frumsýnd í Bandaríkjunum 6. maí. Tveimur dögum áður er áætlað að frumsýna hana hér á landi. [\[1\]](#)

Elisha Cutbert.



Næst er það Johnny Cash

Dáðir og látnir söngvara hafa verið vinsælt viðfangsefni í Hollywood síðustu misserin. Skemmst er að minnast sigurgöngu *Ray*, sem byggð er á ævi Ray Charles. Þá gerði Kevin Spacey lítið síðri kvikmynd um Bobby Darin, sem heitir *Beyond the Sea*, og leikur Spacey Darin ásamt því að leikstýra myndinni. Nú er komið að konungi kántrísöngvanna, Johnny Cash. Í nóvember næstkomandi verður frumsýnd, *Walk the Line*, sem byggð er á ævi Cash. Það er Joaquim Phoenix sem leikur

manninn í svörtu. Konu hans June Carter leikur Reese Witherspoon. Phoenix fór í læri hjá hinum þekktu tónlistarmanni T-Bone Burner í marga mánuði til að læra á gítar og syngja. *Walk the Line* fjallar ekki um alla ævi Cash, heldur er kvikmyndavélinni beint að fyrstu árum hans í tónlistinni, hvernig hann vann sig upp úr dópi og glæpum í að verða einn dádasti tónlistarmaður Bandaríkjanna. Leikstjóri er James Mangold, sem síðast gerði hina ágætu sakamála-mynd *Identity*. [\[1\]](#)



Joaquim Phoenix og Reese Witherspoon í hlutverkum hjónanna Johnny Cash og June Carter.

Hvað varð um dóttur Bauers?

Eins og allir hinir fjölmörgu aðdáendur spennu- og flokksins 24 hafa tekið eftir þá er dóttir Jack Bauers horfin úr nýjustu þáttaröðinni, en hún var í þremur fyrstu seríunum í stóru hlutverki. Elisha Cutbert, sem lék hana, þarf þó ekki að örvænta þar sem hún hefur öðlast miklar vinsældir út á 24 og stóð sig vel í *The Girl next Door*, sem var fyrsta kvikmyndin sem hún lék aðalhlutverkið í. Í maí hefst tókur á *The Itty Bitty Titty Committee*, sem hún mun leika aðalhlutverkið í. Þar leikur hún háskólastúlku sem finnur sitt hlutverk í lífinu eftir að hafa gengið í róttækan kvennaklúbb. Mótleikarar hennar eru Martin Donovan, Camilla Bell og Edie Falco. [\[1\]](#)

TEXTI: **SVAVA JÓNSDÓTTIR**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**



„Húsnæðið er opið og bjart og áhersla var lögð á að hleypa birtunni inn og opna fyrir stórkostlegt útsýni út á sundin og Esjuna.“

Hönnun:

OPIÐ HÚSNÆÐI OG BJART

Baldur Ó. Svavarsson, arkitekt hjá teiknistofunni Úti og inni, sá, ásamt Jóni Þór Þorvaldssyni, um hönnun húsnæðis við Skúlagötu sem tilheyrir tollstjóraembættinu í Reykjavík.

„Húsnæðið er opið og bjart,“ segir Baldur, „og áhersla var lögð á að hleypa birtunni inn og opna fyrir stórkostlegt útsýni út á sundin og Esjuna. Það hefur færst í vöxt að hafa rými opin. Það sparar pláss, samskipti starfsmanna verða meiri auk

þess sem þeir verða sýnilegri en ella. Í þessu húsnæði er bæði opið og lokað rými. Það er vegna þess að þarna er unnið með viðkvæm mál.“

Baldur vildi ekki að stofnanabragur einkenndi húsnæðið. Ljós viður einkennir það, innréttingar eru úr hlyni, og burstað stál skreytir rýmið, s.s. í húnum og höldum. Húsgögn eru frá ÁG húsgögnum og eru í sama stíl: „Ljós og létt.“

Aðspurður um hvað einkennir



hönnun hans segir Baldur:

„Ég er hallur undir þessa skandinavísku línu – að hlutir séu einfaldir, augljósir og einfaldir. Í efnisvali blanda ég saman heitu og köldu, þ.e.a.s. við og stáli. Litagleðin er í lágmarki. Ég nota liti frekar sem áhersluatriði til að undirstrika hönnunina.“



Æskumyndin

Æskumyndin er af Róberti Hlööverssyni, tæknistjóra hjá Frumherja.

Róbert skorar á vin sinn og frænda, Úlfar Antonsson, forstöðumann rekstrar-sviðs hjá Íslandsferðum, að láta birta af sér næstu æskumynd. Róbert segir að þeir hafi þekkt alla ævi, þeir séu góðir vinir og hafi verið saman í vínsmökkunarklúbbi sl. 15 ár.



Róbert Hlööversson, tæknistjóri hjá Frumherja.



Líkamsrækt:

ERFIÐARA AÐ KOMA MANNI ÚR JAFNVÆGI

Inga Lára Hauksdóttir, fjármála- og starfsmannastjóri Anza, stundar líkamsrækt í World Class þrisvar sinnum í viku. Tvisvar sinnum í viku mætir hún klukkan hálfátta og hún mætir í hádeginu einu sinni í viku.

„Ég hef stundað líkamsrækt með hléum í um tuttugu ár. Upphaflega byrjaði ég í líkamsrækt til að halda mér í formi og vegna úthalds og þreks. Ég finn mun á mér þegar ég er ekki að æfa. Ég afkasta meiru þegar ég er í æfingu, úthaldið er meira auk þess sem ég verð jákvæðari. Það verður allt miklu einfaldara. Það er erfiðara að koma manni úr jafnvægi. Þetta gefur mér jafnaðargeð. Það er ennþá mikilvægt að stunda líkamsrækt eftir því sem maður eldist.“



„Ég hef stundað líkamsrækt með hléum í um tuttugu ár.“

Inga Lára stundaði MBA-nám við Háskólann í Reykjavík og útskrifaðist í fyrravor. Þá sat líkamsræktin á hakanum en hún var þá í fullri vinnu og með

fjölskyldu. „Þá fór ég oft í um háltíma göngutúra eftir vinnu og áður en ég byrjaði að læra auk þess sem ég fór í göngutúra á morgnana um helgar.“

Frjáls verslun fyrir 25 árum

Það var slegið á léttu strengi í Frjálsri verslun fyrir aldarfjórðungi. Þá var að finna brandara – af hinum ýmsu gerðum – í tölubúðunum. Hér er einn góður:

Vinnubjarkurinn hafði unnið fyrir sama fyrirtækið í áratug. Aldrei komið of seint, aldrei verið fjarverandi, aldrei kvartað. En morgun einn kom hann inn á skrifstofuna plástraður, blár og bólginn, fötin rifin og tætt, handleggurinn í gípsi. „Hvers vegna kemur þú svona seint?“ spurði skrifstofustjórinn.

„Ég varð fyrir strætó, þegar ég var að fara héna yfir götuna og dróst með honum fjóra, fimm metra,“ stundi aumingjans starfsmaðurinn.



„Ætlaðu að segja mér,“ hélt skrifstofustjórinn áfram, „að þetta hafi tekið hálfan annan klukkutíma?“



Tom Dixon hannaði stólinn, S-Chair, sem er framleiddur hjá Cappellini.

Hönnun:

SKÚLPTÚR TIL AÐ TYLLA SÉR Á

Í versluninni Gegnum glerið er til mikið úrval af húsgögnum, ljósum og gjafavörum. Þar er gaman að kíkja á frábæra hönnun – hvort sem um er að ræða smáhluti eða húsgögn.

Tom Dixon, sem er sjálfmenntaður hönnuður, hannaði þennan stól, S-Chair, árið 1991 og er hann framleiddur hjá ítalska fyrirtækinu Cappellini. Í Gegnum glerið fengust þær upplýsingar að stólinn sé hægt að fá úr stráum, reyri, kálfskinni, leðri eða áklæði. Stóllinn er þægilegur, sessan er breið og góður stuðningur er við mjóbakkið. Stóllinn nýtur sín frá öllum sjónarhorum.

Þetta er í rauninni skúlptúr til að tylla sér á.

Stíll framkvæmdastjórans:

FATNAÐUR SKAPAR ÁKVEÐNA ÍMYND

„Vegna starfsins er fataval mitt oft frekar sígilt,“ segir Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss. „Ég geng þó ekki í gráum jakkafötum eins og karlamir heldur nýt þess að vera kona og geta valið úr miklu meira úrvali. Stundum vel ég viljandi sterka liti eins og rautt til að greina mig frá körlunum sem eru enn í miklum meirihluta í minni atvinnugrein.“

Sigríður segir að hún gangi mikið í jökkum en er gjarnan í bolum og blússum í sterkum litum eins og gulum og rauðum – eins og þegar hefur komið fram.

„Ég vel t.d. flottar stakar buxur og stígvél við jakkana. Fatnaður er hluti af ímynd og ég tel nauðsynlegt að vera í fötum sem hæfa starfi mínu sem framkvæmdastjóri Ax. Ég er andlit fyrirtækisins út á við og

með fatnaði og framkomu skapa ég ákveðna ímynd bæði af fyrirtækinu og mér sem stjórnanda þess.“

„Vegna starfsins er fataval mitt oft frekar sígilt.“



Uppáhaldsborgin:

KÓNGSINS KÖBEN

Kaupmannahöfn er uppáhaldsborg Svövu Liv Edgarsdóttur, framkvæmdastjóra Kornax. Hún nefnir að borgin sé gömul en að sama skapi sé þar margt nýtt og nútímalegt að finna. Í því sambandi nefnir hún að Danir séu framarlega í hönnun.

„Þegar ég er í Kaupmannahöfn fer ég alltaf í Nýhöfn og fæ mér smørrebrød og á Strikið sem mér finnst vera ein skemmtilegasta verslunargatan í þeim borgum sem ég hef komið til. Í Oxford Street í London er t.d. of mikil mengun og hávaði að mínu mati en það er rölegra andrúmsloft á Strikinum – enda umferð ekki leyfð.“

Þá er nauðsynlegt að koma við á slóðum Fjölmannanna á Hvids Vinstue, sem er í kjallara við Kongens Nytorv, og fá sér eina kollu. Ekki er verra að ná sæti undir myndinni af Jónasi Hallgrímssyni.

Það eru margir góðir veitingastaðir í Kaupmannahöfn. Um daginn borðaði ég á stað sem heitir Konrad og hef ég varla borðað betri mat. Um miðnætti



„Þegar ég er í Kaupmannahöfn fer ég alltaf í Nýhöfn og fæ mér smørrebrød.“

breytist staðurinn skyndilega í fjörugan næturklúbb.“

Þegar Svava er beðin um að lýsa Kaupmannahöfn í nokkrum orðum segir hún:

„Þar er hár standard á þjónustu og mat og viðmót Dana er gott, þeir eru opnir og skemmtilegir. Þarna ríkir svolítið frjálshæði.“



Helga Lára Hólm, framkvæmdastjóri Ísfugls, gefur góða uppskrift.

Sælkeri mánaðarins:

KJÚKLINGAKÁSSA VÉLFRÆÐINGSINS

Helga Lára Hólm, framkvæmdastjóri Ísfugls, gefur kjúklinga- uppskrift í þessu tölublaði. Maðurinn hennar bjó til þennan rétt fyrir nokkrum árum; hún segir að reyndar sé það hann sem eldi oftast.

Kjúklingakássa vélfræðingsins:

- 400 g kjúklingabringur án skinnis
- 1 pk. amerísk grýta (Toro)
- 1 lítil dós ananasbitar eða kurl
- 2 msk. jarðarberja eða rífsberjasulta
- 2-4 msk. AB mjólk
- ½ haus kínakál (meðalstór)
- 1 bollí smáar gulrætur
- Kjúklingakrydd (MacCormick)

Skerið bringurnar í strimla eða bita. Kryddið þær með kjúkl-

ingakryddinu og brúnið þær á pönnu. Setjið 7-8 dl af vatni í pott, setjið grýtuna út í og látið sjóða í 10 mínútur. Hrærið í af og til.

Saxið kínakálið, skerið gulræturnar í bita og setjið sultuna saman við. Látið malla – ásamt steiktum bringunum - í um 15 mínútur.

Að því loknu er AB mjólk og ananas ásamt safanum bætt út í og suðan látin koma upp.

Þá er rétturinn tilbúinn og hann er alltaf borðaður upp til agna.

Sem meðlæti er hægt að nota t.d. soðin hrísgrjón eða kartöflur.

Í staðinn fyrir bringurnar má nota afganga af elduðum kjúkling. Ef til eru afgangar af soðnum hrísgrjónum eða spaghettí er hægt að bæta því út í eftir smekk.

Vínahugi:

ÁHUGAVERÐ FRÆÐI

„Áhugi minn á léttvínnum fór að vakna fyrir alvöru fyrir u.þ.b. fimm árum,“ segir Hildur Petersen, stjórnarformaður ÁTVR. „Mér hafði alltaf fundist rauðvín og hvítvín góð og kunniskil á grundvallarþáttum eins og gamla og nýja heiminum. Þegar ég fór að kynna mér nánar einstök lönd, misjafnar þrúgur og framleiðendur þá gerði ég mér grein fyrir að þetta voru verulega áhugaverð fræði sem ég dýfði mér á kaf í.

Til þess að sinna svona ágætu áhugamáli er prent nauðsynlegt. Það er

að bragða á vínnum með skipulögðum hætti, hafa aðgang að góðum upplýsingum og góðu vöruúrvali.

Þegar ég bragða vín vil ég bera saman tvær til fjórar tegundir og einbeita mér að því. Stundum skrái ég niður. Svona athöfn er orðin viðtekin venja í mínum innsta vínahópi, auk þess sem ég er í vínklúbbi sem hittist á sex vikna fresti og tekur fyrir ákveðin svæði, þrúgur og lönd. Þá er ég áskrifandi að vef Winespectator þar sem hægt er að fá nákvæmar lýsingar á fjölmörgum vínnum.“



„Þegar ég bragða vín vil ég bera saman tvær til fjórar tegundir og einbeita mér að því.“

Svo mörg voru þau orð:

„Þegar ég var að byrja á þessu þótti þetta frekar skrytið. Og margir töldu að þær heilsuvörur, sem við vorum að bjóða upp á, væru eingöngu fyrir þá sem voru með meltingartruflanir eða eitthvað svoleiðs.“

Örn Svavarsson, stofnandi Heilsu og verlananna Heilsuhússins. Morgunblaðið 31. mars.

„Það er ekki á okkar sérsviði að eiga húsnæði og við viljum frekar nota þetta fé í það sem við kunnum best, að snúa lyfjapróun í verðmæti.“

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um sölu höfuðstöðva DECODE Genetics í Reykjavík. Morgunblaðið 7. apríl.

„Þeir sem einbeita sér að erlendum mörkuðum, þá sérstaklega í Bandaríkjunum, hafa nóg að gera, en þjást af smá dollaraverk.“

Gunnlaugur Sigmundsson, forstjóri Kögunar, um stöðuna í tölvufyrirtækjum hérlendis. Morgunblaðið 7. apríl.



Halldór Harðarson

markaðsstjóri Icelandair á Norðurlöndum

TEXTI: HRAFNHILDUR SMÁRADÓTTIR

MYND: ÓLAFUR RAFNAR ÓLAFSSON

Skrefin sex sem leggja grunn að markaðsplaninu: Þátttaka, greining, markmið, áætlanir, fjárhagsáætlun og eftirfylgni.

sem og árangur af starfi okkar í einskonar upplýsingabanka. Ég tel slík vinnubrögð vera mikilvæg því að við erum með takmarkað fjármagn og viljum því geta fylgst náið og markvisst með hvernig því er varið og að við séum að ná til réttu markhópanna. Yfirgripsmiklar skoðanakannanir og markaðsrannsóknir eru einnig lykilatriði til að geta

þekkt viðskiptavininn og markaðinn út og inn. Á þennan hátt tel ég okkur geta byggt upp grunn fyrir vinnu okkar í framtíðinni.“

Árangurinn af þessu starfi kveður Halldór vera ótvíræðan. „Það hefur t.d. verið 70% söluaukning á netinu á milli árunna 2003 og 2004 og í ár stefnir í enn frekari söluaukningu.“ Halldór tekur þó fram að hlutverk söluskrifstofa Icelandair samhliða

netsölunni sé mikilvægt þar sem annars konar viðskiptavinir beina sínum viðskiptum þangað. „Það felst mikil jafnvægislist í því að byggja upp netsölu á þess að það komi niður á öðrum söluaðilum,“ segir hann.

Halldór er Vesturbæingur og KR-ingur. Hann hefur starfað hjá Icelandair síðan árið 1997 er hann flutti til London og hóf störf hjá markaðs- og söluskrifstofu fyrirtækisins þar. Að þremur árum liðnum var hann svo fluttur til starfa í Kaupmannahöfn þar sem hann tók þátt í sameiningu söluskrifstofa Icelandair á Norðurlöndum og uppbyggingu markaðs- og internetdeildar sem nú hefur einnig yfirumsjón með internet-vefjum söluskrifstofa Icelandair í allri Evrópu. Halldór hefur því búið í Kaupmannahöfn sl. fimm ár og segir fjölskyldunni líða afar vel þar sem hún hefur komið sér fyrir í miðborginni. Hann segir starfið taka mikinn tíma en vera jafnframt meðal sinna helstu áhugamála.

„Það má eiginlega segja að vinnan sé lífstill því hún krefst mikilla ferðalaga og mikils tíma. Það liggur við að maður þrái öryggi hversdagsins sem aðrir kvarta undan með fiski og kartöflum á mánudagskvöldum,“ segir Halldór og hlær. Þegar tími gefst til á hann sér þó mörg önnur hugðarefni og þar eru samvistir með fjölskyldunni efst á lista auk góðrar tónlistar, eldamennsku og útivistar. Halldór hefur tekið þátt í hjólreiða- og hlaupamaraþoni og er þessa dagana að undirbúa sig fyrir maraþonkeppni í New York í nóvember. 📺

Halldór Harðarson, markaðsstjóri Icelandair á Norðurlöndum.

Halldór Harðarson vakti á dögnum athygli á Ímark-hátíðinni fyrir fyrirlestur sinn um áherslur í markaðsstarfi Icelandair á Norðurlöndum. „Inntakið í fyrirlestri mínum var hvernig við gerum markaðsplán og af hverju við gerum þau eins og raun ber vitni,“ segir Halldór. Hann kveðst í fyrirlestri sínum hafa lagt áherslu á láta ekki tilfinningu ráða ferðinni heldur þekkingu og sex skref í markaðsplaninu sem leggja grunn að því: Þátttöku, greiningu, markmið, áætlanir, fjárhagsáætlun og eftirfylgni.

„Eftirfylgnin er mikilvægust og felst m.a. í því að safna upplýsingum um niðurstöður

Nafn: Halldór Harðarson
Fæðingardagur: 28. ágúst 1973
Maki: Kristín Johansen
Foreldrar: Hörður Halldórsson og Þórgunnur Skúladóttir
Menntun: Stúdent frá MR og viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.
Börn: Nína, 15 mánaða
Áhugamál: Tónlist, íþróttir, eldamennska og útivera.

Sigurður Ómar Sigurðsson

hótelstjóri á Hótel Reykjavík Centrum

TEXTI: ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON

MYND: GEIR ÓLAFSSON

Nafn: Sigurður Ómar Sigurðsson.

Fæddur: Í Anderson, Indiana í Bandaríkjunum.

Maki: Kvæntur Ágústu Hreinsdóttur.

Börn: Sandra Ósk, Íris Ann, Marínó og Hlynur.

Nám: Stúdent frá MS. Masterspróf í tölvunarfræði frá Kaliforníu. MBA-nám í viðskiptafræði fyrir stjórnendur frá HÍ 2002



Sigurður Ómar Sigurðsson, hótelstjóri á Hótel Reykjavík Centrum.

Það hefur verið mjög ánægjulegt að vera þátttakandi í að gefa Aðalstræti 16 nýtt líf með þessu glæsilega nýja hóteli,“ segir Ómar Sigurðsson, hótelstjóri á Hótel Reykjavík Centrum sem opnað var 1. apríl síðastliðinn.

Þá er hann að vitna í orð Þorsteins Bergssonar hjá Minjavernd um að ekki hafi aðeins verið haft að leiðarljósi að bjarga húsinu, heldur að gefa því nýtt líf. „Gamla húsið, Aðalstræti 16, er hjartað í hótelinu en elsti hluti hússins var byggður árið 1764. Hótelið er í öllum þremur byggingunum og tengibyggingu og útlit hótelsins sótt til Reykjavíkur upp úr aldamótum 1900. Við byggingu hótelsins komu í ljós rústir skála frá landnámsöld og árið 2006 verður opnuð glæsileg sýningaraðstaða þar.“

Að sögn Ómars hafa verið mjög góðar viðtökur við húsinu. „Hótelið er alveg niðri í miðbæ, en samt í nokkuð hljóðlátu horni. Hingað koma örugglega margir vegna staðsetningarinnar og einnig vegna hlýleikans sem fylgir þessum gamla byggingarstíl, svo

ekki sé talað um þá glæsilegu aðstöðu sem hótelið hefur upp á að bjóða. Veitingastaðurinn Fjalakötturinn og kaffibarinn Uppsalar eru jafnt opnir fyrir gesti sem gangandi.“

Sigurður Ómar Sigurðsson er fæddur í Bandaríkjunum og ólst þar upp fyrstu fimm ár ævi sinnar. Þá flutti fjölskylda hans hingað til lands og bjó í Reykjavík. „Stuttu eftir stúdentspróf ákváðum við eiginkona mín að flytjast til Norður-Kaliforníu með dóttur okkar þar sem ég stundaði framhaldsnám í tölvunarfræðum. Eftir námið vann ég hjá IBM á Íslandi í nokkur ár, og fluttist svo aftur til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til Anaheim Hills í Suður-Kaliforníu, vegna vinnu minnar hjá Kögum við gerð íslensks loftvarnakerfis fyrir herinn á Keflavíkurlflugvelli. Börnin voru þá orðin fjögur. Okkur líkaði vel að búa í Kaliforníu, ferðudumst mikið og lentum þar í mörgum skemmtilegum ævintýrum. Þar má þó helst nefna að Marínó og Hlynur, tví-

„Hótelið er í öllum þremur byggingunum og tengibyggingu og útlit þess sótt til Reykjavíkur upp úr aldamótum 1900.“

burarnir okkar, voru valdir til að leika í kvikmynd frá kvikmyndaveri Steven Spielbergs um Fred Flintstone. Léku þeir „Bamm Bamm“, son Barneys, besta vinar Fred Flintstones.“

Ómar og fjölskylda fluttu aftur 1995 til Íslands og hann hélt áfram störfum hjá Kögum. „Haustið 2000 settist ég aftur á skólabekk, fór í MBA-nám í HÍ, viðskiptafræði fyrir stjórnendur, lauk því árið 2002 og starfaði áfram hjá Kögum allt til síðustu áramóta.“

Ómar og Ágústa hafa verið með rekstur í gegnum árum. „Síðan árið 2001 höfum við rekið verslunina ISIS í Smáralind og frá 2004 líka í Kringlunni.“

Ómar hefur mjög gaman af allri útivist, á breyttan jeppa sem er mikið notaður í fjallaferðir árið um kring. „Ég hef einnig gaman af gönguferðum, allri veiði, bæði stanga- og skotveiði, og nánast allri útivist ef því er að skipta,“ segir Ómar. 📄

„Góð ímynd er oftast sett í samhengi við traust, sem er undirstaða þess að fólk byggi upp samband við ákveðið fyrirtæki.“

Halla Guðrún Mixa rekur uppruna sinn til Austurríkis og Íslands. Þjó fjögur fyrstu ár ævinnar í Kanada, næstu þrjú árin á Íslandi, síðan í Austurríki til 18 ára aldurs og fór þaðan í nám í hönnun í Ástralíu þaðan sem hún útskrifaðist með BA-gráðu. Halla Guðrún flutti aftur til Íslands 1995, vann nokkur ár í sínu fagi, m.a. hjá auglýsingastofunni Góðu fólk McCann, og stofnaði eigin auglýsingastofu árið 2001.

Halla Guðrún Mixa.

Halla Guðrún Mixa

hjá Mixa hönnun og auglýsingum

Ekki er ýkja langt síðan forráðamenn fyrirtækja fóru að huga kerfisbundið að ímynd fyrirtækja og vörumerkja. Halla Guðrún Mixa, framkvæmdastjóri Mixa hönnunar og auglýsinga, gengur svo langt að segja að ef ekki er tekið á ímynd af alvöru, sé stór hluti markaðssetningar látinn ráðast af tilviljunum.

Fyrirtækið Mixa hönnun og auglýsingar var stofnað árið 2001. Mixa býður sérhæfða ráðgjöf um ímynd, bæði fyrirtækja- og vörumerkjaímynd ásamt „Company profile“ greiningu. „Við erum eina stofan á Íslandi sem hefur þetta sem aðalmarkmið. Greiningin er ýmist skrifuð á íslensku eða ensku, því sum fyrirtækin sem við vinnum fyrir eru alþjóðleg,“ segir Halla Guðrún.

„Vinnan við Company profile greiningu felst í því að greina fyrirtæki á markaði þannig að útkoman nýtist þeim á hagnýtan og markvissan hátt í markaðsstarfi.“ Áður fannst Höllu Guðrúnu að mikið bæri á að


hlutirnir væru gerðir á síðustu stundu. „Nú reyna forráðamenn fyrirtækja að gera áætlanir lengra fram í tímann og hugsunin er heildstæðari.“

„Hönnun umbúða og auglýsinga á ekki aðeins að snúast um hvort varan líti vel út, heldur að hún „tali“ við kaupendur. Ímynd snýst mikið um tilfinningalega tengingu, fólk fer að treysta vörunni, byggir upp tryggð við hana. Auk þess er mikilvægt að varan standi undir þeim væntingum sem gerðar eru til hennar. Við reynum að byggja upp fyrir fyrirtækin, hvort sem um er að ræða fyrirtækjaímynd („Corporate Identity“) eða vörumerkjaímynd („Branding“). Auglýsingar þurfa að vera markvissar og í tengslum við heildarímynd fyrirtækisins. Kannanir sýna að góð ímynd er oftast sett í samhengi við traust, sem er undirstaða þess að fólk byggi upp samband við ákveðið fyrirtæki. Ímynd ein og sér mun ekki auka viðskiptavild, en þegar hún er í samhengi við aðra þætti, svo

TEXTI: ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON
MYND: GEIR ÓLAFSSON

sem góða þjónustu og góða vöru, eykur hún viðskiptavildina.“

„Íslensk fyrirtæki mættu vera óhræddari við að vera öðruvísi, skera sig úr, því það er rík tilhneiging að miða eigið útlit við útlit keppinautanna. Ekki má heldur gleyma mikilvægi þess að virkja starfsfólk fyrirtækisins. Það er tilgangslaust að marka sér stefnu ef starfsfólkið fylgir henni ekki eftir. Við tökum oft fólk á námskeið ef óskað er eftir því.“

Halla Guðrún hefur ekki mikinn tíma til að sinna áhugamálum en hefur þó ákaflega gaman af ferðalögum. „Segja má að aðal áhugamál mitt séu ferðalög því það er svo áhugavert að kynnast öðrum menningarhópum, fólk með ólíkar skoðanir og lífsviðhorf. Hef meðal annars komið til Indónesíu, Tælands, Fíji eyja, Nýja Sjálands, Singapur og fór til Míritíus um síðustu jól. Þar eru átta menningarhópar af mörgum trúarbrögðum og þar lifa allir í sátt og samlyndi,“ segir Halla Guðrún. 



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.
Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja ífa á heilsusamlegan hátt.



Skyr



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

BOSS
HUGO BOSS

BOSS BÜBEN | **MENN KRINGLUNNI**
100 4202